

# Ágripabók

Rannsóknir í félagsvísindum XX. Ágrip erinda flutt á  
ráðstefnu 1. nóvember 2019

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 975-9935-424-26-6

|   |           |
|---|-----------|
| <b>AFBROT OG LÖGGÆSLA 1 .....</b>   | <b>14</b> |
| TILKYNNINGAR TIL LÖGREGLU: EINKENNI POLENDNA SEM TILKYNNNA EKKI BROTT TIL LÖGREGLU .....                                  | 14        |
| VÍÐHORF ÍSLENSKRA LÖGREGLUNEMA TIL SKOTVOPNABURÐAR LÖGREGLUMANNA .....  | 15        |
| MANNDRÁP Á NORDURLÖNDUNUM: SAMANBURÐUR Á MILLI LANDA.....   | 16        |
| OFBELDI Í SAMFÉLAGINU OG AFLEIÐINGAR ÞESS. HVAÐ ÞARF TIL AÐ UPPRÆTA OFBELDI GEGN BÖRNUM? .....                            | 17        |
| <b>AFBROT OG LÖGGÆSLA 2 .....</b>   | <b>18</b> |
| ER NEYSLA ÍSLENDINGA Á KANNABIS AÐ AUKAST OG AFSTAÐA ÞEIRRA Í FÍKNIEFNAMÁLUM AÐ BREYTTAST? .....                          | 18        |
| HATURSTJÁNING Í ÍSLENSKU SAMHENGI .....   | 19        |
| EMOTIONAL LABOUR IN POLICE WORK: ARE POLICE OFFICERS WHO LIVE AND WORK IN THE RURAL AND REMOTE AREAS EVER OFF-DUTY? ..... | 20        |
| AÐGengi fyrir alla - Breyttar áherslur í þjónustu lögreglu við polendur kynferðisbrota.....                               | 21        |
| <b>Á Jaðrinum í Sögum og Arkífum .....</b>  | <b>22</b> |
| GLÍMT VIÐ MANN OG BJÖRN: BIRTINGARMYNDIR JAÐARSETTRA MENNINGARHÓPA Í TVEIMUR FRÁSÖGNUM .....                              | 22        |
| „...HAFNA ÞÆR ÞÓ ALLA STUND FÓSTRAD Á SKAUTI SÉR SAGNAFRÆÐI VORA OG ÞJÓÐSÖGUR.“ .....                                     | 23        |
| „NOKKUÐ SKAPPUNG, EN TRÚ OG DYGG“ BIRTINGARMYND KVENNA Í ÍSLENSKUM ÞJÓÐSÖGUM .....  | 24        |
| ÞJÓÐTRÚARLEG MÖRKUN ANNARSKONAR LÍKAMA .....  | 25        |
| <b>ÁHRIF ÞJÓNUSTU OG ÞÁTTTÖKU Á LÍF FATLAÐS FÓLKS.....</b>  | <b>26</b> |
| SJÓNARHÓLL – RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ: VÍÐHORF FORELDRA OG FAGAÐILA TIL ÞJÓNUSTUNNAR.....   | 26        |
| REYNSLA NOTENDA AF ENDURHÆFINGARÞJÓNUSTU .....  | 27        |
| ÁHRIF ÞJÓNUSTU, STJÓRNSÝSLUKERFA OG STEFNUMÓTUNAR Á MÖGULEIKA FÓLKS MEÐ HREYFIHAMLANIR TIL AÐ KOMAST Á MILLI STAÐA .....  | 28        |

|  |           |
|--|-----------|
| SÉRFRÆÐINGAR Í EIGIN MÁLUM: RÉTTUR FATLAÐS FÓLKS TIL VIRKRAR<br>ÞÁTTTÖKU Í STEFNUMÓTUN OG LAGASETNINGU .....   | 29        |
| ATVINNUÞÁTTAKA FÓLKS MEÐ ÞROSKAHÖMLUN Á ÍSLANDI .....  | 30        |
| <b>ÁHRIFAPÆTTIR Á HREYFINGU OG MATARÆÐI BARNNA .....</b>   | <b>31</b> |
| CMC-LÍKANIÐ UM NEYSLU BARNNA Á MÁLTÍÐUM .....  | 31        |
| VIÐHORF OG UPPLIFUN AF SKÓLAÍÞRÓTTUM .....   | 32        |
| MEÐ HVAÐA HÆTTI GETUR HEGÐUN ÞJÁLFARA DREGIÐ ÚR BROTTFALLI<br>HANDKNATTLEIKSIÐKENDA? .....   | 33        |
| <b>BUSINESS AND SUSTAINABILITY .....</b>   | <b>34</b> |
| ARE ORGANISATIONS EMBRACING AND IMPLEMENTING THE UN SUSTAINABLE<br>DEVELOPMENT GOALS? .....  | 34        |
| MESSAGING SUSTAINABILITY TO KEY STAKEHOLDERS: A CASE STUDY ON ENERGY<br>COMPANIES IN ICELAND.....  | 35        |
| THE REASONS WHY ENERGY COMPANIES WANT TO BE RESPONSIBLE BUSINESS<br>PLAYERS. A STUDY OF CORPORATE SOCIAL RESPONSIBILITY IN THE ENERGY<br>SECTOR..... | 36        |
| TOURISM AND CORPORATE ENVIRONMENTAL MANAGEMENT IN ICELAND:<br>INDUSTRY PERSPECTIVES ON DRIVERS AND BARRIERS .....                                    | 37        |
| <b>BYGGÐAFESTA OG BÚFERLAFLUTNINGAR .....</b>  | <b>38</b> |
| SAMI, GAMLI ÞORPARINN. UM ÞORP OG BORG Í ÍSLENSKUM KVÍKMYNDUM Í<br>LJÓSI BYGGÐAÞRÓUNAR .....   | 38        |
| BYGGÐAFESTA INNFLYTJENDA Í SMÁUM ÞÉTTBÝLISSTÖÐUM Á ÍSLANDI .....   | 39        |
| MENNTUN OG BYGGÐAFESTA .....   | 40        |
| BÚSETUSAGA OG BÚSETUFYRIRÆTLANIR ÞORPSBÚA .....  | 41        |
| BYGGÐAFESTA UNGRA KVENNA – ÁHRIFAVALD SLÚÐURS .....  | 42        |
| <b>BÖRN SEM BÚA VIÐ FÁTÆKT OG ERFIÐAR AÐSTÆÐUR .....</b>   | <b>43</b> |
| BÖRN Í ÁBYRGÐARHLUTVERKI .....   | 43        |
| REYNSLA ÍSLENSKRA BARNNA AF ÞVÍ AÐ ALAST UPP VIÐ FÁTÆKT .....  | 44        |
| SEIGLA: „MAÐUR VILDI ALLTAF SÝNA AÐ MAÐUR VÆRI BARA HRESS OG<br>HARÐUR“ .....  | 45        |

|   |           |
|---|-----------|
| SKORTUR OG FÉLAGSLEG ÁHRIF: UPPLIFANIR BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA AF FÁTÆKT.....   | 46        |
| <b>COMMUNITY BASED INITIATIVES AND RURAL DEVELOPMENT.....</b>   | <b>47</b> |
| A CONCEPTUAL MODEL OF COMMUNITY-BASED INITIATIVES AND RURAL DEVELOPMENT: TWO CASE STUDIES OF ENGAGEMENT AND EMPOWERMENT IN ICELAND AND GUATEMALA..... | 47        |
| NEOLOCALISM, REVITALIZATION, AND RURAL TOURISM DEVELOPMENT IN HÚNAÞING VESTRA.....  | 48        |
| <b>EINELTI .....</b>  | <b>49</b> |
| HÖFÐ AÐ HÁÐI OG SPOTTI SÖGUR AF MÁLHALTA FÓLKINU JÓNI OG SOLVEIGU .....   | 49        |
| HÆDD OG SPOTTUÐ? SAGAN Á BAK VIÐ SÖGURNAR .....   | 50        |
| ANDLEGT OFBELDI Í SAMANBURÐI VIÐ ANNAÐ OFBELDI .....  | 51        |
| MISKI VEGNA AFLEIÐINGA EINELTIS.....  | 52        |
| <b>ELDA FÓLK – HEILSULÆSI, SAMBÚÐARRÉTTUR OG SJÁLFRÆÐI.....</b>   | <b>53</b> |
| HEILSULÆSI ELÐRA FÓLKS Á NORÐURLANDI SEM BÝR HEIMA: FYRSTU NIÐURSTÖÐUR.....   | 53        |
| ÁFRAMHALDANDI SAMVERA: UNDIRBÚNINGUR HJÓNA FYRIR EFRI ÁRIN .....  | 54        |
| SJÁLFRÆÐI - AÐ HAFI, GETA OG VILJA .....  | 55        |
| <b>FEMINÍSKAR FÖTLUNARRANNSÓKNIR.....</b>   | <b>56</b> |
| ÁHRIF ÖRÁREITNI Á KYNJASÁLFSMYND (E. SEXUAL IDENTITY) OG TJÁNINGU KYNVERUNDAR .....   | 56        |
| GLEÐISPILLAR OG VANDRÆÐAGEMLINGAR: HRIF, MÓÐURHLUTVERKIÐ OG FÖTLUN.....   | 57        |
| TÍÐNI OFBELDIS GEGN FÖTLUÐUM KONUM: NÝ ÍSLENSK RANNSÓKN .....   | 58        |
| <b>FJÖLMIÐLAR: SIÐAREGLUR, TRAUST OG TILTRÚ .....</b>   | <b>59</b> |
| ALÞJÓÐLEGAR SIÐAREGLUR: NÝJAR ÁHERSLUR Í FAGMENNSKU .....   | 59        |
| VIÐMIÐ ÚRSKURÐA UM GÓÐ OG VINNUBRÖGÐ BLAÐA- OG FRÉTTAMANNA...   | 60        |
| TRAUST Á ÍSLENSKUM FRÉTTAMÍÐLUM .....   | 61        |

|   |           |
|---|-----------|
| <b>FRAMKVÆMD EIGNARNÁMS</b> .....   | <b>62</b> |
| FRAMKVÆMD EIGNARNÁMS - MÁLSTOFAN OG HLUTVERK MATSNEFNDAR<br>EIGNARNÁMSBÓTA .....  | 62        |
| FRAMKVÆMD EIGNARNÁMS - LAGAUMHVERFI .....   | 63        |
| ER EIGNARNÁM SKILVIRKT RÉTTARÚRRÆÐI FYRIR EIGNARNEMA? .....   | 64        |
| EIGNARNÁMSFRAMKVÆMD FRÁ SJÓNARHÓLI EIGNARNÁMSPOLA .....   | 65        |
| FRAMKVÆMD EIGNARNÁMS: ER BREYTINGA ÞÖRF? .....  | 66        |
| <b>FÆÐINGARORLOF, FJÖLSKYLDULÍF OG STARFSFRAMI</b> .....  | <b>67</b> |
| FORELDRAR, FÆÐINGARORLOF OG STAÐA Á VINNUMARKAÐI .....  | 67        |
| FÆÐINGARORLOF OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR: KYNJAÓJAFNRÉTTI Á ÍSLENSKUM<br>VINNUMARKAÐI .....   | 68        |
| FÆÐINGARORLOF Í PRENTMIÐLUM ÁRIN 2000 TIL 2017 .....  | 69        |
| „ÞAÐ ER AUÐVITAÐ BARA, ÞAÐ ER BARDAGI“. UM SAMRÆMINGU FJÖLSKYLDU<br>OG ATVINNU Á MEÐAL DOKTORSMENNTAÐRA .....                             | 70        |
| ÁHRIF KYNS, ALDURS OG FJÖLSKYLDUGERÐAR Á STARFSFERILSPRÓUN<br>DOKTORSMENNTAÐRA Á ÍSLANDI .....  | 71        |
| <b>HEIMSINS HNOSS: SÖFN EFNISMENNINGAR</b> .....  | <b>72</b> |
| NÁTTÚRU-/VIRKI MENNINGARARFUR, SÖFNUN OG EFNISMENNING BARNNA Í<br>MÝVATNSHRAUNI .....   | 72        |
| VALD FAGURFRÆÐINNAR? SÖFNUN MATTHÍASAR ÞÓRÐARSONAR 1908-1947<br>.....   | 73        |
| HIÐ BREYTileGA SAMBAND MANNA OG HLUTA. EFNISMENNING FORTÍÐAR OG<br>VARÐVEISLA SAMTÍMANS .....   | 74        |
| <b>HREYFANLEIKI OG ÞVERÞJÓÐLEIKI Á ÍSLANDI</b> .....  | <b>75</b> |
| THE TRANSITION FROM AN EMIGRATION TO AN IMMIGRATION COUNTRY. THE<br>CASE OF ICELAND 1960–2018 .....                                       | 75        |
| „VEGNA ÞESS AÐ VIÐ ERUM FREKAR DUGLEG MED ÍSLENSKUNA, ÞÁ BARA GET<br>ÉG EKKI KVARTAÐ NEITT“: INNFLYTJENDAFJÖLSKYLDUR OG FÖTLUÐ BÖRN ..... | 76        |
| TRÚ Á FLAKKI – ÓLÍK VIÐHORF SÆKJA ÍSLENSKA MÚSLÍMA HEIM .....   | 77        |
| FLAKK OG FRAMHALDSLÍF: LUNDAR OG HVÍTABIRNIR Á MANNÖLD .....  | 78        |

|  |           |
|--|-----------|
| TRANSNATIONALISM AND GRASSROOTS MOVEMENTS: POLISH MIGRANTS' PROTESTS IN ICELAND .....  | 79        |
| <b>HÖRMUNG OG HAMINGJA: HVERSDAGSLÍF OG HUGMYNDAHEIMUR Í PERSÓNULEGUM HEIMILDUM FRÁ 19. ÖLD</b> .....  | <b>80</b> |
| „EKKERT AÐ FRJETTA NEMA BÁGINDI” -ÞJÓÐSAGNASAFNARAR SEGJA HUG SINN Í BRÉFUM TIL JÓNS ÁRNASONAR.....  | 80        |
| TILHUGALÍF Í TEXTUM .....  | 81        |
| BIRTINGARMYNDIR FÁTÆKTAR Í DAGBÓK FRÁ 19. ÖLD: „HAFA BÖRNIN OFT GRÁTÍÐ AF SULTI OG KULDA” .....  | 82        |
| „ANNARS VORUM VIÐ FORELDRAR ÞESS SÁRSAKNAÐA ÁSTVINAR SINNULITLIR“: SORGIN Í SKRIFUM BÆNDAFÓLKS Á STRÖNDUM Á 19. ÖLD .....                            | 83        |
| <b>ÍSLENSK DÆGURTÓNLIST: VAXANDI RANNSÓKNARVETTVANGUR</b>  | <b>84</b> |
| „ER ÞETTA EKKI BARA EINHVER SÝNIÞÖRF Í MANNI? HA?“:  |           |
| DÆGURTÓNLISTARFÓLK Á ÍSLANDI.....  | 84        |
| ÍSLENSK TÓNLIST Í TÖLUM: HVÆÐ VITUM VIÐ? .....   | 85        |
| UMFJÖLLUN UM ÍSLENSKA TÓNLIST Í BRESKUM FJÖLMÍÐLUM OG ÁHRIF BJARKAR .....  | 86        |
| FROM “DO IT YOURSELF” TO “DO IT TOGETHER”: THE NEW-SCHOOL UNDERGROUND MUSIC SCENE IN REYKJAVÍK .....   | 87        |
| ÞJÓÐARSJÁLFSMYNDIR OG TOGSTREITAN UM „HIÐ ÍSLENSKA“ Í DÆGURTÓNLIST .....   | 88        |
| <b>ÍÞRÓTTIR OG SAMFÉLAG</b> .....  | <b>89</b> |
| ANALYZING TEAM SPIRIT THROUGH PLAYERS' USE OF SYMBOLIC GESTURES: A CASE STUDY OF ARGENTINA VERSUS ICELAND AT THE MEN'S 2018 FOOTBALL WORLD CUP ..... | 89        |
| THE SOCIAL AND PSYCHOLOGICAL UNERPINNINGS OF IRANIAN WRESTLERS ..  | 90        |
| ÚT VIL EK .....  | 91        |
| <b>KYNBUNDIÐ OFBELDI - ÞRÓUN RÉTTARINS, UPPLIFUN BROTAÞOLA OG KARLMENNSKUHUGMYNDIR</b> .....   | <b>92</b> |

|   |            |
|---|------------|
| SAKLAUS UNS SEKT ER SÖNNUÐ - UM SÖNNUN Í NAUÐGUNARMÁLUM.....  | 92         |
| MYNDRÆNT KYNFERÐISOFBELDI – ALÞJÓÐLEGAR SKULDBINDINGAR OG ÍSLENSKUR RÉTTUR .....  | 93         |
| KYNBUNDIÐ OFBELDI Í NÁNUM SAMBÖNDUM .....   | 94         |
| „ÉG SKIL EKKI ALVEG AF HVERJU ENGINN TÓK EFTIR ÞVÍ AÐ ÞARNA VÆRI OFBELDI Í GANGI“. HVER ER UPPLIFUN ÍSLENSKRA KVENNA OG KVENNA AF ERLENDUM UPPRUNA SEM FARA ÚR OFBELDISSAMBÖNDUM? ..... | 95         |
| UNGIR MENN, KARLMENNSKUHUGMYNDIR OG SAMÞYKKI Í KYNLÍFI.....   | 96         |
| <b>KYNIN, VINNAN, ÁSTIN.....</b>  | <b>97</b>  |
| ÞEGAR HREYFANLEIKI OG KYRRSTAÐA TOGAST Á: KYN, HNEIGÐIR OG ÁSTIR ...  | 97         |
| HVERS KONAR JAFNRÉTTI? - FÆRNINÁLGUNIN OG JAFNRÉTTI Á VINNUSTAÐNUM ÍCELANDAIR .....   | 98         |
| THE TIDE IS TURNING? GENDER STEREOTYPES AND MOTHERHOOD-PENALTY IN THE WORLD'S MOST GENDER EQUAL COUNTRY .....   | 99         |
| „ÞETTA ER BÚIÐ AÐ VERA ÞÚSUND SINNUM ERFIÐARI RÓÐUR HELDUR EN MIG ÓRÆÐI FYRIR“ .....  | 100        |
| „ÞAÐ VAR ALLTAF BARA ÆTT INN, ÞAÐ VAR EKKERT: ER ÉG AÐ TRUFLA?“ ....  | 101        |
| <b>LEIÐIR ÞEKINGARSTJÓRNUN TIL AUKINNAR VERÐMÆTASKÖPUNAR? .....</b>   | <b>102</b> |
| ÁHRIF ÞEKINGARSTJÓRNUNAR Á FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í SJÁVARÚTVEGI ..  | 102        |
| ÞEKINGARSTJÓRNUN FYRIR FYRIRTÆKI MEÐ EINKALEYFISHÆFA ÞEKINGU ..   | 103        |
| ÚTVISTUN Í LITUM OG MEÐALSTÓRUM ÞEKINGARFYRIRTÆKJUM .....   | 104        |
| HLUTVERK KERFISBUNDINNAR SKRÁNINGAR UPPLÝSINGA Í VERÐMÆTASKÖPUN Í ÍSLENSKUM SJÁVARÚTVEGI.....   | 105        |
| <b>LÍFSGÆÐI OG ÞÁTTTAKA FATLAÐRA BARNNA OG UNGLINGA: LIFE-DCY .....</b>   | <b>106</b> |
| CRITIQUING ‘THINKING AS USUAL’ ABOUT DISABILITY AND NORMAL DEVELOPMENT IN CHILDHOOD DISABILITY RESEARCH .....   | 106        |
| AÐ VERÐA FULLORÐIN: RADDIR OG REYNSLA UNGS FATLAÐS FÓLKS. „BESTU MÓMENTIN ERU ÞEGAR ÉG FÆ TÆKIFÆRI TIL AÐ VERA BARA ÉG“ .....   | 107        |

|  |            |
|--|------------|
| INNBYRÐING, ANDÓF OG VALD: SAMSTAÐA OG MIKILVÆGI HENNAÐ Í FÖTLUNARAKTÍVISMA.....   | 108        |
| HVERNIG TRYGGJUM VIÐ AÐ RADDIR BARNA SÉU Í BRENNIDEPLI? REYNSLA OG ÁSKORANIR Í RANNSÓKNUM MEÐ FÖTLUÐUM BÖRNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA..... | 109        |
| <b>LOFTSLAG, MENNING, VALD. PÓLITÍSKUR BAKGRUNNUR</b>  |            |
| <b>UMHVERFISORÐRÆÐU.....</b>   | <b>110</b> |
| ÓBYGGÐIRNAR KALLA: LOFTSLAGSORÐRÆÐA Í RÍKI PÚTÍNS .....  | 110        |
| BLÓÐRAUÐ SÓL: LOFTSLAGSVANDI KÍNA.....   | 111        |
| KJARNORKA (?): UM LOFTSLAGSORÐRÆÐUNA Í JAPAN .....   | 112        |
| DAUÐANS ALVARA: LOFTLAGSMÁL OG NÁTTÚRUVERNÐ Í RÓMÖNSKU AMERÍKU .....   | 113        |
| <b>LÝÐFRÆÐI ÍSLANDS .....</b>  | <b>114</b> |
| FERTILITY DEVELOPMENTS AND FAMILY DYNAMICS IN ICELAND AT THE TURN OF THE 21ST CENTURY .....  | 114        |
| FRAMTÍÐ ÍSLENSKRAR LÝÐFRÆÐI .....  | 115        |
| <b>LÝÐRÆÐISLEG ALMENNINGSÞÁTTTAKA: HÖNNUN, VALDEFLING, ÁHRIF .....</b>   | <b>116</b> |
| RÖKRÆÐUKÖNNUN OG LÝÐVISTUN (DELIBERATIVE POLLING AND CROWDSOURCING) .....  | 116        |
| VIÐHORF ALMENNINGS OG TILLAGA STJÓRNLAGARÁÐS (PUBLIC OPINION AND THE CONSTITUTIONAL COUNCIL'S PROPOSAL) .....                            | 117        |
| LÝÐRÆÐISLEGT SAMRÁÐ: ÞÁTTTAKA ALMENNINGS, AÐKOMA HÓPA (PUBLIC CONSULTATION: PARTICIPATION AND INCLUSION) .....                           | 118        |
| HEILDARENDURSKOÐUN Í ÁFÖNGUM (A COMPLETE REVISION IN STAGES) ..  | 119        |
| SKIPULEGAR RÖKRÆÐUR Í HÓPUM: LÖGMÆTI OG VIRKNI (MINI-PUBLIC DELIBERATION: LEGITIMACY AND FUNCTION) .....                                 | 120        |
| <b>MARKAÐSFRÆÐI OG ÞJÓNUSTUSTJÓRNUN .....</b>  | <b>121</b> |
| ÞJÓNUSTUHNEIÐ?.....  | 121        |
| ERLENDAR KVIKMYNDAHÁTÍÐIR: ÞÁTTTAKA ÍSLENSKRA FRAMLEIÐENDA .....   | 122        |



|   |            |
|---|------------|
| STAÐSETNING VIÐBURÐA OG VÆNTINGAR ÓLÍKRA MARKHÓPA .....   | 123        |
| GÆÐI, ÍMYND, ÁRANGUR.....   | 124        |
| PRÓUN Á ÍMYND ÁFANGASTAÐA .....   | 125        |
| <b>MÁLSTOFA UM FERÐAMÁL .....</b>   | <b>126</b> |
| MARKAÐSSETNING ÁFANGASTAÐA: MIKILVÆGI SAMPÆTTINGAR  |            |
| MARKAÐSSKILABOÐA .....  | 126        |
| MENNING, SAGA OG FERÐAMENN .....  | 127        |
| UPPLIFUN HEIMAMANNA AF FERÐAMENNSKU Á EINSTÖKUM SVÆÐUM .....  | 128        |
| <b>NÝJAR ÁSKORANIR Í SJÁVARÚTVEGI .....</b>   | <b>129</b> |
| NÝSKÖPUN OG FÆÐUÖRYGGI. NÝJAR ÁSKORANIR Í SJÁVARÚTVEGI .....  | 129        |
| GREINING Á UMFANGI ENDURVIGTARSVIKA .....   | 130        |
| FRAMLEIÐNI Í FISKVEIÐUM EFTIR SKIPAFLOKKUM .....  | 131        |
| HVERJIR FÁ AUÐLINDARENTUNA Í ÍSLENSKUM SJÁVARÚTVEGI? .....  | 132        |
| <b>NÝSKÖPUN OG VIÐSKIPTAÞRÓUN.....</b>  | <b>133</b> |
| ÞRÓUN ÞEKINGARTENGLA MILLI HÁSKÓLA OG ATVINNULÍFS. LÆKNISFRÆÐILEG VERKFRÆÐI VIÐ CHALMERS TÆKNIHÁSKÓLANN Í GAUTABORG 1948-2018 | 133        |
| ÖRYGGISNET? STAÐSETNING OG TENGLANET ÁHÆTTUFJÁRFESTA SEM FJÁRFESTA Í UMDEILANLEGUM SPROTAFYRIRTÆKJUM .....                    | 134        |
| HVERNIG ERU AGILE AÐFERÐIR NÝTTAR Á ÍSLANDI?.....   | 135        |
| OPINBER NÝSKÖPUN - HVERNIG GETA STJÓRNVÖLD STUÐLAÐ AÐ FREKARI NÝSKÖPUN HJÁ OPINBERUM VINNUSTÖÐUM?.....                        | 136        |
| <b>ORÐABANKAR OG AÐRIR BANKAR .....</b>   | <b>137</b> |
| FJÁRMÁLAORÐ Á FLEYGIFERÐ .....  | 137        |
| GREININGARDEILD ÍÐORÐABANKANS .....   | 138        |
| LEITIN AÐ FJÁRMÁLAORÐUM .....   | 139        |
| <b>RÉTTURINN TIL AÐ EIGA EKKI BÖRN: UM MÓÐURHLUTVERKIÐ OG ÞUNGUNARROF .....</b>   | <b>140</b> |
| MÆÐUR OG MANNESKJUR FRÁ FYRSTU FRUMUSKIPTINGU:  |            |
| FJÖLMÍÐLAUMFJÖLLUN UM ÞUNGUNARROF Í BRETLANDI OG Á ÍSLANDI .....  | 140        |

|   |            |
|---|------------|
| „ÖLL VIÐKVÆMNI ÓÞÖRF“ - UM SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTT KVENNA TIL<br>ÞUNGUNARROFS .....  | 141        |
| KVENLEIKANUM ÖGRAÐ: AÐ HAFNA MÓÐURHLUTVERKINU EÐA AÐ SJÁ EFTIR<br>ÞVÍ AÐ HAFNA ORÐIÐ MÓÐIR .....  | 142        |
| „EKKI VERA AÐ HRÓFLA VIÐ ÞESSUM LÖGUM“ .....  | 143        |
| UM BARÁTTUNA FYRIR NÝJUM ÞUNGUNARROFSLÖGUM .....  | 143        |
| ÞUNGUNARROF OG HIÐ STÖÐUGA BAKSLAG .....  | 144        |
| <b>ROMANI STUDIES IN ICELAND .....</b>  | <b>145</b> |
| THE GYPSY SHANTYTOWN AT THE DOORSTEP: URBAN (IN) FORMALITIES IN THE<br>ROMAN PERIPHERIES .....  | 145        |
| SÍGAUNASÖGUR Á ÍSLANDI .....  | 146        |
| HOW SPECIFIC IS ROMANI MIGRATION TO ICELAND: REFLECTIONS ON<br>PRELIMINARY RESEARCH .....   | 147        |
| SOCIOLOGY OF RELIGION AND MILIEU ANALYSIS. THE VENERATION OF THE<br>FOLK SAINT LA SANTA MUERTE (SAINT DEATH/HOLY DEATH) IN THE USA AND<br>MEXICO IN TRANSNATIONAL PERSPECTIVE ..... | 148        |
| <b>SAMFÉLÖG ÁN AÐGREININGAR? AÐLÖGUN INNFLYTJENDA Á<br/>ÍSLANDI .....</b>   | <b>149</b> |
| VIÐHORF ÍSLENDINGA TIL INNFLYTJENDA OG FJÓLMENNINGAR .....  | 149        |
| KVENNAVINNA: ERLENDAR FAGKONUR Í LÁGLAUNASTÖRFUM .....  | 150        |
| PÓLÍTÍSK ÞÁTTTAKA INNFLYTJENDA Á ÍSLANDI .....  | 151        |
| TENGLS VIÐ ÍSLAND: STAFRÆN TENGLS INNFLYTJENDA OG ÞÁTTTAKA Þeirra í<br>NÆRSAMFÉLAGINU .....   | 152        |
| STUÐNINGUR VINA Á UNGLINGSÁRUM EFTIR ÞJÓÐERNISUPPRUNA .....   | 153        |
| <b>SEND Í SVEIT: ÞETTA VAR Í ÞJÓÐARSÁLINNI .....</b>  | <b>154</b> |
| SINN ER SIÐUR Í LANDI HVERJU .....  | 154        |
| HVAÐ SEGJA BÆNDUR ÞÁ? .....   | 155        |
| BÆNDUR, BÝLI OG BÖRN .....  | 156        |
| SEND Í SVEIT - SÆLAN OG SKUGGAHLIÐARNAR .....   | 157        |
| SJÁLFBODALIÐAR Í SVEIT. UM ERLEND UNGMENNI SEM VINNA KAUPLAUST Á<br>SVEITAHEIMILUM .....  | 158        |

|   |            |
|---|------------|
| <b>SKILVIRKNI MARKAÐA Á ÍSLANDI .....</b>   | <b>159</b> |
| SAMKEPPNI Á SMÁSÖLUMARKAÐI MEÐ LYF Á ÍSLANDI.....   | 159        |
| ÚTFLUTNINGUR HRÁEFNA: HAGRÆN ÁHRIF .....  | 160        |
| EIGA MARKAÐSLAUSNIR ERINDI Á ORKUMARKAÐ? .....  | 161        |
| ER SKYNSAMLEGT AÐ TAKMARKA LÁNSTÍMA FASTEIGNALÁNA? .....  | 162        |
| <b>SKÖPUN Á STARFSFERLI Í HEFTANDI UMHVERFI.....</b>  | <b>163</b> |
| „EINNOTA SAMFÉLAG, VIÐJUM VIÐ ÞAÐ? FÓLK ER AÐEINS FARIÐ AÐ ÞÆLA, GERA VIÐ OG BÚA HLUTINA TIL SJÁLFT“ .....  | 163        |
| ALIN UPP ERLENDIS – ROFIN NÁMS- OG STARFSFERILSSAGA .....   | 164        |
| ÁRANGUR VINNUMARKAÐSAÐGERÐA Í KJÖLFAR EFNAHAGSHRUNS .....   | 165        |
| <b>STEFNA OG SAMKEPPNISHÆFNI .....</b>  | <b>166</b> |
| STEFNA Í REYND Í ÍSLENSKU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI .....   | 166        |
| UMBYLTING Á STEFNU SKIPULAGSHEILDAR .....   | 167        |
| KVIKMYNDIR, MANNAUÐUR OG SAMKEPPNISHÆFNI .....  | 168        |
| SAMFÉLAGSÁBYRGÐ OG SAMKEPPNISHÆFNI .....  | 169        |
| <b>STÉTT, MENNTUN OG MÓTMÆLI .....</b>  | <b>170</b> |
| FÉLAGSLEGT RÉTTLÆTI Í TÓNLISTARNÁMI Á ÍSLANDI.....  | 170        |
| THE INTERSECTION OF CLASS, RACE, GENDER AND ABILITY: ANALYSIS OF SOCIAL NETWORKS AND POWER RELATIONS IN DIVERSE CLASSROOM SETTINGS IN REYKJAVÍK ..... | 171        |
| MÓTUN MILLISTÉTTARSJÁLFSINS Í MENNTASKÓLANUM: AÐ ÞRÓA SJÁLFSMYND FRÁ UPPRUNAVETTvangi DREIFBÝLIS OG/EDA LÆGRI STÉTTA .....                            | 172        |
| STÉTT OG FJÖLDAMÓTMÆLI .....  | 173        |
| <b>STJÓRNUN, VINNUMHVERFIÐ OG VINNUTENGD LÍÐAN I.....</b>   | <b>174</b> |
| RANNSÓKN Á STARFSÁNÆGJU LYFJAFRÆÐINGA Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI SAMANBURÐUR ÞRIGGJA STARFSVETTvangA.....   | 174        |
| HOW TO ASSESS THE IMPACT OF SOCIAL SUPPORT ON WORK-RELATED WELLBEING? A CASE STUDY OF LINE MANAGERS .....   | 175        |
| IMPACT OF COMMUNITY, CENTRAL MANAGEMENT AND LEADERSHIP SKILLS ON JOB SATISFACTION AND SUCCESS .....   | 176        |

|   |            |
|---|------------|
| „ÉG ER ALLAVEGANA GÓÐ FYRIRMYND“ UPPLIFUN KVENNA Í TOPP<br>STJÓRNUNARSTÖÐUM AF AÐ KOMA JAFNVÆGI Á KREFJANDI STÖRF OG<br>HEIMILISLÍF ..... | 177        |
| VINNUÁLAG Í TENGLUM VIÐ VAKTAVINNU OG VINNUTÍMA Á ÍSLENSKUM<br>VINNUMARKAÐI .....   | 178        |
| <b>STJÓRNUN, VINNUMHVERFIÐ OG VINNUTENGD LÍÐAN II.....</b>  | <b>179</b> |
| OFBELDI OG HÓTANIR Á VINNUSTAÐ .....  | 179        |
| VINNUTENGD HEILSA 13-19 ÁRA ÍSLENSKRA UNGMENNA: MUNUR EFTIR KYNI?<br>.....  | 180        |
| VIÐHORF ATVINNUREKENDA TIL STARFSFÓLKS MEÐ SKERTA STARFSGETU ....   | 181        |
| STARFSENDURHÆFING INNFLYTJENDA: ÖGRANIR, ÁRANGUR OG AÐGENGI...  | 182        |
| VINNUSTREITA OG KULNUN MEÐAL ÍSLENSKRA FÉLAGSRÁÐGJAFNA .....  | 183        |
| <b>STUÐLAGIL - ÁFANGASTAÐUR Í MÓTUN .....</b>   | <b>184</b> |
| NÝSKÖPUNARVERKEFNIÐ UM STUÐLAGIL: TÆKIFÆRI FYRIR NEMENDUR TIL<br>STARFSÞRÓUNAR Í RANNSÓKNUM.....  | 184        |
| STUÐLAGIL: TENGL STAFRÆNS VERULEIKA OG NÁTTÚRULEGS EFNISHEIMS .   | 185        |
| STUÐLAGIL: UPPLIFUN FERÐAMANNA AF ÁFANGASTAÐ Á FYRSTU STIGUM<br>UPPBYGGINGAR .....  | 186        |
| STUÐLAGIL: VIÐHORF OG VÆNTINGAR HEIMAMANNA VIÐ BREYTTU LANDSLAGI<br>EFRA-JÖKULDALS .....  | 187        |
| ÁFANGASTAÐIR Í KRAFTI FERÐAMANNA? .....   | 188        |
| <b>STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ NÁMSÖRÐUGLEIKA.....</b>  | <b>189</b> |
| REYNSLA KENNARA AF ÞVÍ AÐ STYÐJA VIÐ NEMENDUR MEÐ NÁMSÖRÐUGLEIKA<br>.....   | 189        |
| UPPLIFUN NEMENDA AF STUÐNINGI KENNARA .....   | 190        |
| „ÞAÐ MÆTTI VERA MEIRI SAMFELLA“: REYNSLA STARFSFÓLKS Í<br>SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTU .....  | 191        |
| <b>UNGMENNI, NÁM OG TÓMSTUNDIR.....</b>   | <b>192</b> |
| HVAÐ ER ÞAÐ SEM „AÐRIR“ EKKI SJÁ Í STARFI FÉLAGSMIÐSTÖÐVA? .....  | 192        |
| NEYSLA, NÝTING OG NÝSKÖPUN .....  | 193        |

|   |            |
|---|------------|
| MACOS FYRIRBÆRIÐ – MANNFRÆÐI SEM MEGINVIÐFANGSEFNI Í MENNTUN<br>.....   | 194        |
| <b>VERKEFNASTJÓRNUN .....</b>   | <b>195</b> |
| „SNÝST FYRST OG FREMST UM MANNLEG SAMSKIPTI“ VERKEFNASTJÓRINN SEM<br>LEIÐTOGI OG MIKILVÆGI LEIÐTOGAEINKENNA VERKEFNASTJÓRA..... | 195        |
| VERKEFNASTJÓRINN SEM LEIÐTOGI: MIKILVÆGI LEIÐTOGAEINKENNA<br>VERKEFNASTJÓRA.....  | 196        |
| STRAUMLÍNUSTJÓRNUN FYRIR SKAPANDI FYRIRTÆKI? .....  | 197        |
| <b>VERND UPPLJÓSTRARA .....</b>   | <b>198</b> |
| ERU LEYNDARMÁL SEM SEGJA MÁ FRÁ? – VERND UPPLJÓSTRARA Í ÍSLENSKUM<br>RÉTTI.....   | 198        |
| AF STEINUM OG SLEGGJUM OG GLERHÚSUM – FÁEIN ORÐ UM UPPLJÓSTRARA<br>FRÁ SJÓNARHÓLI REFSIRÉTTAR OG SAKAMÁLARÉTTARFARS.....        | 199        |
| FRUMVARP NEFNDAR UM UMBÆTUR Á LÖGGJÖF Á SVIÐI TJÁNINGAR-,<br>FJÖLMIDLA- OG UPPLÝSINGAFRELSIS.....                               | 200        |
| VERND UPPLJÓSTRARA OG ATVINNULÍFIÐ.....   | 201        |
| <b>VIÐSKIPTAFRÆÐI - ENDURSKOÐENDUR, SAMKEPPNISHÆFNI OG<br/>FJÁRMÁLALÆSI .....</b>   | <b>202</b> |
| SKÝJALOUSNIR OG GERFIGREIND – VIÐSKIPTAFRÆÐILEG SKILGREINING TIL<br>GREININGAR Á SAMKEPPNISHÆFNI.....                           | 202        |
| VIÐHORF ENDURSKOÐENDA TIL ENDURSKOÐUNARNEFNDAR.....   | 203        |
| GENDER DIFFERENCE IN FINANCIAL LITERACY .....   | 204        |
| <b>VINNUMARKAÐSMÁL TENGD FERÐAÞJÓNUSTU .....</b>  | <b>205</b> |
| STARFSÁNÆGJA OG HVATNING .....  | 205        |
| „GOTT FYRSTA STARF“: ERLENDIR STARFSMENN Á ÍSLENSKUM HÓTELUM ...  | 206        |
| FRÁ MADRID TIL MÁNÁRBAKKA: UPPBYGGING FERÐAÞJÓNUSTU Í DREIFÐUM<br>BYGGÐUM – ÁSKORANIR VARÐANDI VINNUAFL.....                    | 207        |
| <b>VIRÐI ÓÁÞREIFANLEGRA GÆÐA .....</b>  | <b>208</b> |
| SKUGGAVIRÐI ÓHÓFLEGRAR ÁFENGISNEYSLU .....  | 208        |

|   |            |
|---|------------|
| THE SHADOW PRICE OF INADEQUATE SLEEP.....   | 209        |
| MAT Á VIRÐI HLUTFALLSLEGRAR EFNAHAGSLEGRAR STÖÐU.....   | 210        |
| VIRÐI ÞESS AÐ VERA Í KJÖRÞYNGD OG SAMSPIL ÞESS VIÐ ÞYNGD MAKNA .....  | 211        |
| AÐ META VELFERÐ TIL FJÁR: SÍÐFRÆÐILEG GREINING Á TEKJUUPPBÓTARADFERÐ<br>.....                                   | 212        |
| <b>ÞJÓÐMENNING OG MENNINGARARFUR .....</b>  | <b>213</b> |
| SKÖPUN ÍSLENSKRAR ÞJÓÐARÍMYNDAR: KARLMENNSKA EÐA KERLINGABÆKUR?<br>.....  | 213        |
| „VANDRÆÐALAUSN“ EÐA „VEL HEPPNAÐUR GJÖRNINGUR“: VIÐHORF<br>BORGARBÚA TIL HÚSAFLUTNINGA Á MIÐBORGARSVÆÐINU ..... | 214        |
| RÖDD FÓLKSINS: DANSKA HETJUKVÆÐASTRÍÐIÐ (1847-1848).....  | 215        |
| KIRKJAN Á ÍSLANDI OG TENGL HENNA VIÐ VERALDLEG YFIRVÖLD FRÁ<br>ÞJÓÐVELDI TIL VORRA DAGA .....                   | 216        |
| <b>VEGGSPJÖLD .....</b>   | <b>217</b> |
| VINNUÞÍMI OG VAKTAVINNA Í HÓPUM STARFSMANNA Á ÍSLENSKUM<br>VINNUMARKAÐI.....                                    | 217        |
| ÉR ÞÖRF Á AÐ ENDURSKOÐA LÖGGJÖF SEM MÓTAR SAMSKIPTI AÐILA<br>VINNUMARKAÐARINS? .....                            | 218        |
| HEALTH BEHAVIOURS AND ACADEMIC ENGAGEMENT AMONG ADOLESCENTS<br>STARTING HIGH SCHOOL .....                       | 219        |
| JOB STRAIN, GENDER AND WELLBEING AT WORK: A CASE STUDY OF PUBLIC<br>SECTOR LINE MANAGERS.....                   | 220        |
| THE BUENOS AIRES PUNK SCENE: TOWARDS AN INTERSECTIONAL UTOPIANISM<br>.....                                      | 221        |
| <b>HÖFUNDALISTI .....</b>   | <b>222</b> |
| HÖFUNDALISTI .....  | 222        |

## **Tilkynningar til lögreglu: Einkenni þolenda sem tilkynna ekki brot til lögreglu**

Aðeins hluti af fórnarlömbum afbrota tilkynnir brotin til lögreglu sem leiðir til þess að töluvert vanmat er í opinberum gögnum um fjölda afbrota í samfélaginu. Í niðurstöðum erlendra rannsókna kemur fram að bakgrunnur fólks og tegund brotsins hafi áhrif á hvort það er tilkynnt til lögreglu. Fyrir vikið verður til skekkja í opinberum gögnum þannig að þar birtast hlutfallslega mörg auðgunarbrot í samanburði við hlutfall ofbeldisbrota, þá sérstaklega kynferðisbrota. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að rannsaka og auka fjölda tilkynninga til lögreglu því þá aukist líkur á að gerendum sé refsað og þolendur fái þá frekar viðeigandi aðstoð. Í erindinu verður greint frá rannsókn á tilkynningum til lögreglu á Íslandi. Rannsóknin byggir á þolendakönnun lögreglunnar sem er nafnlaus könnun lögð fyrir tilviljunarúrtak Íslendinga árlega. Í rannsókninni er kannað hvaða hópar tilkynna síst afbrot til lögreglu og hvaða brotaflokkar eru síst tilkynntir. Jafnframt verða tilgátur um tengsl viðhorfa til lögreglu og hvort fólk tilkynni brot prófaðar, en slíkt hefur ekki verið gert áður í rannsóknum á Íslandi. Niðurstöður benda meðal annars til að lægra hlutfall þolenda kynferðisbrota tilkynnir brotið til lögreglu en þolendur allra annarra brotaflokka, hlutfallslega flestir sem verða fyrir innbrotum tilkynna. Fólk sem ber traust til lögreglu er aðeins líklegra til að tilkynna brot, en það á þó ekki við um alla brotaflokka.

Margrét Valdimarsdóttir

## **Viðhorf íslenskra lögreglumanna til skotvopnaburðar lögreglumanna**

Þrætur um mögulegan skotvopnaburð almennra lögreglumanna skjóta reglulega upp kollinum á Íslandi. Almennir lögreglumenn hafa aldrei verið vopnaðir við skyldustörf hérlendis en fyrir utan vopnaða sérsveit ríkislögreglustjóra eru læstir skotvopnakassar í hluta lögreglubifreiða sem grípa má til með leyfi yfirmanns. Kannanir sýna jafnframt að meirihluti íslenskra lögreglumanna vill ekki vera vopnaður skotvopnum við almenn skyldustörf. Hins vegar er minna vitað um viðhorf íslenskra lögreglumanna í þessum efnum. Rannsókn þessi greinir viðhorf íslenskra lögreglumanna til almenns skotvopnaburðar lögreglumanna á grundvelli spurningalistakönnunar sem lögð var fyrir nýnema í diplómanámi fyrir verðandi lögreglumenn við Háskólann á Akureyri (N=95). Gögnum var safnað haustið 2019 í tengslum við samevrópska rannsóknarverkefnið „RECPOL – Recruitment, Education, and Careers in the Police“, sem Ísland hefur tekið þátt í frá árinu 2011. Svarhlutfallið í könnuninni var 70,4%. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að einungis 18% lögreglumanna eru hlynntir almennum skotvopnaburði, sem er næstum helmingi lægra hlutfall en í sambærilegri rannsókn meðal norskra lögreglumanna. Karlkyns nemar eru hlynntari almennum skotvopnaburði en konur. Ennfremur dregur fyrri háskóla-menntun úr stuðningi við skotvopnaburð. Breytingar á félagslegum bakgrunni lögreglumanna samfara færslu lögreglunáms á háskólastig hérlendis munu líkast til móta viðhorf lögreglumanna til almenns skotvopnaburðar lögreglu. Ennfremur má gera því skóna að stefna lögreglunnar hvað varðar skotvopnaburð almennra lögreglumanna hafi áhrif á hvers konar nemendur skrá sig í lögreglunám.

Guðmundur Æ. Oddsson



## **Manndráp á Norðurlöndunum: Samanburður á milli landa**

Manndráp og ofbeldi sem leiðir til dauða eru skilgreind með mjög líkum hætti í vestrænum ríkjum og hefur sá brotaflokkur þótt henta vel til samanburðar á milli landa. Í byrjun síðasta árs var samnorrænu verkefni hleypt af stokkunum sem hafði það að markmiði að útbúa sambærilegan gagnagrunn um eðli manndrápa á öllum Norðurlöndunum. Í verkefninu var meðal annars unnið að gerð kóðunarleiðbeininga sem munu nýtast til þess að kóða manndráp með það að leiðarljósi að geta borið saman ólík einkenni manndrápa í tíma og rúmi. Í fyrirlestrinum verða birtar fyrstu niðurstöður úr þessu verkefni. Áhersla verður lögð á nútímagögn á öllum Norðurlöndunum. Meginmarkmiðið er að safna saman upplýsingum um hvað er líkt og hvað er ólíkt meðal Norðurlandanna og varpa ljósi á það hvar tíðni manndrápa er hæst og lægst. Niðurstöðurnar sýna að tíðni manndrápa er hæst í Finnlandi og lægst á Íslandi. Í flestum tilfellum eru karlmenn bæði gerendur og brotapolar og algengast er að hnífi sé beitt. Athygli vekur að áfengi kom mjög oft við sögu í málum á Íslandi og í Finnlandi en síður í Noregi og Danmörku.

Jónas Orri Jónasson

Guðbjörg S. Bergsdóttir

## **Ofbeldi í samfélaginu og afleiðingar þess. Hvað þarf til að uppræta ofbeldi gegn börnum?**

Umræða um ofbeldi og afleiðingar þess er mun opnari nú en áður. Átak gegn kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi hér á landi hefur breytt viðhorfi almennings í garð þessara brotaflokka. Enn virðist ríkja nokkur þöggun varðandi ofbeldi gegn börnum. Upplýsingar eru heldur ekki eins aðgengilegar ef börn eiga í hlut, einkum ef enginn fullorðinn þolandi er inni í myndinni og upp-alendur sjálfir eru gerendurnir. Ofbeldi og vanræksla gegn börnum er líklega mun algengari en áður hefur verið talið ef marka má orðræðuna, meðal annars í fjölmiðlum, samfélagsmiðlum og endurminningabókum auk þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið. Fjölmargar erlendar rannsóknir eins og til dæmis ACE study, hafa sýnt fram á sterk tengsl æskuáfalla við geðraskanir og líkamlega sjúkdóma auk slakra lífsgæða. Í MA rannsókn í félagsfræði 2017: „Þegar eitthvað svona brotnar inni í manni“ var skoðuð upplifun og afleiðingar ofbeldis og vanrækslu í æsku á heilsu og lífsgæði. Rannsóknin er eigindleg og var gagna aflað með viðtölum við 12 einstaklinga á breiðu aldursbili. Niðurstöður sýndu að afleiðingar voru margvíslegar en áþekkar hver sem birtingarmynd ofbeldisins var. Þær helstu voru andlegar áskoranir, ýmsir krónískir líkamlegir sjúkdómar, fíknivandi, sjálfs-vígstilraunir og fleira. Flestir viðmælenda sögðu að erfitt hefði verið að fá áheyrn og aðstoð og má segja að þar liggi ein helsta áskorunin.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir

Ingólfur V. Gíslason

## **Er neysla Íslendinga á kannabis að aukast og afstaða þeirra í fíkniefnamálum að breytast?**

Neysla fíkniefna hefur löngum valdið töluverðum áhyggjum á Íslandi. Stefna stjórnvalda hér á landi hefur lengi fylgt fordæmi margra vestrænna þjóða þar sem bæði varsla og meðferð tiltekinna fíkniefna varðar við refsilög. Á síðustu áratugum hefur afstaða Íslendinga til afbrota og notkun þeirra á kannabisefnum verið mæld nokkuð reglulega. Fram hefur komið að meirihlutinn er hlynntur ríkjandi stefnu sem m.a. felur í sér að varsla á kannabisefnum til eigin nota eigi að vera refsiverð. Jafnframt hefur komið fram að sífellt fleiri segjast hafa notað kannabisefni oftari en einu sinni á lífsleiðinni. Í mars og apríl 2019 var afstaða Íslendinga mæld að nýju. Tekið var tæplega tvö þúsund manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna. Svarhlutfall var innan við 50 prósent og voru gögnin vigtuð til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði. Helstu niðurstöður eru að um þriðjungur svarenda vildi afnema refsingar á vörslu kannabis, þar af mun fleiri karlar en konur og ríflega helmingur allra undir 30 ára. Ljóst er að ríkjandi stefna að meðferð kannabisefna eigi að vera refsiverð er studd af meirihluta landsmanna. Stefnan er þó heldur á undanhaldi einkum meðal ungs fólks.

Helgi Gunnlaugsson

Jónas Orri Jónasson

## Haturstjáning í íslensku samhengi

Í febrúar s.l. lagði Sigríður Á. Andersen, þáverandi dómsmálaráðherra, fram lagabreytingartillögu um að þrengja 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þessi tillaga er ein nokkurra lagabreytingartillagna sem nefnd forsætisráðherra um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis leggur til svo hægt sé að styrkja tjáningarfrelsi hér á landi. Fyrrgreind nefnd telur að ekki sé nóg að hæðast að, rógbera, smána eða ógna manni eða hópi manna vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, til að tjáningin verði flokkuð sem hatursorðræða. Nefndin telur að einnig þurfi að vera hægt að sýna fram á að tjáningin sé til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatur, ofbeldi eða mismunun. Í þessum fyrirlestri verður fjallað um haturstjáningu út frá yfirstandandi rannsókn á hatursglæpum og haturstjáningu í íslensku samfélagi. Fjallað verður um frumniðurstöður rannsóknarinnar, sér í lagi helstu birtingamyndir haturstjáningar héraðs og í hvaða rými slík tjáning er sett fram. Að lokum verður því velt upp hvort nauðsynlegt sé að þrengja ákvæði fyrrnefndar lagagreinar um hatursorðræðu í íslenskum lögum og hvaða afleiðingar slíkt getur haft í för með sér.

Eyrún Eyþórsdóttir

## **Emotional Labour in Police Work: Are police officers who live and work in the rural and remote areas ever off-duty?**

This paper examines some of the early findings from an ongoing, qualitative study of the experiences of police officers who are living and working in rural and remote areas of Iceland. Semi-structured interviews were conducted with twenty police officers contributing to a comparative study of their work in urban and rural districts across Iceland. Globally, the experiences and perceptions of police officers who work in rural and remote areas is gaining traction amongst social researchers. Early analysis of our interview data suggests that police officers who live and work in small communities, feel the need to hide or mask their emotions and feelings, both at work and also whilst off duty. Unlike many of their urban-based colleagues who can 'blend' back into the community after duty. The masking of emotions by those engaged in emergency response is not without physical and mental cost, and this will be discussed further. The study of such 'emotional labour' within policing is a relatively new field and this current study seeks to add pertinent research to the growing body of knowledge.

Andy Paul Hill

## **Aðgengi fyrir alla - Breyttar áherslur í þjónustu lögreglu við þolendur kynferðisbrota**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur á síðustu misserum unnið staðfastlega að því að bæta þjónustu við brotapolu, þá sérstaklega gagnvart þeim sem eru í viðkvæmri stöðu vegna heimilis- og kynferðisofbeldis. Við upphaf ársins 2017 samþykktu íslensk stjórnvöld að efla réttarvörslukerfið í heild sinni, þar með talið störf og þjónustu lögreglunnar við þolendur kynferðisbrota. Í framhaldinu var farið í vinnu við að rýna og greina helstu þarfir þolenda. Hér verður fjallað um þær áherslubreytingar sem orðið hafa hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu þar sem stofnunin hefur verið að þróast frá því að vera valdastofnun yfir í það að skilgreina sig sem þjónustustofnun þar sem áhersla er lögð á þolendamiðaða þjónustu (e. victim oriented police). Í því felst ákveðin áherslubreyting þar sem horft er í auknum mæli til þarfa þolenda og leitast við að koma til móts við þær. Fjallað verður um birtingarform þessara áherslubreytinga sem m.a. koma fram með stofnun Bjarkarhlíðar, breytinga á upplýsingagjöf til þolenda og áherslum á að tryggja þolendum betra aðgengi að réttarvörslukerfinu. Fjallað verður um breytingar sem hafa átt sér stað og þær breytingar sem eru fyrirhugaðar. Ekki er um að ræða mat á þessum verkefnum eða viðhorfum þolenda til þeirra heldur leitast við að ramma inn breytingar sem hafa átt sér stað og tengja þær fræðilegum rannsóknum á hlutverki lögreglu og breytingum þar á.

Rannveig Þórisdóttir

Anna Lilja Karelsdóttir

## **Glímt við mann og björn: Birtingarmyndir jaðarsettra menningarhópa í tveimur frásögnum**

Lestur og túlkun sagna getur verið góð leið til að öðlast dýpri skilning á hugmyndir samfélaga um það hvað sé eðlilegt og hvað sé óeðlilegt, enda er eitt hlutverk sagna oft það að staðfesta ríkjandi samfélagsviðhorf. Í þessu rannsóknarverkefni voru tvær sögur frá ólíkum tímabilum teknar til gagnrýnnar túlkunar í því skyni að draga fram hugmyndir um jaðarsetningu sem finna má í þeim. Til grundvallar lágu Íslendingasagan Finnboga saga ramma og 19. aldar þjóðsagan um Magnús sterka. Sögurnar innihalda svipaðar frásagnir um íslenska hetju sem keppir á móti bæði bjarndýri og „blámanni“. Í báðum sögum birtast maðurinn og björninn í hlutverki furðuvera og hetjan notar sömu aðferð til að aflífa þá báða. Í rannsókninni voru þættar saman frásagnargreiningaraðferðir í þjóðfræði og miðaldabókmenntum til að öðlast dýpri skilning á sögunum og merkingu þeirra. Við greiningu var einnig höfð hliðsjón af kenningum í félagsvísindum um sjálfsmynd, skynjun og framandleika. Í erindinu verður fjallað um sögurnar í menningarsögulegu samhengi og greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Sjónum verður einkum beint að þróun hugmynda um „framandi“ hópa í tímans rás og verður tekið tillit til sambærilegra þjóðfræðilegra og bókmenntafræðilegra heimilda. Að lokum verður varpað fram þeirri spurningu hvað „blámenirnir“ í þessum tveimur sögum geti sagt okkur um sjálfsmynd Íslendinga fyrr á öldum auk hugmynda þeirra um hvað felist í því að vera mennskur.

Aðalheiður Alice Eyvör Pálsdóttir

Kristinn Schram

**„...hafa þær þó alla stund fóstorað á skauti sér  
sagnafræði vora og þjóðsögur.“**

Í erindinu verður fjallað um það hvaða möguleika mismunandi þjóðfræðisöfn, sem geyma sagnir gamla torfbæjarsamfélagsins, gefa til rannsókna á sagnamenningu kvenna. Gagnasöfnin sem hér liggja til grundvallar eru annarsvegjar prentuð þjóðsagna-söfn frá ca. 1860-1960 og hinsvegjar segulbandsupptökur Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og fleiri þjóðfræðisafnara frá seinna skeiði 20. aldar. Þó að þessum heimildum sé safnað á mismunandi tíma og söfnun þeirra byggja að mörgu leyti á ólíkri hugmyndafræði, aðferðum og tækni kemur í ljós við greiningu á þeim að mun færri konur eru á meðal þekktanlegra heimildar-manna. Þrátt fyrir þessar karllægu áherslur bjóða gögnin upp á mikla möguleika fyrir endurbyggingu á mörgum þáttum sagnamenningar kvenna í fortíðinni. Í þessu samhengi skiptir ekki síst máli að áherslan á að hljóðrita efni gamals fólks eftir miðja 20. öldina gerir það að verkum að heimildasöfnin tvö skarast í tíma. Í hljóðritunum er því að finna þætti sagna-menningar sem prentuðu heimildirnar eru þöglar um, ekki síst þegar unnið er með konur og sagnir þeirra. Gildi þjóðfræði-safnanna fyrir þjóðfræðirannsóknir samtímans felst þó ekki aðeins í möguleikum á endurbyggingu á sagnamenningu kvenna og annarra hópa sem fyrri rannsóknir og framsetning á hefðinni voru þöglar um. Þau gefa einnig kost á rannsóknum á ýmsum þáttum sagnamenningar sem erfitt gæti reynst að takast á við með sjálfsöfnuðu efni í samtímasamfélaginu.

Júlíana Þóra Magnúsdóttir



## **„Nokkuð skappung, en trú og dygg“ Birtingarmynd kvenna í íslenskum þjóðsögum**

Þjóðsagnir geta sagt okkur margt um samfélagin sem þær tilheyra, þær endurspeglar á vissan hátt þann hugmyndaheim og jarðveg sem fóstaraði þær. Í þeim má fræðast um viðhorf fólks, greina ádeilu á yfirvöld, og í þeim birtast gjörólíkar hugmyndir eins og samkennd með minnimáttar og fordómar, hræðsla og stolt. Sagnirnar segja hvað er æskileg og óæskileg hegðun og þeim er oft beinlínis ætlað að hafa mótandi áhrif á hugmyndaheim fólks og halda jaðarhópum niðri. Því er rík ástæða til að rannsaka og endurskoða sagnaarfinn út frá nýjum og gagnrýnum hugmyndum, skoða gamalt efni frá nýjum sjónarhornum.

Í erindinu verður fjallað um birtingarmynd kvenna í íslenskum sögnum og unnið með þjóðsagnasöfn frá 19. og 20. öld. Þær sögur eru flestar sagðar, skrifaðar og safnað af körlum. Þær endurspeglar því ekki endilega hugmyndirnar sem konur höfðu sjálfar um hlutverk sitt og líf, heldur frekar þann ramma sem samfélagið setti þeim. Fjallað verður um boðskapinn sem sagnirnar innihalda varðandi hlutverk og hegðun kvenna út frá þjóðfræðilegu og kynjafræðilegu sjónarhorni og félagslega taumhaldið sem beinist að konum. Eins verður skoðað hvort hugmyndirnar sem sagnirnar endurspeglar séu hugsanlega enn til staðar í íslensku samfélagi.

Dagrún Ósk Jónsdóttir

## **Þjóðtrúarleg mörkun annarskonar líkama**

Í erindinu mun ég leggja fram valin dæmi úr doktors rannsókninni sem varpa ljósi á þjóðtrúarlega mörkun fólks með annarskonar líkama. Í rannsókninni styðst ég við tvö gagnasöfn þjóðfræðiefnis, annarsvegar heildarsafn Jóns Árnasonar, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri og hins vegar spurningalista þjóðháttaafns Þjóðminjasafnsins númer 10, Barnið, fæðing og fyrsta ár. Í báðum þjóðfræðisöfnum má finna dæmi um að litið sé á fólk með annarskonar líkama eða hegðun sem markað hinu yfirnáttúrulega. Slík mörkun getur haft þau áhrif að skilningur á líkömum eða hegðun þessara einstaklinga sé sá að þau séu öðruvísi mannfólk eða jafnvel yfirnáttúrulegar verur. Með því að sameina sjónarhorn þjóð- og fötlunarfræða og beita á þjóðfræðiefnið sögulegri orðræðugreiningu má koma auga á undirliggjandi valdatengsl á milli þeirra venjulegu og óvenjulegu. Slíkar hugmyndir, oft markandi og runnar undan rifjum trúarinnar á yfirnáttúrulegar vættir og verur, nutu að auki skjóls í hefðbundnu og ríkjandi þjóðfræðiefni og mótuðu í gegnum það viðhorf, viðbrögð og skilning fólks á líkömum, ekki síst þeirra sem skáru sig úr fjöldanum. Þau sem hafa mögulega orðið fyrir slíkri mörkun og jaðarsetningu vegna áhrifa þjóðfræðiefnisins var fólk sem í dag myndi ef til vill skilgreina sig sem fatlað fólk. Rannsókn sem þessi varpar ljósi á rótgrónar hugmyndir og staðalmyndir sem jafnvel eimir enn af og að líta til fortíðar er því mikilvægur þáttur í mótun jafnréttis til framtíðar.

Eva Þórdís Ebenezersdóttir

## **Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð: Viðhorf foreldra og fagaðila til þjónustunnar**

Sjónarhóll er sjálfstæð ráðgjafarmiðstöð, stofnuð til styðja foreldra og veita þeim aðstoð við að afla sér upplýsinga og fá viðeigandi opinbera þjónustu. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á þjónustu Sjónarhóls og gagnsemi hennar. Rannsóknin byggði á sniði lýsandi tilviksrannsókna. Gögnum var safnað með samræðum í fimm rýnihópum. Þátttakendur voru 28 og höfðu allir reynslu af þjónustunni, ýmist sem notendur, fagaðilar eða starfsmenn Sjónarhóls og stofnfélaganna. Innihaldsgreining var notuð til að greina gögnin, flokka innihald þeirra og draga fram þemu. Við gagnagreininguna komu fram þrjú meginþemu: Styður börn með því að styðja foreldra, Samþættandi afl og Einn Sjónarhóll fyrir alla. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að þjónusta Sjónarhóls felist einkum í valdeflandi stuðningi við foreldra sem kemur helst að gagni þegar vandinn er mikill eða þegar úrræði í opinbera þjónustukerfinu hafa ekki dugað til að mæta flóknum þörfum. Aukin samvinna milli þjónustukerfa, meiri jafnaðarstaða foreldra og þjónustuaðila og betri nýting á úrræðum er helsti ávinningur þjónustunnar samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar. Að auki kom fram að halda ætti í grunngildi Sjónarhóls en skerpa á hlutverki ráðgjafarmiðstöðvarinnar út á við, bæta þjónustu við landsbyggðina og styrkja samstarf við félögin sem stóðu að stofnun Sjónarhóls.

Bergljót Borg

Margrét Hrönn Svavarsdóttir

Guðrún Pálmadóttir

## Reynsla notenda af endurhæfingarþjónustu

Í nútíma velferðarþjónustu er mikilvægt að leggja áherslu á sjálfræði og valdeflingu notenda. Umræðan snertir ekki síst notendur endurhæfingar, en vísbendingar eru um að þátttaka þeirra í þjónustu hafi jákvæð og heilsueflandi áhrif. Hugtakið notendamiðuð endurhæfing lýsir valddeilingu og samstarfi fagfólks og notanda í þjónustu sem stýrist af þörfum notandans. Tilgangur rannsóknarinnar var að (1) kanna próffræðilega eiginleika matstækis sem metur að hvaða leyti endurhæfingarþjónusta samræmist grundvallarlögmálum notendamiðaðrar nálgunar og (2) að lýsa að hvaða marki endurhæfingin kemur til móts við þarfir notenda. Matstækið er alþjóðlegt og hefur þegar verið þýtt og staðfært að íslenskum aðstæðum í samvinnu við notendur. Það inniheldur 31 spurningu sem notandinn svarar við lok endurhæfingartímabils. Safnað var gögnum frá 553 manns, með mismunandi heilsufarsvanda, sem voru að ljúka þjónustu á sérhæfðum íslenskum endurhæfingarstöðvum. Þáttagreining leiddi í ljós að spurningar mælitækisins endurspeglar fjórar víddir notendamiðaðrar endurhæfingar. Þrjár þeirra, virðing og tengsl, persónuleg þjónusta og fræðsla og efling endurspeglar að verulegu leyti grundvallaratriði notendamiðaðrar endurhæfingar. Hins vegar gefa niðurstöður til kynna að fjórða viddin, samskipti við aðstandendur, skeri sig úr og sé mun minna í takt við grundvallargildi notendamiðaðrar endurhæfingar. Rannsóknin er mikilvægur liður í gerð íslenskra matstækja sem skoða endurhæfingarþjónustu út frá sjónarhóli notenda. Niðurstöður gefa til kynna að mikilvægt sé að grand-skoða aðkomu aðstandenda að endurhæfingarferlinu og finna leiðir til að auka þátttöku þeirra.

Sólrun Óladóttir

Guðrún Pálmadóttir

## **Áhrif þjónustu, stjórnsýslukerfa og stefnumótunar á möguleika fólks með hreyfihamlanir til að komast á milli staða**

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvernig þjónusta, stjórnsýslukerfi og stefnumótun hafa áhrif á möguleika fólks með hreyfihamlanir á að komast á milli staða í samfélaginu. Rannsóknarsniðið var tilviksathugun og framkvæmdin fór fram í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum var gagna aflað með rýnihópa-viðtölum við einstaklinga með hreyfihamlanir á Akureyri og við einstaklinga sem veita þjónustu til fatlaðs fólks á Akureyrarsvæðinu. Niðurstöður viðtalanna voru svo notaðar til að greina og forgangsraða þeim þjónustusviðum sem skoðuð voru í seinni hluta rannsóknarinnar. Í seinni hlutanum var svo sérstaklega rýnt í opinber gögn um þjónustusvið sem lúta að aðgengi að efnislegu umhverfi (s.s. mannvirkjum) annars vegar og hins vegar almenningsamgöngum og ferliþjónustu fyrir fatlað fólk.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru svo túlkaðar út frá sjónarhorni mannréttinda og iðjuréttar og -réttlætis, þ.e. að það sé á ábyrgð samfélagsins að veita viðeigandi stuðning til þess að fólk fái notið réttar síns til að hafa tækifæri til að stunda iðju sem er þýðingarmikil fyrir það og velferð þess. Niðurstöðurnar benda til fjögurra lykilsviða sem stjórnvöld á Íslandi ættu að vinna að til þess að bæta möguleika fólks með hreyfihamlanir til að komast á milli staða, þ.e. að (1) auka aðild þjónustunotenda að stefnumótun, (2) bæta skýrleika og samræmi í stefnuskjölum, (3) auka eftirlit með þjónustu og (4) auka gildi iðjuréttar og réttlætis í stefnu stjórnvalda.

Sigrún Kristín Jónasdóttir

## **Sérfræðingar í eigin málum: Réttur fatlaðs fólks til virkrar þátttöku í stefnumótun og lagasetningu**

Í erindinu er kynnt rannsókn sem fjallar um rétt fatlaðs fólks á Íslandi til virkrar þátttöku í stefnumótun og setningu laga er varða hagsmuni þess, líkt og kveðið er á um í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Áhersla er lögð á það lykilhlutverk sem hagsmunasamtök fatlaðs fólks gegna í þessu sambandi og athygli dregin að því hvernig rétturinn til virkrar þátttöku leggur grunninn að því að reynsla fatlaðs fólks sjálfs öðlist viðurkenningu sem mikilvæg uppspretta þekkingar.

Rannsóknin tók til aðdraganda þess að Samingur Sameinuðu þjóðanna var fullgiltur af Íslandi árið 2016 og þeirrar þróunar sem síðan hefur orðið. Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum við fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðs fólks (2016-2018) og greiningu ritaðra gagna, meðal annars umsagna hagsmunasamtaka um drög að frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem samþykkt voru af Alþingi 2018 (Lög 38/2018). Niðurstöður leiða í ljós að oft hefur skort á að íslensk yfirvöld virði rétti fatlaðs fólks og hagsmunasamtaka þess til virkrar þátttöku í þróun laga og stefnumótunar. Hins vega mátti greina þróun í átt til aukinna valda og áhrifa samtaka fatlaðs fólks, sem markvisst hafa tekið að beita Samningi Sameinuðu þjóðanna í kjölfar fullgildingar hans.

Laufey Elísabet Löve

Rannveig Traustadóttir

## Atvinnuþátttaka fólks með þroskahömlun á Íslandi

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um sjónarmið fólks með þroskahömlun á atvinnuþátttöku. Rannsóknin sem verður kynnt er hluti af rannsóknarverkefninu „Rethinking work inclusion for people with intellectual disabilities“ og byggir á þeirri staðreynd að einstaklingar með þroskahömlun eiga erfiðan aðgang að vinnu á almennum vinnumarkaði. Rannsóknarmarkmið er að afla þekkingar um þá þætti sem einstaklingar með þroskahömlun upplifa sem hvetjandi og sem hindranir í atvinnuþátttöku. Gagnasöfnun fór fram með hálfopnum viðtölum við 14 einstaklinga með þroskahömlun þar sem rætt var um reynslu þeirra af þátttöku í vinnu á aðgreindum og almennum vinnustöðum. Gagnagreining byggir á aðferðum grundaðrar kenningar. Niðurstöður gefa til kynna mikilvægi félagslegra tengsla á vinnustaðnum auk félagslegs auðs utan vinnustaðar. Þátttakendur leggja einnig áherslu á mikilvægi þess að þeir fái að ráða því hvernig fulltrúar Atvinnu með stuðningi veiti þeim þjónustu og að stuðningurinn sé ekki íþyngjandi. Þvert á staðalmyndir um fólk með þroskahömlun tjáðu margir sig um mikilvægi sveigjanleika í verkefnum. Laun komu fram sem mikilvægur þáttur til að upplifa sig sem sjálfstæðan. Þá var innri kúgun hluti af reynslu þátttakenda – t.d. líður sumum illa við að eyða peningum þar sem þeir óttast álit annarra. Þátttakendur endursköpuðu ableisk norm um hvað það þýðir að vera hæfur starfsmaður en andæfðu einnig gegn ableiskum og kynjuðum normum í vinnunni.

Stefan C. Hardonk

## **CMC-líkanið um neyslu barna á máltíðum**

Markmið rannsóknarinnar var að þróa líkan um ákvarðandi þætti á neyslu barna á tilteknum máltíðum. Líkaninu er ætlað að draga fram hvaða þættir skýra hvort og hversu oft börn neyta tiltekinn máltíða og er ætlað að vera nýtt sem greiningarlíkan þegar þróaðar eru aðgerðir til að hafa áhrif á fæðuneyslu barna. Líkanið var þróað eftir yfirgripsmikla, þverfaglega yfirferð yfir fyrri rannsóknir þar sem byggt var á þekkingu innan t.d. neytendahegðunar, atferlishagfræði, næringarfræði og matvælafræði. Líkanið sýnir flókin tengsl ýmissa áhrifaþátta úr innra og ytra umhverfi á neyslu barna. Líkanið tekur til að mynda á þáttum sem snúa að skynjun og viðhorfum barnanna sjálfra, áhrifaþáttum sem snúa að foreldrum, þáttum innan skólaumhverfisins, ásamt þáttum tengdum opinberri stefnumörkun og aðgerðum á vegum hins opinbera. Líkanið er mikilvægt fræðilegt framlag á sviði neysluhegðunar, enda felast verulegar takmarkanir í fyrri kenningum og líkönum þegar kemur að fæðuneyslu barna. Áhrifaþættir á fæðuneyslu barna eru töluvert aðrir en áhrifaþættir á fæðuneyslu fullorðinna, sér í lagi þegar kemur að máltíðum. Auk þess er líkanið gagnlegt greiningartæki fyrir opinbera aðila sem bera ábyrgð á að marka stefnu og framfylgja henni þegar kemur að heilsusamlegri fæðuneyslu barna. Líkanið er með markvissum hætti hægt að nýta í mótun samfélagsmiðaðrar markaðsstefnu sem ætlað er að ýta undir heilbrigðari neyslu meðal barna og þar með mikilvægt tæki í baráttunni gegn offitu.

Auður Hermannsdóttir



## Viðhorf og upplifun af skólaípróttum

Rannsóknir hafa sýnt að með því að skapa jákvætt viðhorf til hreyfingar meðal ungmenna aukist líkur á reglubundinni hreyfingu á fullorðinsárum. Því þurfa skólaípróttir í grunnskólum að miða að því að skapa jákvæða upplifun fyrir nemendur. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf ungmenna í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla til skólaíprótta. Í gegnum svör frá foreldrum var upplýsinga aflað um viðhorf ungmennanna. Með rafrænu hentugleikaúrtaki fengust svör frá 671 foreldri. Niðurstöðurnar sýndu að þó nemendur hafi gaman af því að hreyfa sig utan skólatíma, upplifi þeir skólaípróttirnar ekki sem sérstaklega skemmtilegar. Því má draga þá ályktun að sú hreyfing sem stunduð er í skólaípróttum eða það umhverfi sem þær skapa, sé ekki að ná til nemenda. Samkvæmt niðurstöðunum er þó nokkur hluti sem líður ekki vel í ípróttatímum og er það nokkuð áhyggjuefni.

Rannsóknin varpar ljósi á viðhorf ungmenna til skólaíprótta og bendir til þess að svigrúm sé til að gera betur á þessu sviði. Mikilvægt er að skólinn sé vettvangur þar sem ungmenni fá jákvæða reynslu og upplifun af hreyfingu enda líkur á að það hafi jákvæð áhrif á líkamlega og andlega líðan þeirra auk þess að hafa margvísleg jákvæð áhrif fram á fullorðinsár.

Stefán Ólafur Stefánsson

## **Með hvaða hætti getur hegðun þjálfara dregið úr brottfalli handknattleiksiðkenda?**

Undanfarin ár hefur verulega dregið úr fjölda þeirra sem iðka handknattleik hér á landi. Brottfallið er mest í kringum 12 til 14 ára aldur og heldur iðkendum áfram að fækka eftir því sem aldur iðkenda hækkar. Sjálfræðiskenning Deci og Ryan hefur gjarnan verið notuð til að skoða hvað það er sem viðheldur stöðugleika og kemur í veg fyrir brottfall úr íþróttum. Samkvæmt kenningunni hafa einstaklingar ákveðnar grunnþarfir og það hvernig þessum þörfum er fullnægt leggur grunninn að þeirri hvatningarvidd sem einstaklingurinn er á. Rannsóknir hafa bent til þess að leiðtogahegðun þjálfara geti skipt sköpum í þessum efnum. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig ungir iðkendur handknattleiks á Íslandi skynja leiðtogahegðun þjálfara síns og hvort sú skynjun spái fyrir um áform um áframhaldandi iðkun í gegnum hvatningu iðkenda. Í gegnum svör frá foreldrum var upplýsinga aflað um skynjun iðkenda. Með raf-rænu hentugleikaúrtaki fengust svör frá 126 foreldrum. Niðurstöðurnar sýna að vissir þættir varðandi hegðun þjálfara geti skýrt á hvaða hvatningarvidd iðkendur eru og að sama skapi að tengsl séu á milli áforma um áframhaldandi iðkun og hvatningarviddar iðkenda. Rannsóknin er gagnleg Handknattleikssambandi Íslands og aðildarfélögum varðandi æskilegar áherslur þegar kemur að menntun og þjálfun þjálfara. Mikilvægt er að leggja áherslu á ákveðna þætti í hegðun þjálfara til að draga úr líkum á brottfalli iðkenda.

Elínborg Erla Knútsdóttir

## **Are organisations embracing and implementing the UN Sustainable Development Goals?**

In 2015 a master plan for the planet was adopted by the General Assembly of the United Nations when the Sustainable Development Goals (SDGs) were introduced. The 17 goals are to be met by 2030 which is an enormous challenge for all stakeholders involved. This presentation will provide an introduction to the SDGs with a focus on how organizations are approaching their implementation and will discuss whether they are reframing their business models into more sustainable ones for necessary systemic changes. Organisations that take the step into being more sustainable are welcoming changes since sustainability is in many ways about transformation. Embracing the SDGs demands an open mindset, highlighting sustainable values as a top priority. The study behind this presentation is an empirical one that will be carried out among leading companies in their sustainability approach and implementation. The primary source of data will be in-depth interviews to gather experience-based knowledge on actions taken towards adaptation. The current literature on sustainable development and the SDGs does not offer proven journey on how to implement the SDGs into a corporate strategy. Therefore, in this presentation, the approach of organisations towards the SDGs will be discussed, also in relation to the UN's aims, and its member states' actual political will to shift towards a greener future.

Berglind Sigmarsdóttir

## **Messaging sustainability to key stakeholders: A case study on energy companies in Iceland**

Firms play an important role in the shift toward sustainability. Traditional energy companies face a new challenging task to communicate their sustainability initiatives to relevant stakeholders. The fast-changing marketplace requires firms to engage with their internal and external customers in a transformational way. In the past two decades, energy companies have increasingly identified sustainability as a critical factor in their operations. However, the incorporation of sustainability into corporate strategy is not well explored. The purpose of this study is to explore how energy companies incorporate sustainability into their corporate strategy. This case study is primarily based on in-depth interviews with key people from the three big players in the Icelandic energy market, mainly focused on the corporate internal environment. The data collected from the interviews was triangulated with annual reports, website information and documents from observations. This case study aims to contribute to the discourse in sustainability strategies by drawing lessons learned of how energy companies integrated sustainability into their operations. The results of this investigation provide valuable insights to guide decision-making and monitoring of sustainability goals.

Fe Amor Parel Guðmundsson

## **The reasons why energy companies want to be responsible business players. A study of Corporate Social Responsibility in the Energy Sector**

Energy companies are increasingly being pressured to address a broader set of social responsibilities that motivates them to incorporate a holistic approach to their activities. To do so, many firms have adopted Corporate Social Responsibility (CSR) as a strategic business framework that allows them to address internal motivations as well as external pressures. While the drivers behind CSR implementation have been thoroughly covered in general by the literature, a holistic study of the specific motivations for energy companies to adopt CSR seems to be missing. Therefore, the objective of this presentation is to share the findings of two years of study which have allowed to identify the drivers that motivate energy companies to implement CSR. The findings indicate that the understanding of CSR has evolved from being limited to the generation of profit to the belief that companies need to address a broader set of social responsibilities. The findings reveal that the evolution of CSR has been linked to the social expectations of the time and that its understanding and implementation has had a certain relation with the Sustainable Development Agenda. The findings suggest that there are internal, connecting, and external drivers that motivate energy companies to adopt CSR.

Mauricio Latapí

## **Tourism and Corporate Environmental Management in Iceland: Industry perspectives on drivers and barriers**

Impacts on the environment have been recognised as a major challenge for the Icelandic tourism sector. The Icelandic Tourist Board's survey found that 75% of locals reported that tourist pressure on the environment was too high. Taken in juxtaposition with the fact that approximately 92% of visitors claim they visit Iceland to experience the natural environment it is likely that the industry will be facing more scrutiny in coming years in terms of its management of these issues. The paper aims to provide an overview of the drivers and barriers for tourism companies in implementing Corporate Environmental Management, i.e. strategic management of environmental issues. The research is based on a literature review of relevant studies from different academic fields, for example, the organizational, institutional and, sustainable tourism literature. In-depth, semi-structured interviews with tourism companies and relevant tourism organizations in Iceland provide the industry's own perspectives on the factors that prompt environmental sustainability concerns through a taxonomy of drivers and barriers. Preliminary findings suggest that tourism companies in Iceland have been dealing with unprecedented growth, complicated institutional frameworks and increased societal pressure to address key environmental issues. Implications of the findings for companies and policy-makers will also be discussed.

Nína M. Saviolidis

## **Sami, gamli þorparinn. Um þorp og borg í íslenskum kvikmyndum í ljósi byggðapróunar**

„Í næstu viku hefjast tölur á hryllingsmynd úr smiðju Bollywood á norðanverðum Vestfjörðum. Tölur fara fram í Holti í Öndarfirði, á Ísafirði og á Flugvellinum á Ísafirði. Myndin verður ákveðið tilraunaverkefni því að í myndinni verður enginn söngur, dans né litagleði heldur íslenskur drungi... Kvikmyndin verður í fullri lengd og miðast við að fanga „cabin fever“ tilfinningu.“ Þessi orð lét íslenskur kvikmyndagerðarmaður falla í viðtali í Ríkisútvarpinu í febrúar 2017. Þótt ekkert hafi enn orðið af innrás Bollywood til Öndarfjarðar er fréttin stórmerkileg. Hvað veldur því að kvikmyndagerðarmenn, meira að segja þeir sem búa hinum megin á hnettinum, líta til Vestfjarðakjálkans í leit að erki-þorpinu, þorpinu sem heldur fólki föngnu í klóm örvæntingar? Er skýringarinnar ef til vill að leita í þeirri mynd sem íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa dregið upp af íslenskum þorpum í gegnum tíðina? Hér verður íslensk kvikmyndasaga skoðuð með hliðsjón af byggðapróun í landinu. Rakið verður hvernig sveit, þorp, bæir og borg(ir) hafa birst á hvíta tjaldinu og hvaða breytingum birtingarmynd slíkra byggða hefur tekið í gegnum tíðina. Sérstaklega verður staldrað við þorpið sem sögusvið í ljósi áhuga Bollywood á „drungalegum“ vestfirskum þorpum. Þegar birtingarmyndir byggðarlaga eru skoðaðar frá byggðafræðilegu sjónarhorni, eins og hér er gert, kemur í ljós að íslenskar kvikmyndir eiga ríkan þátt í að festa í sessi staðalmyndir. Þorpið er staðnað; þorpararnir fastir í klóm fortíðar. Nútíminn er hinum megin við linsuna.

Brynhildur Þórarinsdóttir

Þóroddur Bjarnason

## **Byggðafesta innflytjenda í smáum þéttbýlisstöðum á Íslandi**

Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið á Íslandi á undanförunum árum. Rannsóknir sem fjalla um viðhorf til búsetu í smærri byggðum hafa hingað til að mestu beinst að innlendum íbúum. Í erindinu er sjónum sérstaklega beint að viðhorfum innflytjenda í slíkum byggðum til búsetu og búferlaflutninga. Umfjöllunin byggir á niðurstöðum netkönnunar sem lögð var vorið 2019 fyrir íbúa eldri en 18 ára í 56 byggðarkjörnum á Íslandi sem hafa innan við 2000 íbúa. Hún er hluti af stærra rannsóknarverkefni, Byggðafesta og búferlaflutningar, sem er samvinnuverkefni Byggðastofnunar og innlands og erlands fræðafólks. Svör bárust frá 30% íbúanna, en svör frá innflytjendum voru 5% af heildarfjölda svara.

Í könnuninni var spurt um búsetusögu, byggðafestu og búsetufyrirætlanir, áhrif atvinnu, menntunar, þjónustu og félagslegra tengsla á búsetufyrirætlanir. Spurt var um stöðu og fyrirætlanir aðfluttra íbúa af íslenskum og erlendum uppruna; og kynjamun í búsetufyrirætlunum. Niðurstöður könnunarinnar sýna meðal annars að innflytjendurnir sem svöruðu könnuninni hafa heldur minni byggðafestu en innlendir, en þó er munurinn ekki mikill og fer meðal annars eftir því hvar þeir hafa alist upp.

Unnur Dís Skaptadóttir



## **Menntun og byggðafesta**

Nýlegar og eldri tölur benda til að vilji fólks til að flytja brott af landsbyggðinni eykst með hærra menntunarstigi. Einnig að tilvist mennta- og menningarstofnana úti á landi auki menntunarstig þar. Getur það þá verið bjarnargreiði við landsbyggðina að byggja upp menntastofnanir þar? Í þessu erindi verður fjallað um hver áhrif menntastofnana eru á menntunarstig á landsbyggðinni og áhrif þeirra á lífsgæði og velferð íbúanna sem og búferlaflutninga þar. Stuðst verður við gögn nýrrar skoðanakönnunar sem gerð var meðal íbúa í litlum þorpum á Íslandi þar sem rúmlega 6.000 tóku þátt. Einnig verður stuðst við gögn könnunar sem gerð var á landsbyggðinni árin 2016 og 2017 þar sem þátttaka var sambærileg. Í seinni könnuninni var öllum íbúum í smærri þorpum á landsbyggðinni boðin þátttaka með bréfi. Seinni könnunin byggði á tilviljunarkenndu úrtaki sem náði til allrar landsbyggðarinnar utan Norðurlands eystra og Austurlands. Um vefkönnun var að ræða báðum tilvikum. Niðurstöður benda til að menntun stuðli að meiri lífsgæðum fólks í dreifbýli þar sem fólk með meiri menntun njóti þeirra betur en þeir sem minni menntun hafa. Enn fremur, þótt menntaðir einstaklingar séu líklegri til að flytja brott þá fjölgar menntuðu fólki á landsbyggðinni. Uppbygging mennta- og menningarstofnana á landsbyggðinni er ekki bjarnargreiði við hana heldur þvert á móti.

Vífill Karlsson

## **Búsetusaga og búsetufyrirætlanir þorpsbúa**

Erindið byggir á könnun sem lögð var fyrir í 56 byggðakjörnum með færri en tvö þúsund íbúa í tengslum við rannsóknarverkefnið Byggðafesta og búferlaflutningar sem unnin er á vegum Byggðastofnunar í samstarfi við innlenda og erlenda háskóla. Könnunin fór fram vorið 2019 og alls bárust 5.643 svör frá fólki með fasta búsetu í viðkomandi byggðakjörnum, en það samsvarar um 30% allra íbúa 18 ára og eldri. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á mikinn hreyfanleika í smærri byggðarlögum á Íslandi. Aðeins 16% svarenda eru rótföst í þeim skilningi að hafa hvergi annars staðar búið um ævina og næstum helmingur íbúanna ólst að miklu eða öllu leyti upp utan byggðarlagsins. Um tvö af hverjum þremur hafa einhvern tímann búið á höfuðborgarsvæðinu og litlu færri hafa einhvern tímann búið annars staðar á Íslandi. Þá hefur tæpur þriðjungur svarenda einhvern tímann búið erlendis. Atvinnutækifæri eru mikilvægasta einstaka ástæða þess að fólk segist ætla að flytja búferlum, en aðgengi að menningu og afþreyingu, heilbrigðisþjónustu og verslun og þjónustu skiptir einnig verulegu máli. Hreint loft, kyrrð og ró, lítil hætta á afbrotum og lítil umferð skipta miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu í byggðakjörnunum. Talsvert fleiri þátttakendur töldu þessa þætti skipta miklu máli en atvinnumál, húsnæðismál eða nálægð við foreldra, börn eða barnabörn.

Þóroddur Bjarnason

## **Byggðafesta ungra kvenna – áhrifavald slúðurs**

Byggðafesta kvenna í dreifðum byggðum hefur löngum verið verðugt rannsóknarefni og nokkuð hefur verið horft til þess togafis sem þéttbýlið hefur, þangað sem konur sækja í vinnu, menntun og þjónustu. Minna hefur verið horft til þess ýtíafis sem kann að vera til staðar í minni byggðum, allavega ekki er snýr að félagslegum þáttum. Fyrri rannsóknir á dreifðum byggðum hafa nefnt slúður sem áhrifaþátt, þar sem nálægð samfélagsins hafi áhrif á íbúa og búsetuánægju þeirra. Ekki hefur þó verið gerð eiginleg rannsókn á því og eftir stendur þá spurningin, getur verið að slúður hafi þann fælingarmátt að marktækt sé þegar horft er til búferlaáætlana?

Byggðastofnun sendi út umfangsmikla netkönnun í 56 byggðakjarna á Íslandi vorið 2019 og var svörun góð. Markmið könnunarinnar var kortleggja búferlaflutninga innan landsbyggðarinnar og gafst þar tækifæri til að skoða ólíka þætti sem kunna að hafa áhrif á búsetuánægju og búferlaáætlanir fólks, þar á meðal slúður. Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður í þeim hluta könnunarinnar sem snýr að slúðri en finna má marktæka tengingu við áætlanir um búferlaflutninga. Rannsóknin er partur af doktorsverkefni í Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, um áhrif nærsamfélagsins á búsetu ungra kvenna í sjávarbyggðum.

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

## **Börn í ábyrgðarhlutverki**

Erindið fjallar um börn í ábyrgðarhlutverki (e. young carers). Börn í ábyrgðarhlutverki eru skilgreind sem börn sem bera töluverða ábyrgð á að aðstoða og þjónusta foreldri eða aðra ættingja vegna veikinda þeirra, fötlunar eða annarra félagslegra erfiðleika, yfirleitt í samhengi fátæktar, veikis stuðningsnets og skorts á opinberri þjónustu.

Markmið erindisins er að varpa ljósi á stöðu þessara barna, eðli og umfang ábyrgðarhlutverks og helstu skammtíma og langtíma afleiðingar sem umfangsmikið ábyrgðarhlutverk getur haft á heilsu og velferð barna. Börn í ábyrgðarhlutverki hafa víða erlendis fengið athygli á meðal rannsóknarfólks og löggjafa. Í erindinu er fjallað er um helstu niðurstöður rannsókna, með áherslu á breskar rannsóknir en bretar hafa verið í fararbroddi í rannsóknum og stefnumótun í þjónustu við börn í ábyrgðarhlutverkum. Greint er frá helstu réttindum barna og áherslum í velferðarþjónustu við börn í ábyrgðarhlutverkum.

Guðbjörg Ottósdóttir

## **Reynsla íslenskra barna af því að alast upp við fátækt**

Í samtímahugmyndum um bernskuna er því haldið fram að bernskan sé sjálfstætt skeið þar sem börn eru gerendur í eigin lífi. Því sé bernskan annað og meira en einskonar aðlögunarstig (e. transitional phase) að fullorðinsárum. Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að unnar séu rannsóknir þar sem varpað er ljósi á reynslu barna út frá þeirra sjónarhorni, ekki síst þeirra sem hafa þurft sérstakan stuðning eða búið við félagslega erfiðar aðstæður. Markmið erindisins er að varpa ljósi á reynslu barna af íslenskum uppruna af því að búa við fátækt. Tekin voru 11 eigindleg viðtöl við börn sem hafa alist upp á heimili þar sem fjölskyldan hefur þurft á sérstöðum stuðningi að halda vegna fjárhagslegra erfiðleika. Niðurstöður benda til þess að börn sem hafa alist upp við fátækt búi yfir mikilvægri reynslu sem þau eru hæf til þess að miðla sé réttum aðferðum beitt við öflun upplýsinga. Mikilvægt er að hlustað sé á raddir barna sem hafa reynslu af því að alast upp við fátækt ef ná á því markmiði að útrýma fátækt líkt og stefnt er að með Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Soffía Hjördís Ólafsdóttir

Hervör Alma Árnadóttir

## **Seigla: „Maður vildi alltaf sýna að maður væri bara hress og harður“**

Markmið rannsóknarinnar var að skoða seiglu einstaklinga sem bjuggu við líkamlegt ofbeldi í æsku. Leitast var við að varpa ljósi á hvernig seigla þróast og hvaða einkenni einstaklingar sem búa yfir henni, hafi að bera. Þá var leitast við að skoða tengsl þeirra við gerendur á fullorðinsárum og einnig hvaða afleiðingar þeir væru að fást við, þrátt fyrir seigluna. Rannsóknin er gerð með eigindlegri aðferð og voru tekin viðtöl við sjö einstaklinga sem allir höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í æsku. Þátttakendur voru valdir með markmiðsúrtaki. Þátttakendurnir þurftu að uppfylla skilyrði um að stunda nám og/eða vinnu og eiga hvorki við vímuefnavanda að stríða né vera með greinda geðröskun. Viðtölin voru tekin í október 2017. Helstu niðurstöður voru þær að allir viðmælendur voru í litlum tengslum við gerendur á fullorðinsárum. Allir viðmælendur bjuggu yfir afleiðingum sem snéru að sjálfstrausti og óöryggi sem lýsti sér í því að þeir teldu sig aldrei vera nógu góða. Fimm viðmælendur af sjö höfðu einn eða fleiri fullorðna aðila sem þeir gátu leitað til í æsku. Flestir viðmælendur höfðu einnig sínar skýringar á ofbeldinu. Nokkrir töldu foreldra hafa verið veika án þess að fyrir lægju greiningar á því. Aðrir töldu mikið skap vera ástæðuna og að foreldrar hefðu ekki kunnað aðrar aðferðir en að refsa.

Thelma Eyfjörð

Freydís Jóna Freysteinsdóttir

## **Skortur og félagsleg áhrif: Upplifanir barna af erlendum uppruna af fátækt**

Orsakir fátæktar hjá börnum innflytjenda og áhrif fátæktar á líf þeirra eru með svipuðum hætti og hjá öðrum hópum barna. Hins vegar eru ákveðnar aðstæður hjá þessum hópi sem eru sterkari orsakabáttur en hjá öðrum hópum barna. Fjallað er um niðurstöður rannsóknar á reynslu barna af erlendum uppruna af fátækt. Markmið rannsóknarinnar var að skoða upplifun þessara barna af því að búa við fátækt. Tekin voru átta eigindleg viðtöl við átta börn. Samkvæmt frásögnum barnanna stafaði fátæktin einkum af bágrri tekjustöðu heimilis sem tengdist atvinnuleysi og/eða heilsubresti foreldra. Börnin lýstu skorti á ýmsum sviðum, þar á meðal í tengslum við húsnæði, nám og samveru með vinum. Þau upplifðu stöðu sína markast m.a. af skammri dvöl fjölskyldu þeirra á Íslandi, tungumálhindrunum foreldra og erfiðleikum foreldra við að finna vinnu, en töldu einnig þörf á betri þjónustu við fjölskylduna. Upplifun barnanna af áhrifum fátæktarinnar var um margt svipuð og hjá börnunum af íslenskum uppruna sem fjallað er um í fyrra erindi málstofunnar, en að ýmsu leyti ólík. Niðurstöðurnar varpa ljósi á mikilvægi þess að fanga sjónarhorn barna í ólíkum aðstæðum sem lið í því að koma betur til móts við þarfir barna sem búa við fátækt.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir

## **A Conceptual Model of Community-Based Initiatives and Rural Development: Two Case Studies of Engagement and Empowerment in Iceland and Guatemala**

Resident participation is often seen as a factor for strengthening a sense of community, or a meaningfully belonging to a larger network of relationships. The process of community-based initiatives involves developing community empowerment and engagement. The goal of this paper is to build a conceptual model of the process of community-based initiatives and how they both engage and empower rural communities in sustainable community development. The study explores two cases, *REKO-Norðurland* in Iceland, which aim is to connect small food producers and consumers and *Hug it forward* in Guatemala, which aim is to build bottle schools and enhance community environmental awareness. Through case study analysis, and qualitative interviews, content analysis of webpages and other social media, photos, and documents, we will begin to unfold the process of community-based initiatives in these two countries and describe how organizations have used community engagement and empowerment as a strategy for sustainable development. Although in its early phase, the research data gives indications on how, through the process of community-based initiatives, organizations can have a significant impact on quality of life (QOL) by creating a space for individuals to become more actively engaged in their community through social interaction, which then leads to building community capacity, which then leads to sustainable development.

Laufey Haraldsdóttir

Jessica Faustini Aquino

*Þjóðarspegillinn* 2019



## **Neolocalism, Revitalization, and Rural Tourism Development in Húnþing vestra**

Small rural communities in Iceland have seen a fast-changing economy and have had to come up with different ways to become resilient to these changes. This chapter takes an ethnographic approach to the study of neolocalism to describe how the community of Húnþing vestra saw the potential to nurture a sense of place using their natural and cultural assets to enhance the local economy and community livelihoods. Two case studies are used spanning over 20 years (2000-2019) based on an accumulation of first-hand experiences and research between the authors who live in Húnþing vestra. The cases are the Grettir the Strong Project (GSP), and the Icelandic Seal Center (ISC). These cases describe how community initiative projects have played an active role in fostering the local identity and distinctiveness of a community, and its use as a strategy for crafting authentic tourism experiences. Although no longer a functioning project, the GSP, has had a significant impact on the local identity of Iceland's Northwest region, while the ISC continues to work with sustainable and responsible tourism development at the grassroots level. Both the GSP and ISC were developed as a means for economic development by focusing on local knowledge, cultural heritage and traditions, and community assets. There is a need to investigate neolocalism in rural tourism development, as it may give insights on how a community may feel empowered by telling their story of their connections to their place and how it may influence revitalization efforts and community resiliency.

Jessica Faustini Aquino

Gudrun M. H. Kloes

## **Höfð að háði og spotti**

### **Sögur af málhalta fólkinu Jóni og Solveigu**

Sögur af sérkennilegu fólki er ríkur þáttur íslenskra bókmennta í því sem nefnt hefur verið „þjóðlegur fróðleikur“. Um er að ræða ýmis konar sagnaþætti sem birtust í bókum, blöðum og tímaritum á Íslandi í lok 19. aldar og fram eftir 20. öld. Ýmsar þessara sagna af sérkennilegu fólki eru gamansögur af einstaklingum sem áttu erfitt með mál og framburð eða voru með einhvers konar mál-„galla.“ Að þessu sinni verður rýnt í sagnaþætti af þeim Jóni Gissurarsyni og Solveigu Eiríksdóttur sem bæði voru uppi á 19. öld. Fjallað verður um hlutskipti þeirra sem þolendur ofbeldis og skelfilegar aðstæður í daglegu lífi þeirra. Gerð verður einnig grein fyrir helstu áhrifavöldum í lífi þeirra Jóns og Solveigar, ásamt stílbrögðum höfunda sagnaþáttanna. Erindið tengist rannsókn við verkefnið „Þættir af sérkennilegu fólki“ og munu ítarlegar niðurstöður liggja fyrir síðar. Í verkefninu hefur verið farið yfir prentaðar heimildir frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar og safnað saman frásögnum af óvenjulegu fólki sem er nafngreint, m. a. í verkum sem teljast til þjóðlegs fróðleiks, ásamt blöðum og tímaritum sem eru aðgengileg á timarit.is.

Marín Árnadóttir

## Hædd og spottuð? Sagan á bak við sögurnar

Erindi þetta kemur í beinu framhaldi af erindi Marínar Árnadóttur, „Höfð að háði og spotti - Sögur af málhalta fólkinu Jóni og Solveigu.“ Í erindinu verða lífþræðir Jóns og Solveigar spunnir upp úr öllum tiltækum opinberum heimildum. Sem dæmi um heimildir er liggja hér til grundvallar eru kirkjubækur, sóknarmannatöl, gerðabækur hreppsnefnda, skýrslur fátækra-nefndar Reykjavíkur og dánarbúsuppskriftir svo fátt eitt sé talið. Ummæli og úrskurðir yfirvalda eru orðræðugreind og sett í samhengi við samfélag það sem þau spretta úr hverju sinni. Hér er lögð áhersla á rannsóknaraðferð sem kennd er við smáatriði, útsjónarsemi og þolinmæði; á ensku nefnd „Slow Research Methodology.“ Þar er lögð áhersla „eðlilegar undantekningar“ (e. Normal Exeptions) í hversdagslífi einstaklinga í fortíðinni og þá staðreynd að sérhvert lífhlauð einstaklinga er engu öðru líkt. Frá þessum rannsóknarsjónarhóli er rýnt í það sem nefnt hefur verið á ensku „Slow Violence“; þ.e. ofbeldi sem liggur undir yfirborðinu og stendur yfir í langan tíma, jafnvel alla ævi viðkomandi einstaklinga.

Sólveig Ólafsdóttir

## **Andlegt ofbeldi í samanburði við annað ofbeldi**

Ofbeldi getur verið af margvíslegum toga. Einelti er tegund andlegs ofbeldis, þó ekki sé allt andlegt ofbeldi einelti. Í erindinu verður sá miski sem einstaklingar verða fyrir vegna andlegs ofbeldis borinn saman við miska vegna kynferðisofbeldis og líkamlegs ofbeldis. Miskinn er metinn með svokallaðri tekju-uppbótaraðferð sem dregur fram hve mikið þyrfti að greiða einstaklingum til að bæta upp það velferðartap sem fylgir afleiðingum ofbeldis af tilteknu tagi. Notast er við gögn úr „Heilsu og líðan Íslendinga“, sem inniheldur m.a. spurningar um ofbeldi, tekjur, kyn, aldur og menntun. Líkanið sem notast er við gerir ráð fyrir að velferð einstaklinga ákvarðist meðal annars af heimilistekjum og upplifun af ofbeldi. Hamingja einstaklinga er notuð sem staðgengill fyrir nytjar og jafngildishlutfall á milli tekna og ofbeldis reiknað.

Niðurstöður sýna að andlegt ofbeldi sker sig verulega úr að því leiti að mældur miski vegna andlegs ofbeldis mælist mun hærrí en miski af völdum líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis. Ástæður þessa eru óljósar, en hugsast getur að andlegt ofbeldi sé oftari viðvarandi en aðrar tegundir ofbeldis og feli því í sér fleiri einstök ofbeldisatvik. Einelti væri dæmi um slíkt.

Brynja Jónbjarnardóttir

Edda Björk Þórðardóttir

## **Miski vegna afleiðinga eineltis**

Markmið rannsóknarinnar er að meta til fjár miska vegna eineltis og afleiðinga þess með svokallaðri tekjuuppbótaraðferð. Gögn úr viðamiklu rannsókninni *Áfallasaga kvenna* skapa einstakt tækifæri til að meta áhrif eineltis á velferð einstaklinga sem fyrir því verða. Tekjuuppbótaraðferðin miðar að því að finna þá upphæð sem greiða þarf einstaklingi sem hefur orðið fyrir einelti til að velferð hans verði jafnmikil og hún væri ef einstaklingurinn hefði ekki orðið fyrir slíkri reynslu. Líkanið sem er metið gerir ráð fyrir að velferð einstaklings ákvarðist af jöfnuðum heildartekjum heimilis, reynslu af einelti og öðrum bakgrunnsbreytum.

Þessar mælingar hafa bæði hagnýtt og vísindalegt gildi. Vísindalega gildið felst í því að beita tekjuuppbótaraðferðinni, sem er þekkt aðferð við að mæla virði óáþreifanlegra gæða, á einelti. Slíkt hefur ekki verið gert áður. Ennfremur geta niðurstöður rannsóknarinnar komið hinu opinbera að notum við mat á hagkvæmni íhlutana sem ætlað er að draga úr einelti eða afleiðingum þess. Þekking á áhrifum eineltis á velferð einstaklinga mun þannig nýtast við stefnumótun í félags- og heilbrigðiskerfinu, bæði hvað varðar forvarnir og meðferðir.

Gísli Gyfason

Edda Björk Þórðardóttir

## **Heilsulæsi eldra fólks á Norðurlandi sem býr heima: Fyrstu niðurstöður**

Heilsulæsi er skilgreint sem geta fólks til að eiga aðild að heilsutengdum upplýsingum og þjónustu. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá upplýsingar um stöðu heilsulæsis hjá eldri íbúum á Norðurlandi sem búa heima og kanna hvort munur er á heilsulæsi eftir t.d. búsetu, tekjum, menntun og mati á eigin heilsu. Um þversniðs- þýðisrannsókn er að ræða þar sem 303 þátttakendur, 65 ára og eldri í eigin búsetu á norðanverðu Íslandi, voru valdir með slembuðu lagskiptu úrtaki. Gagna var aflað með viðtölum þar sem listi sem metur heilsulæsi var lagður fyrir ásamt bakgrunnsspurningum. Lýsandi tölfraði og línulegri aðhvarfsgreiningu var beitt við greiningu gagna. Alls tóku 175 manns þátt (57,8% svarhlutfall) þar sem 75 bjuggu í dreifbýli. Meðalaldur var 74,2 (sf 6,3) ár, spönn 65-92 ár. Karlar voru 100 eða 57,1%, 40 bjuggu einir, 34,1% hafði lokið grunnskóla, en 12,7% lokið háskólaprófi. Niðurstöður benda til þess að um 42% þátttakenda eigi í erfiðleikum með heilsulæsi. Munur er á heilsulæsi eftir menntun og innkomu, en ekki búsetu eða mati á eigin heilsu. Huga þarf betur að þörfum eldra fólks á heilsutengdum upplýsingum og þjónustu, sérstaklega þeim efnaminni. Með rannsókninni opnast möguleikar á þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknum á heilsulæsi.

Sonja Stelly Gústafsdóttir

Árún K. Sigurðardóttir

Sólveig Ása Árnadóttir

Lena Mårtensson

## **Áframhaldandi samvera: Undirbúningur hjóna fyrir efri árin**

Undirbúningur hjóna fyrir efri ár getur verið flókin þegar heilsubrestur verður hjá öðrum makanum í sambandinu. Markmið rannsóknarinnar var að komast að því hvaða áskorunum eldri hjón á Íslandi standa frammi fyrir. Rannsóknin var hluti af norðurslóðaverkefni um áskoranir eldra fólks í þeim löndum sem tilheyra Norðurskautsráðinu. Framkvæmd var kerfisbundin leit á lýðfræðilegum breytum varðandi eldri hjón á Íslandi yfir tímabilið 2013-2017. Lesnar voru íslenskar rannsóknir, opinberar skýrslur, lög og fumvörp, greinar í dagblöðum og horft á sjónvarpsviðtöl á þessu tímabili. Við greiningu gagna var nouð innihaldsgreining til að varpa ljósi á samfélagslega umræðu varðandi eldri hjón. Leitað var eftir ákveðnum þemum eða hugtökum sem höfðu sömu merkingu til að finna mynstur í umræðunni sem hægt væri að rýna í. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að ein af mestu áskorunum sem eldri hjón á Íslandi standa frammi fyrir er hvort þau hafi sambúðarrétt á hjúkunarheimilum eða ekki. Til dæmis þegar einungis annað þeirra þarf á þjónustu að halda eða hvort þau séu í raun þvinguð til sambúðarslita. Huga þarf betur að því hvernig þörfum eldri hjóna er mætt til undirbúnings fyrir efri ár varðandi eigin rétt til ákvarðanatöku og um lagalegan rétt þeirra til þjónustu.

Olga Ásrún Stefánsdóttir

Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir

## **Sjálfræði - Að hafa, geta og vilja**

Sjálfræði er hugtak sem oft er haldið á lofti í umræðu um aðbúnað og aðstæður eldra fólks. Sjálfræði er hluti af óumdeildum siðferðilegum réttindum fólks. Sjálfræðið er um leið órjúfanlegur hluti kröfunnar um virðingu fyrir manneskjunni. Markmið þessa erindis er því að skoða hvaða hlutverk það hefur í tengslum við heilsulæsi og sambúðarrétt eldra fólks. Tilgátan er að hægt sé að nota hugtakið sjálft til að skýra og styðja við ákveðna þætti þar. Með kerfisbundinni yfirlitsgreiningu á kenningum og rannsóknnum er hægt að framkvæma hagnýta hugtakagreiningu sem dregur fram eiginleika hugtaksins. Niðurstaðan er að sjálfræðið snýst ekki nema að hluta til um að ráða sér sjálfur. Í því felst einnig ákveðin ábyrgð sem er á herðum samfélagsins. Sú ábyrgð felst á því að tryggja að hinn aldraði hafi rými til nýta sér þá valkosti sem eru í boði og getu til að nýta sér þá. Það þýðir að framsetning þeirra sé á þann hátt að hin aldraði sé upplýstur út frá sínum forsendum og skilningur þannig tryggður. Að endingu er það sá hluti sjálfræðisins, sem snýr að valfrelsi, en það er hvort aldraðir sem einstaklingar kjósi að nýta sér þá valkosti sem í boði eru og þá út frá sínu gildismati.

Arnrún Halla Arnórsdóttir



## **Áhrif öráreitni á kynjasálfsmynd (e. sexual identity) og tjáningu kynverundar**

Erindið byggir á MA rannsókn um fötlun, kynlíf og kynverund. Markmið rannsóknarinnar er að skoða upplifun fatlaðs fólks af því að vera kynverur og aðgengi fatlaðs fólks að tjáningu kynverundar með því að beita kenningum um öráreitni og ableisma. Hugtakið ableism hefur í vaxandi mæli verið nýtt innan fötlunarfræða til að útskýra og fjalla um undirskipun fatlaðs fólks innan samfélagsins. Samhliða þessari þróun hefur hugtakið öráreitni (e. microaggression) rutt sér rúms innan ólíkra fræðasviða í tengslum við mismunun og ofbeldi gagnvart jaðarhópum. Öráreitni er dulin og lúmsk mismunun eða for-dómar sem beinast einna helst að jaðarsettum hópum. Með öráreitni er átt við atvik, í samneyti fólks, sem ein og sér virðast smávægileg (e. micro) en þegar fólk í jaðarsettri stöðu upplifir slík atvik jafnvel oft á dag verða áhrif og afleiðingar þeirra mikil.

Um er að ræða tilviksrannsókn og er gögnum aflað í gegnum einstaklings- og rýnihópaviðtöl og dagbókarskrif þátttakenda. Rannsókninni er ætlað að skoða upplifun fatlaðs fólks af líkómum sínum sem kynferðislegum og upplifun af öráreitni sem beinist að kynverund. Einnig eru áhrif öráreitni á tjáningu kynverundar skoðuð og upplifun fatlaðs fólks af skömm í tengslum við tjáningu kynverundar. Í rannsókninni er notast við hrif-kenningar sem og kenningar um skömm og nautn til að rýna í samfélagslegt samhengi kynverundar.

Embla Guðrúnardóttir Ágústsdóttir

## **Gleðispillar og vandræðagemlingar: Hrif, móðurhlutverkið og fötlun**

Saga þvingaðra ófrjósemisaðgerða og fóstureyðinga gegn fötluðum konum er löng. Áherslur löggjafar, stefnumótunar og framkvæmd í ættleiðingar- og fósturmálum bera þess glöggt merki að fötlun er álitin áhættuþáttur fyrir líf barna og miða gjarnan að því að koma í veg fyrir að fatlað fólk gerist foreldrar. Fræðikonan Sara Ahmed hefur skrifað mikið um hrif kenningar, m.a. um það sem hún nefnir feminíska gleðispilla (e. feminist killjoys), hamingjuhandritið (e. happiness script) og vandræðagemlinga (e. troublemakers). Í erindinu verður fjallað um hluta af doktorsverkefni Freyju Haraldsdóttur, *Fötlun og móðurhlutverkið á tímum nýfrjálshyggju: samtvinnun fötlunar, kyngervis og stéttar*, þar sem kenningar Söru Ahmed eru notaðar til að varpa ljósi á móðurhlutverkið og fötlun. Rýnt verður í opinber skrif fatlaðra mæðra á Íslandi og þau greind með hliðsjón af hrif kenningum Söru Ahmed. Einnig verður fjallað um fyrstu niðurstöður doktorsverkefnisins sem byggja á eigindlegum rýnihópa- og einstaklingsviðtölum við fatlaðar mæður en þær gefa til kynna að fatlaðar konur fari á svig við hamingjuhandritið með því að vera mæður eða vilja verða mæður. Fatlaðar mæður eru jafnframt taldar spilla gleði annarra, t.d. maka og barna, með því að gerast mæður, og eru álitnar vera til vandræða í ólíkum kerfum samfélagsins, t.d. heilbrigðis- og barnaverndarkerfinu, ef þær taka móðurhlutverkinu fagnandi og sjá fötlun sína sem styrkleika í uppeldi barna sinna.

Freyja Haraldsdóttir

## **Tíðni ofbeldis gegn fötluðum konum: Ný íslensk rannsókn**

Á síðastliðnum árum hafa íslenskar eigindlegar rannsóknir fjallað um eðli ofbeldis gegn fötluðum konum og ólíkar birtingarmyndir þess. Niðurstöðurnar hafa brugðið ljósi á það hvernig ofbeldið sem fatlaðar konur verða fyrir tengist náði jaðarsettri félagslegri stöðu þeirra, þjónustunni sem þær nota og aðstæðunum sem þeim eru skapaðar. Samkvæmt erlendum rannsóknum eru fatlaðar konur mun líklegri til að verða fyrir ofbeldi á lífsleiðinni en aðrar konur en þar til nýlega var tíðni slíks ofbeldis ekki þekkt á Íslandi. Í erindinu verður fjallað um nýjar meginlegar niðurstöður um tíðni ofbeldis gegn fötluðum konum, sem byggja á gögnum lýðheilsukönnunarinnar Heilsa og líðan sem landlæknisembættið lagði fyrir árið 2017. Verkefnið er hluti af doktorsverkefni höfundar sem miðar að því að rannsaka ofbeldi gegn fötluðum konum. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður lýsandi tölfræði og tvíkosta aðhvarfsgreiningar sem notuð var til að reikna líkur á ofbeldi hjá konum í ólíkri félagslegri stöðu. Niðurstöðurnar renna stoðum undir fyrri ályktanir um flókin vensl jaðarsetningar og ofbeldis og sýna að konur sem búa við margþætta mismunun eru mun líklegri til að hafa orðið fyrir ofbeldi en konur sem ekki eru í slíkri félagslegri stöðu.

Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir

## **Alþjóðlegar siðareglur: Nýjar áherslur í fagmennsku**

Í sumar samþykkti Alþjóðasamband blaðamanna nýjar siðareglur sem leysa af hólmi eldri reglur sem verið hafa í gildi frá því árið 1954. Í þessum nýju reglum eru ýmis nýmæli sem koma eiga til móts við breyttan veruleika fjölmiðlafólks og í nýjum reglum endurspeglast nýjar áskoranir sem fjölmiðlafólk stendur frammi fyrir. Í erindinu eru þessar breytingar kortlagðar og dregið fram hvort og hvernig áherslubreytingarnar endurspeglar þróun og breytingar sem hafa orðið á hefðbundnum gildum blaðamanna sem fagstéttar. Ný stafræn tækni, ekki síst samfélagsmiðlar, hafa bæði skipt upp almannarýminu sem hefðbundnir fjölmiðlar hafa talað inn í og gefið nýjum aðilum rödd, en það hefur aftur gert hlutverk blaðamanna óljósara og flækt skilgreininguna á því hvað blaðamennska er. Í nýjum alþjóðlegum siðareglum er kastljósinu m.a. beint að réttindum og skyldum blaðamanna og þannig komið til móts við þessa nýju stöðu. Í erindinu verða þessar breytingar ræddar í íslensku samhengi og bornar kerfisbundið saman við gildandi siðareglur Blaðamannafélags Íslands, og greiningarramma sem þróaður hefur verið af Birgi Guðmundssyni og Sigurði Kristinssyni um fagmennsku í blaðamennsku m.a. á Íslandi.

Birgir Guðmundsson

## **Viðmið úrskurða um góð og vinnubrögð blaða- og fréttamanna**

Í erindinu lýsir höfundur helstu niðurstöðum greiningar sinnar á því hvað Verðlaunanefnd Blaðamannafélags Íslands hefur frá 1993 talið til mestrar fyrirmyndar í blaða- og fréttamennsku á Íslandi. Beitt er orðræðugreiningu og rýnt í tilnefningar til verðlauna og verðlaunaðar umfjallanir. Þetta er borið saman við fyrri niðurstöður höfundar um sérstöðu íslenskra siðareglna blaða- og fréttamanna að uppbyggingu og túlkun hvað alvarlegustu brotaúrskurði varðar (slæm vinnubrögð).

Niðurstöðurnar eru bornar saman við alþjóðlegar gæðaviðmiðanir í faginu sem ekki síst Howard Gardner og félagar hafa útlistað. Meginniðurstaða er að viðmiðanir um góð vinnubrögð hérlendis eru ekki frábrugðnar erlendum viðmiðunum.

Friðrik Þór Guðmundsson

## **Traust á íslenskum fréttamiðlum**

Traust á fjölmiðlum og fréttafloftningi hefur verið mjög til umræðu undanfarin ár, ekki síst í ljósi tæknibreytinga sem gera nær öllum kleift að miðla efni og hafa gert skilin milli hefðbundinna fjölmiðla og annars konar miðlunar óskýrari en áður. Alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að það sé mjög misjafnt eftir löndum hversu mikið traust almenningur hefur á fréttafloftningi og virðast Norðurlandabúar skera sig nokkuð úr og bera meira traust til sinna fjölmiðla en gengur og gerist. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknar sem gerð var meðal almennings á trausti og tiltrú á fréttafloftningi hefðbundinna fjölmiðla, sem og samfélagsmiðla. Rannsóknin er hluti af viðameiri athugun á fjölmiðla- og fréttanotkun Íslendinga sem lögð var fyrir netpanel Félagsvísindastofnunar sumarið 2017. Tekið var 2500 manna tilviljunarúrtak úr netpanelnum og svörunin var um 50%. Spurningalistinn var fenginn frá Reuters Digital News Survey, alþjóðlegri könnun á fréttanotkun á tímum stafrænnar tækni, sem er ein sú umfangsmesta og ítarlegasta sinnar tegundar í heiminum. Mikilvægt þótti að nýta alþjóðlega könnun til þess að geta borið niðurstöður hér á landi saman við önnur lönd. Úrvinnsla þess hluta sem varðar traust stendur yfir og verða fyrstu niðurstöður kynntar á Þjóðarspeglinum og þær ræddar í samhengi við nýlegar rannsóknir.

Valgerður Jóhannsdóttir

Jón Gunnar Ólafsson

## **Framkvæmd eignarnáms - málstofan og hlutverk matsnefndar eignarnámsbóta**

Í erindinu verður annars vegar fjallað um viðfangsefni málstofunnar og mikilvægi þess, þar sem fyrirhugað er að fjalla um framkvæmd eignarnáms í víðu samhengi meðal annars á grundvelli rannsókna Karls Axelssonar og Ásgerðar Ragnarsdóttur sem birtust í greininni „Aðdragandi eignarnáms og framkvæmd á grundvelli þess: Frá hugmynd til veruleika“, sem birt var í Tímariti lögfræðinga árið 2018. Karl Axelsson hæstaréttardómari og dósent mun greina frá lagagrundvellingum að þessu leyti, sem einkum markast af lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, lögmennirnir Þórður Bogason og Guðjón Ármannsson munu fjalla um framkvæmd eignarnáms frá sjónarhóli eignarnema annars vegar og eignarnámsþola hins vegar. Að síðustu mun Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari og aðjunkt velta því upp hvort breytinga og eftir atvikum úrbóta sé þörf á lögum um framkvæmd eignarnámsbóta. Hins vegar verður í erindinu fjallað um matsnefnd eignarnámsbóta, sem komið var á fót með áðurgreindum lögum nr. 11/1973, og því hvernig hlutverk nefndarinnar einskorðast samkvæmt lögnum við að skera úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða á samkvæmt lögnum, og hvernig það fellur þar með utan valdsviðs nefndarinnar að leysa úr ágreiningi í tengslum við framkvæmd eignarnáms.

Valgerður Sólnes

## **Framkvæmd eignarnáms - lagaumhverfi**

Í framsögu verður grein fyrir því gerð að ferli eignarnáms sé í raun kaflaskipt þar sem einn þátturinn tekur til ákvarðanatöku um eignarnám, annar til ákvörðunar eignarnámsbóta en sá þriðji, og um margt víðfemasti, til framkvæmdar og lagaumhverfis eignarnáms og fléttast sá þáttur eðlilega mjög saman við hina tvo fyrri. Frá því að hugmynd verður til og þar til að hún hefur orðið að veruleika, með tilkomu þeirrar framkvæmdar sem um ræðir, hefur viðfangsefnið þróast og þroskast á hinum ýmsu stigum og liggur því til grundvallar fjölþætt ákvarðanatöku. Þar koma ekki bara við sögu lög nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, sem sérstaklega verður gerð grein fyrir, heldur jafnframt skipulag, mat á umhverfisáhrifum, leyfi stjórnvalda af ýmsum toga, þar á meðal framkvæmdaleyfi sveitarfélaga, samninga-viðræður við mögulegan eignarnámsþola, eignarnáms-ákvörðunin sjálf, umráðataka á grundvelli hennar fyrir eða eftir bótaákvörðun og afturhvarf frá eignarnámi. Grein verður gerð fyrir þeim lagaákvæðum sem um þetta fjalla og hvernig þau tengjast eignarnáminu bæði fyrir og eftir að eignarnáms-ákvörðunin sem slík hefur verið tekin og til nánari skýringa verða sérstaklega tekin dæmi úr dómum sem fjölluðu um svokallaða *Suðurnesjalínu* og gengu á í Hæstarétti á árunum 2015 - 2017.

Karl Axelsson



## **Er eignarnám skilvirkt réttarræði fyrir eignarnema?**

Fjallað verður um hversu skilvirk eignarnámsákvæði laga eru, kjósi eignarnemi að beita þeim eða óska eignarnámsheimildar frá stjórnvöldum. Í þessu sambandi verður velt upp spurningum um hvort flokka eigi eignarnámsheimildir frekar en gert er í dag og hvort skilyrði eignarnáms eigi að vera mismunandi eftir því um hvaða framkvæmdir er að ræða, s.s. vegna uppbyggingar innviða samfélagsins. Horft verður til lagaheimilda og dómsúrlausna í þessu sambandi, sem og eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Farið verður yfir sjónarmið sem varða samninga framkvæmdaraðila við landeigendur m.a. hagsmunamat milli almannaþarfar og eignarréttar og spurt hvort heppilegt sé að lögfesta einhver viðmið í því sambandi, m.a. atriði sem snúa að málaefnalegum sjónarmiðum og lengd samningaviðræðna við rétthafa. Þá verður fjallað um tengsl eignarnámsákvæða við aðrar heimildir og lagaferla sem framkvæmdir kunna að falla undir, s.s. mat á umhverfisáhrifum, rammaáætlun, framkvæmdaleyfi og önnur skipulagslöggjöf. Einnig verður farið yfir úrlausn deilumála er varðar eignarnám. Í lokin verður metið hvort nauðsyn sé að endurskoða nógildandi löggjöf um eignarnám í ljósi þeirra atriða sem tekin verða til umfjöllunar.

Þórður Bogason

## **Eignarnámsframkvæmd frá sjónarhóli eignarnámsþola**

Í erindinu verður sjónum beint að framkvæmd eignarnáms með tilliti til hagsmuna eignarnámsþola. Samhliða verður fjallað um réttarstöðu þeirra aðila sem verða fyrir eignarskerðingum í tilefni stórframkvæmda en eiga þó ekki eignaraðild að eignarnámsandlagi eins og það er skilgreint af hálfu eignarnema. Í því samhengi verður farið yfir sundurliðun eignarnámsbóta í dómum Hæstaréttar og úrskurðum matsnefnar eignarnámsbóta. Fyrir liggja fjölmargir úrskurðir matsnefndar þar sem stærstur hluti úrskurðaðra bóta er vegna verðfalls á þeim hluta eignar sem eftir stendur og var ekki hluti eignarnámsandlags. Verða einstök tilvik skoðuð með tilliti til bótareglu skipulagslaga nr. 123/2010.

Loks verður sjónum beint að samspili laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973 og laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Fyrir liggur að umhverfismatið, eignarnámsferlið og hinar verklegu framkvæmdir geta í einstökum tilfellum, samanlagt, staðið yfir í marga áratugi. Skoðað verður hvort hagsmunir eignarnámsþola séu nægjanlega tryggðir við þær aðstæður. Að lokum verður því velt upp hvort ástæða sé til breytinga á lögum sem lúta að hagsmunum þeirra aðila sem verða fyrir eignarskerðingum.

Guðjón Ármannsson

## **Framkvæmd eignarnáms: Er breytinga þörf?**

Í erindinu verður fjallað um hvort breytinga sé þörf á lögum um framkvæmd eignarnáms, einkum í ljósi þess sem fram hefur komið í erindum annarra framsögumanna. Telja verður að núverandi lagaumhverfi taki ekki nægilegt mið af þeim veruleika sem staðið er frammi fyrir þar sem framkvæmdir þurfa að sæta ýmis konar lögbundnum undirbúningi áður en til greina kemur að taka ákvörðun um eignarnám. Til að mynda ríkir óvissa um hvernig tímasetningu eignarnáms skuli hagað og hvernig skilgreina beri réttarstöðu þess aðila sem kann síðar að fá stöðu eignarnámsþola. Jafnframt skapar það óvissu að ákvörðun kann að hafa verið tekin um eignarnám og umráðataka að hafa farið fram, en á sama tíma geta verið rekin dómsmál sem varða lögmæti ákvarðana sem varða undirbúning framkvæmdar og teknar voru áður en eignarnám var heimilað. Fjallað verður um hvort unnt gæti verið að auka réttaröryggi með heildstæðri löggjöf sem tæki til ferils eignarnáms frá undirbúningi til umráðatöku eftir að eignarnámsbætur hefðu verið ákveðnar. Samhliða verður vikið að tilteknum álitaeftum, svo sem því hvort sama stjórnvaldið ætti í öllum tilvikum að taka ákvörðun um eignarnám, hvaða kröfur beri að gera til samningaviðræðna og möguleikum á að láta reyna á eignarnámsákvörðun fyrir dómi.

Ásgerður Ragnarsdóttir

## **Foreldrar, fæðingarorlof og staða á vinnumarkaði**

Árið 2000 voru lög um fæðingar og foreldraorlof (nr. 95/2000) samþykkt á Alþingi. Um var að ræða róttæka löggjöf þar sem Ísland varð fyrst landa til að veita báðum foreldrum jafnan sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Í erindinu verður spurt hvaða áhrif fæðing fyrsta barns hafi á stöðu feðra og mæðra á vinnumarkaði og hvort breytingar hafi átt sér stað síðan lögin tóku gildi. Fyrst verður fjallað um hvort breytingar hafa orðið á því hvernig foreldrar hreyfast innan starfs og milli starfa eftir fæðingu fyrsta barns eftir gildistöku laganna. Þá verður skoðað hvernig orlofsnýting tengist því hvort foreldrar telja auðvelt eða erfitt að samhæfa vinnu og fjölskyldulíf. Birtar verða niðurstöður úr fjórum könnunum meðal foreldra ungra barna. Árið 2001 var gerð umfangsmikil könnun á atvinnuþátttöku og tilhögun umönnunar meðal foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árið 1997, áður en lögin komu til framkvæmda. Könnunin var endurtekin árið 2007, meðal foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árið 2003, en þá áttu feður rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi. Könnunin var aftur gerð árið 2013 og gagna var aflað í fjórða sinn vorið 2018, meðal foreldra fjögurra ára barna. Kannanirnar gefa einstakt tækifæri til að meta hvernig foreldrar hafa hagað atvinnuþátttöku síðastliðin 20 ár og breytingar á áhrifum fæðingar á stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Ásdís A. Arnalds

Guðný Björk Eydal

## **Fæðingarorlof og æðstu stjórnendur: kynjaójafnrétti á íslenskum vinnumarkaði**

Á Íslandi hafa mörg mikilvæg skref verið tekin í átt að auknu jafnrétti kynjanna. Konur og karlar hafa sömu réttindi þegar kemur að fæðingarorlofi og eiga rétt á að snúa aftur í sitt fyrra starf að því loknu. Þrátt fyrir framsækna velferðastefnu þá eru fáar konur í æðstu stjórnendastöðum á íslenskum vinnumarkaði. Í þessu erindi er sjónum beint að einsleitni í æðstu stjórnendastöðum með því að leita skýringa í reynslu og viðhorf framkvæmdastjóra til fæðingarorlofs og fjölskylduábyrgðar. Alls voru 30 viðtöl tekin við kven- og karlkyns framkvæmdastjóra á árunum 2015 og 2016. Sú fræðilega nálgun sem greiningin byggir á fjallar um valdatengsl ástarinnar (e. love power). Helstu niðurstöður gefa til kynna að stjórnendur telja foreldraorlof hindrun. Á meðan að karlar litu á foreldraorlofið sem val þá var veruleiki kvenna annar. Þær þurftu því að finna leiðir til að sinna ungviðinu og krefjandi starfi á sama tíma. Til að auka kynjajafnrétti í æðstu stjórnendastöðum er nauðsynlegt að beina sjónum ekki eingöngu að þeim hindrunum sem eiga sér stað innan fyrirtækjanna heldur líka hvað á sér stað í nánnum samböndum, sérstaklega þegar stjórnendur eiga börn sem búa á heimilinu.

Ólöf Júlíusdóttir

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Þorgerður Jennýjardóttir Einarsdóttir

## **Fæðingarorlof í prentmiðlum árin 2000 til 2017**

Á vordögum árið 2000 samþykkti Alþingi einróma ný lög um fæðingar- og foreldraorlof. Mjög róttækar breytingar voru þar með gerðar sem hefði mátt ætla að vektu töluverðar umræður og deilur. Svo varð ekki á þingi en mikilvægt er að skoða hvort merkja megi samfélagslegar deilur eða umræður við laga-setninguna eða síðar. Sérstaklega á þetta við um þá stóru breytingu að binda hluta orlofsins við hvort foreldri en þegar lögin voru sett var ekkert ríki heims sem batt jafn langt fæðingarorlof við feður. Markmið rannsóknarinnar var að skoða umfjöllun í íslenskum prentmiðlum um fæðingarorlof frá því að nýju lögin voru sett árið 2000 og til ársins 2017. Leitað var á timarit.is eftir orðinu „fæðingarorlof“ og öll dæmi um það orð skráð. Í kjölfarið var umfjöllun flokkuð í nokkra hópa og innhaldsgreind. Meðal helstu niðurstaðna er að umfjöllun er ekki mikil, hún er á heildina litið jákvæð og þá sjaldan umfjöllun er ítarleg snýr hún að fæðingarorlofstöku feðra. Fæðingarorlof mæðra virðist svo sjálfsgagt að óþarfi er að fjalla um það. Greiningin styður fyrri niðurstöður um að breið samfélagsleg eining sé um uppbyggingu fæðingarorlofs feðra með þeim hætti sem lögin frá árinu 2000 segja til um.

Ingólfur V. Gíslason

Sunna K. Símonardóttir

**„Það er auðvitað bara, það er bardagi“. Um samræmingu fjölskyldu og atvinnu á meðal doktorsmenntaðra**

Þrátt fyrir góða stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði þegar kemur að jafnrétti kynjanna benda rannsóknir til þess að enn sé nokkuð óunnið þegar kemur að verkaskiptingu á heimilum. Konur bera enn meiri ábyrgð á heimilishaldi og umönnun barna. Þetta virðist eiga við þvert á stéttir og óháð menntun fólks. Niðurstöðurnar sem hér eru kynntar byggja á íslenskum hluta norrænnar rannsóknar sem hefur það að markmiði að skoða starfsferilspróun á meðal fólks með doktorspróf, sem starfar bæði innan og utan háskóla. Rannsóknin byggir á fjölpætri gagnaöflun en hér verða kynntar niðurstöður úr viðtölum sem tekin voru við 32 einstaklinga. Um er að ræða konur og karla sem luku doktorsprófi á síðustu 5–20 árum og starfa á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöðurnar benda til þess að konur sem lokið hafa doktorsprófi séu líklegri en karlar með doktorspróf til að lýsa álagi sem fylgir samræmingu fjölskyldu og atvinnu. Þá benda niðurstöðurnar til þess að akademískt starfsfólk finni fyrir meiri streitu við að samræma fjölskyldu og atvinnu en doktorsmenntaðir sem starfa utan háskólasamfélagsins. Háskólafólki er tíðrætt um kosti sveigjanleikans sem það nýtur en talar jafnframt um að í honum felist þrýstingur á að vera alltaf í vinnunni, sem bitnar gjarnan á heimilisstörfum og fjölskyldulífi.

Andrea Hjálmsdóttir

## **Áhrif kyns, aldurs og fjölskyldugerðar á starfsferilsþróun doktorsmenntaðra á Íslandi**

Síðan árið 2009 hefur Ísland setið á toppi lista Alþjóðalega efnahagsráðsins yfir þau lönd sem teljast standa hvað best hvað varðar jafnrétti kynjanna. Þrátt fyrir þann árangur hafa rannsóknir hér á landi sýnt fram á viðvarandi kynjahalla, ekki síst þegar kemur að akademíunni, stjórnunarstöðum í fyrirtækjum og launum. Nýlegar greiningar á stöðu kynjanna í íslensku háskólasamfélagi hafa til að mynda sýnt að karlar eru ekki einungis líklegri til að vera í prófessorsstöðum heldur reynist framgangur þeirra einnig almennt nokkuð hraðari en kvenna. Eins sýna tölur frá Hagstofunni fram á töluverðan mun körlum í vil þegar kemur að stjórnunarstöðum og launum. Í ljósi þessa er markmið rannsóknarinnar að skoða þróun starfsferils doktorsmenntaðra einstaklinga bæði innan sem utan akademíunnar og kanna sérstaklega hvernig aldur, kyn og fjölskyldugerð hafa áhrif á þá þróun. Til greiningar verða nýtt langtímagögn Hagstofunnar frá árunum 1997–2017. Sjónum verður beint að einstaklingum með 5–20 ára gamalt doktorspróf. Sérstaklega munum við skoða starfs- og launaþróun einstaklinga, en einnig verða þættir tengdir þróun fjölskyldugerðar, líkt og barneignir og fæðingarorlofstaka skoðuð. Á grundvelli gagnanna viljum við kortleggja starfsferil þessa tiltekna hóps og greina með hvaða hætti fyrrnefndir þættir hafa áhrif þegar kemur að starfsferilsþróun þeirra á ólíkum sviðum vinnnumarkaðarins.

Maya Staub



## **Náttúru-/virki Menningararfur, söfnun og efnismenning barna í Mývatnshrauni**

Ég hafði gengið um Mývatnshraun af og til í tíu ár en ég hafði aldrei komið auga á þau. „Sjáðu!“ sagði ferðafélagi minn sem ólst upp á sveitabæ við hraunræturnar. „Sjáðu, þarna er virkið okkar“. Ég pírdi augun en kom bara auga á toppa hraunhólanna: minningar náttúrunnar um eldsumbrot árpúsundir aftur í tímann. Það var ekki fyrr en ég hafði klifrað hraunhellurnar upp á topp hólans að ég sá það: Bjarg reis upp af toppi hólans en hrauni hafði verið raðað nostursamlega frá öðrum enda til hins svo það myndaði hring. Ofan í hringnum lá hálfryðguð bárujárnsplata sem einhvern tímann hafði verið þak og skammt frá bein af ótilgreindu dýri. Börn í Mývatnssveit höfðu byggt þetta virki. Hraunið var leikvöllur þeirra, íþróttavöllur og vinnustaður þegar þau gættu kinda. Í þessari rannsókn er virkið skoðað samtímis sem kær hlutur og staður sem er samofinn náttúru, samfélagi, tíma og rúmi. Stuðst er m.a. við hugmyndir Gísla Pálsonar og Heather Anne Swanson um jarðarsambönd (e. geosocialities) sem varpar ljósi á óstöðug mörk menningar og náttúru eins og hún birtist í hefðbundnu skipulagi á safnkosti. Niðurstöður benda til þess að slíkur óstöðugleiki veiti opinberum skilgreiningum á menningararfi og safnkosti öflugt viðnám og veki upp tímabærar spurningar um rof, samvinnanir og sjálfbæra framtíð.

Arndís Bergsdóttir

## **Vald fagurfræðinnar? Söfnun Matthíasar Þórðarsonar 1908-1947**

Í þessum hluta öndvegisverkefnisins *Heimsins hnoss, söfn efnismenningar, menningararfur og merking* er hluti af safnkosti Þjóðminjasafns Íslands tekinn til skoðunar. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á þær ólíku hliðar fortíðarinnar sem efnismenning samfélagsins endurspeglar. Hér verður fjallað um hvernig fyrsti þjóðminjavörðurinn, Matthías Þórðarson sem starfaði frá 1908-1947, byggði upp safnkost Þjóðminjasafns Íslands og þær áherslur sem hann fylgdi eftir við söfnun gripa. Í erindinu verður meðal annars rýnt í áhugaverða gripi og gripaflokka sem safnað var á tímabilinu og þeir settir í samhengi við hugmyndafræði safna þess tíma. Gildismat Matthíasar var leiðarljós við söfnun hans í fjóra áratugi og hafði það áhrif á þá heild safneignar sem var afraksturinn af því starfi. Þegar um er að ræða þjóðarsafn, þá skiptir máli hvort markmiðið sé að varðveita helstu dýrgripi þjóðarinnar, úrval besta handverksins eða gripi sem endurspeglar sögu þjóðarinnar. Stofnun og uppbygging Þjóðminjasafnsins var liður í mótun þjóðríkisins, en söfnun Matthíasar verður rædd með hliðsjón af hugmyndum um hlutverk fagurfræði frá fyrri hluta 20. aldar. Velt verður upp spurningum um hvort birtingarmyndir þeirra í safnkostinum hafi verið tilraun til að hafa áhrif á þróun íslensks borgarasamfélags.

Anna Lís Rúnarsdóttir

## **Hið breytilega samband manna og hluta. Efnismenning fortíðar og varðveisla samtímans**

Efnislegir munir geta verið góð heimild um fortíðina, en þeir geta einnig sagt okkur töluvert um samtímann. Eigur fólks gefa okkur innsýn í hversdagslíf þeirra, en sumar þeirra eiga sér framhaldslíf sem safngripir sem áhugavert er að velta fyrir sér. Hér verður samband manna og hluta í fortíð og nútíð skoðað og hvernig það getur breyst. Nokkrar dánarbúsuppskriftir frá 19. öld og heimildir um efnismenningu þess tíma verða sýndar og hversdagslegir gripir í varðveislu Þjóðminjasafn Íslands frá sama tíma verða sérstaklega skoðaðir.

Markmið rannsóknarinnar er meðal annars að greina safnkost Þjóðminjasafnsins frá 19. öld og bera hann saman við þá efnismenningu sem dánarbúsuppskriftirnar gefa til kynna. Skoða hvað er efnismenning og hvaða áhrif hún hefur á varðveislu samtímans á munum frá fortíðinni? Hvers konar gripir koma frá fortíðinni og hverjir eru það sem „gleymast“? Efnistöð þessa fyrirlesturs er hluti af doktorsrannsókn höfundar sem fjallar um efnismenningu í fortíð og nútíð. Hér verður rætt um frumgreiningu á safnkosti Þjóðminjasafns Íslands frá rannsóknartímabilinu og borið saman við eigur fólks frá 19. öld.

Anna Heiða Baldursdóttir

## **The transition from an Emigration to an Immigration Country. The case of Iceland 1960–2018**

This paper looks at international migration flows to and from Iceland from a long-time perspective. Demographic data from Statistics Iceland is used to shed light on trends in international migration since the 1960s. The focus is on the interplay between emigration of Icelandic born individuals and return migration of those individuals and on the mobility of immigrants to Iceland. The focus is on migration trajectories of different immigrant groups, old and new, to shed light on these changes.

International migration in Iceland differs substantially from the Nordic countries. Emigration from Iceland has thus been high since the 1960s and until recently immigration rates were low. Whereas, the other Nordic countries recruited large numbers of workers from different countries during the 1960s, immigrants in Iceland were few and came mainly from the other Nordic countries and the anglosaxon world. The trajectories of those “old” immigrants were to a large extent related to the destination of Icelandic emigrants.

Recently, important demographic changes have taken place in Iceland and immigration has increased greatly. At the same time Icelandic emigration has remained relatively stable with some yearly fluctuations related to economic cycles. An important feature of the Icelandic emigration is a notable return migration which has also been constant. At the same time, the profile and the size of the immigrant population has changed.

Ólöf Garðarsdóttir

**„Vegna þess að við erum frekar dugleg með  
íslenskuna, þá bara get ég ekki kvartað neitt“:  
Innflytjendafjölskyldur og fötluð börn**

Tilgangur rannsóknarinnar sem hér er kynnt var að kanna hvernig innflytjendafjölskyldur sem eiga fötluð börn takast á við daglegt líf hér á landi, samskipti þeirra við nærsamfélagið og þjónustukerfin sem ætlað er að styðja fjölskyldur fatlaðra barna. Kenningar Bourdieu og gagnrýnin fötlunarsjónarhorn voru höfð að leiðarljósi. Rannsóknarsniðið var eiginlegt og byggðist á viðtölum við foreldra og þátttökuathugunum á heimilum þeirra. Tólf innflytjendafjölskyldur tóku þátt í rannsókninni. Þær höfðu dvalið á Íslandi frá 18 mánuðum að 20 árum og áttu samtals 16 fötluð börn. Reynsla fólks var margþætt og breytileg en staða margra fjölskyldna var erfið, þær stóðu einar og höfðu lítið stuðningsnet. Þótt samanburðurinn við upprunalandið væri hugsanlega hagstæður gat reynst erfitt að takast á við og samþætta viðfangsefni daglegs lífs. Óvissa í húsnæðismálum, atvinnumálum og fjármálum mótaði líf margra. Tungumálakunnátta, tryggur fjárhagur, öruggt húsnæði og viðeigandi stuðningur réð mestu um það hvort og hvernig fjölskyldunum gekk að byggja upp og nýta félags- og menningarauð í nýju landi. Mikilvægt er að huga að samskiptum og upplýsingagjöf í þjónustu við innflytjendafjölskyldur með fötluð börn með menningarhæfni að leiðarljósi.

Snæfríður Þóra Egilson

Guðbjörg Ottósdóttir

Unnur Dís Skaptadóttir

## **Trú á flakki – Ólík viðhorf sækja íslenska múslíma heim**

Erindi mitt fjallar um trúarhugmyndir í þverþjóðlegu samhengi og er byggt á etnógrafískum dæmum um tvær heimsóknir utan úr heimi til íslenskra múslíma. Viðfangsefnið tengist doktorsverkefni mínu um samfélag múslíma á Íslandi og byggir á etnógrafískri þátttökurannsókn, ásamt formlegum og óformlegum viðtölum. Þessi hluti rannsóknarinnar byggir á þátttöku á vettvangi og óformlegum samræðum við gestina sem og við íslenska múslíma. Markmiðið var að kanna viðhorf íslenskra múslíma til ólíkra trúarlegra viðhorfa. Gestirnir tilheyrðu tvennskonar þverþjóðlegum, íslömskum samtökum sem eiga sér fylgismenn víða um heim, Tablighi Jama'at og Gülen hreyfingunni. Tablighi Jama'at flokkast sem bókstafstrúarleg boðunarhreyfing, en Gülen hreyfinguna má skilgreina sem hófsama, sem vinnur að nánari samskiptum íslam við önnur trúarbrögð og að byggja brú á milli íslam og vestrænna viðhorfa (veraldarhyggju). Gülen hreyfingin er andsnúin trúboði. Niðurstaðan er að þeir íslensku múslímar sem hlýddu á boðskap gestanna voru að mestu fráhverfir þröngum hugmyndum Tablighi Jama'at og sögðust ekki kæra sig um svona þrönga sýn á íslam, en flestir voru jákvæðir í garð fulltrúa Gülen hreyfingarinnar, án þess þó að samsama sig henni sérstaklega. Ennfremur er niðurstaðan sú að meðal íslenskra múslíma er ekki greinanlegur jarðvegur fyrir öfgafull viðhorf í trúmálum og einnig að hinn hófsami meðalvegur er æskilegasta leiðin.

Kristján Þór Sigurðsson

## **Flakk og framhaldslíf: lundar og hvítabirnir á mannöld**

Í þessu erindi ræðum við um frásagnir, hreyfanleika og táknmyndir lunda og hvítabjarna í þjóðfræðilegu og menningar-sögulegu samhengi. Fjallað verður um það hvernig táknræn merking þessara dýra hefur mótast í gegnum tíðina. Við skoðum hvernig þau birtast okkur í samtímanum, m.a. í ferðamennsku, á söfnum og öðrum sjónrænum miðlum sem táknmyndir, t.d. fyrir ákveðna hópa og/eða landsvæði á borð við norðurslóðir. Þá ræðum við um birtingarmyndir þeirra í orðræðum um þverþjóðleg tengsl, umhverfisvá, líffræðilegan fjölbreytileika og útrýmingu tegunda. Við beinum sjónum að framhaldslífi þessara dýra í formi listmuna, safngripa og minjagripa. Við spyrjum m.a. hvað gerist þegar lifandi dýri er breytt í safngrip eða minjagrip? Hvaða spurningar og umræðu vekja slíkir gripir? Nálgun okkar byggir á þverfræðilegri aðferðafræði þar sem við notumst við þjóðsagnafræðilegar og sjónrænar aðferðir. Við greinum hvernig tilteknir hlutir eða dýr öðlast merkingu, vald og/eða gildi í gegnum ólíkar frásagnir og framsetningar á opinberum vettvangi á borð við söfn eða sýningar. Með hliðsjón af nálgunum eftirmennskunnar (e. Posthuman approaches) og fjöltegundaetnógrafíu er lögð áhersla á að greina dýr, hluti og gripi sem mikilvæga „gerendur“ í mótun samfélaga, tengslaneta og sýn okkar á veröldina.

Katla Kjartansdóttir og Kristinn Schram

## **Transnationalism and grassroots movements: Polish migrants' protests in Iceland**

On October 3, 2016 a black-dressed crowd gathered on Austurvöllur in Reykjavik, a square in front of the Icelandic parliament. Polish migrants, along with other foreigners living in Iceland and lots of Icelanders, came together to show their solidarity with women in Poland who went on strike that day to protest against a proposed abortion ban. This event was often referred as "Black Monday" in line with "Black Protest(s)", which were part of the ongoing resistance movements commenced already in April 2016 as reaction to proposed new bill that would restrict access to abortion considerably. The demonstration in Reykjavik was one of many similar organized in other cities across the world. However, since the idea that women in Poland would abandon work as a form of a protest was blatantly inspired by Icelandic women's strike in 1975, it gave additional motivation for people in Iceland to participate. Moreover, although initiated by Polish migrants, the protests genuinely involved Icelandic local population. In this presentation, I discuss the Black Monday in Reykjavik as an example of migrants' grassroots movement and expression of their transnational practices, which in turn results in Iceland's entanglement into the politics of another country. I show, how migration flows entail different kinds of (bi-directional) movements; not only people and commodities, but also images and ideas. The presentation draws on interviews with Polish leaders of the protests, analysis of the speeches given that day as well as my longitudinal study among Polish migrants.

Anna Wojtyńska



**„Ekkert að frjetta nema bágindi“ -  
Þjóðsagnasafnarar segja hug sinn í bréfum til  
Jóns Árnasonar**

Í rannsóknarverkefninu „Íslenskar þjóðsögur og ævintýri: Tilurð, samhengi og söfnun 1864–2014“ voru skrifuð upp bréf sem send voru Jóni Árnasyni þjóðsagnasafnara á söfnunartímanum, eða á árunum 1858 til 1864. Sérstök áhersla var lögð á uppskriftir bréfa frá þeim sem Jón hafði beðið um að safna þjóðsögum úti um landið í þeim tilgangi að skoða svör þeirra og hugmyndir um þjóðsögur og söfnun þeirra. Rannsakendur töldu að mikilvægt væri að sjá mismunandi viðhorf fólks til sagnanna þannig að neikvæð svör skiptu einnig miklu máli. Í ljós hefur komið að bréfin geyma einnig margskonar annan fróðleik. Fyrst og fremst birtir bréfasafn Jóns Árnasonar góða mynd af tengslaneti hans, en langflestir bréfritararnir eru skólagengnir karlar eða alþýðu-fræðimenn. Innan um má þó finna bréf frá konum sem oftast tengjast Jóni þá persónulega, annað hvort fjölskyldu- eða vina-böndum. Allt þetta fólk á það sameiginlegt að segja hug sinn í bréfunum. Þau biðja Jón um að annast ýmislegt fyrir sig í höfuðstaðnum, þau lýsa áhyggjum af búskapnum, fjárhagnum og heilsu sinni eða annarra nákominna og sorgum sínum vegna dauðsfalla. Þau segja einnig gleðifréttir af hamingjuríkum samböndum og barnsfæðingum. Í bréfunum opnast gluggi inn í tilfinningalíf fólks og í þeim má lesa ýmislegt um samskipti fólks og samfélagið. Þar birtist brot af lífinu sjálfu.

Rósa Þorsteinsdóttir

## **Tilhugalíf í textum**

Þann 29. nóvember 1865 gengu vinnuhjúin Ragnhildur Brynjólfsdóttir og Sighvatur Grímsson í hjónaband í Múlakirkju á Barðaströnd. Brúðguminn skráði atburðinn í dagbók sína með þessum orðum: „Þá giptist eg í Múlakirkju, og Jón eldri á Ingunnarstöðum Elínu konu sinni“. Persónulegar heimildir frá 19. öld, og þá ekki síst dagbækur, hafa oft verið sagðar vera bæði fálátar og stutturðar um tilfinningar og upplifanir fólks, hvort sem um er að ræða hörmungar eða hamingju. Í þessum fyrirlestri verða færslur og frásagnir um tilhugalíf og hjúskap Ragnhildar og Sighvats, eins og þær birtast í dagbókum þess síðarnefnda, lesnar saman við aðrar heimildir um tilfinningasamband þeirra. Þar verður einkum vikið að bókmenntatextum, frumsömdum og uppskrifuðum, og því hlutverki sem þeir gegndu í samskiptum parsins í upphafi sambands þeirra.

Byggt er á ítarlegum rannsóknum mínum á dagbókaskrifum á Íslandi annars vegar og handritamenningu 19. aldar hins vegar, með áherslu á líf og störf Sighvats Grímssonar Borgfirðings. Í erindinu verður unnið með kenningar um sögu tilfinninga (*history of emotions*), hversdagslega læsisiðkun (*vernacular literacy practices*) og efnismenningu (*material culture*). Erindið er hluti af rannsóknarþætti mínum í Öndvegisverkefninu *Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking*.

Davíð Ólafsson

*Hörmung og hamingja: Hversdagslíf og hugmyndaheimur í persónulegum heimildum frá 19. öld*

## **Birtingarmyndir fátæktar í dagbók frá 19. öld: „Hafa börnin oft grátið af sulti og kulda“**

Líf fátæks fólks hefur aldrei verið dans á rósum. Um það vitna fjölbreyttar heimildir fyrr og nú. Óvenjulegt er þó að fá jafn glögga og persónulega innsýn í lífshlaup í skugga fátæktar og finna má í dagbók Jóns Jónssonar. Dagbókin er skráð á árunum 1846-1879 og hefur verið til rannsóknar hjá Rannsóknasetri HÍ á Ströndum með það fyrir augum að varpa skýrara ljósi á hversdagslíf fátæks fólks á 19. öld, viðfangsefni þess og stöðu í samfélaginu, auk tjáningu tilfinninga. Jón var fæddur árið 1795 og var því fimmtugur þegar hann byrjaði á dagbókinni og hélt áfram að skrifa í hana þar til hann lést á 84. aldursári.

Framan af var Jón bóndi, en hefur þó augljóslega meiri áhuga á sjósókn en búskaparbaslinu. Hann hrekst af bæ sínum í kringum 1860 og sest að í kofa við sjávarsíðuna með konu sinni. Eftir að hún deyr flosnar hann upp og fer hálfpartinn á vergang um tíma, sjötugur að aldri. Hann dvelur síðan á heiðarbýli hjá dóttur sinni og fjölskyldu hennar fimm erfið ár, þar sem oft skortir fæði og eldivið. Betliferðir á efnameiri bæi eru þá reglubundinn viðburður. Síðustu ár ævinnar átti hann betri tíma hjá annarri dóttur sinni sem bjó við sjávarsíðuna. Dagbókin gefur einstaka innsýn í lífshlaup fátækklings og gamalmennis á síðari helming 19. aldar.

Jón Jónsson

## **„Annars vorum við foreldrar þess sársaknaða ástvinar sinnultlir“: Sorgin í skrifum bændafólks á Ströndum á 19. öld**

Í erindinu er fjallað um tilfinningalíf fólks í gamla bændasamfélaginu á 19. öld, einkum út frá dagbókarskrifum Jóns „gamla“ Jónssonar er bjó við þröngan kost á ýmsum stöðum á Ströndum. Fyrri rannsóknir sýna að það sem fólk setti í dagbækur sínar hefur verið valið gaumgæfilega, enda plássið dýrmætt og mikilvægt að koma því að sem skipti ritarann máli. Skrifurum verður þar æði tíðrætt um paktíska hluti á borð við veðurlag, tíðarfar og dagleg störf. Ljóst er að dauðinn var áberandi og mikilvægur hluti af hversdegi landsmanna á 19. öld, svo sem vegna ungbarnadauða, slysa og sjúkdóma, en þó fékk hann litla umfjöllun í dagbókum og virðist oftast en ekki settur fram sem fréttæfni í framhjáhlaupi. Sorgin og viðbrögð við dauðanum fær sömuleiðis ekki mikið pláss. Í dagbókum Jóns „gamla“, sem hann hélt árin 1846-1879, kveður að ýmsu leyti við nýjan tón og þar má sjá einlægar lýsingar á sorginni, viðbrögðum við barnamissi, áhyggjur af sorgarviðbrögðum ástvina eftir missi og áhugaverðar tilraunir til að lækna fólk af sorg.

Rannsóknin er unnin á vegum Rannsóknarseturs HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu, þar sem dagbækur Jóns og fleiri einstaklinga af Ströndum eru nú til skoðunar.

Eiríkur Valdimarsson

## „Er þetta ekki bara einhver sýniþörf í manni? Ha?": Dægurtónlistarfólk á Íslandi

Erindið byggir á doktorsritgerð höfundar og leitast við að útskýra þá samfélagslegu krafta sem knýja heim íslenskra dægurtónlistarmanna. Kenningar Pierre Bourdieu um veruhátt og menningarframleiðsluviðið, rit Howard Becker um eðli listheima (Art Worlds) og rannsókn mannfræðingsins Ruth Finnegan á tónlistarlífinu í enska bænum Milton Keynes liggja til grundvallar rannsókninni.

Aðferðafræði byggðist á hálfopnum viðtölum við 30 íslenska tónlistarmenn, etnógrafískri þátttökurannsókn, sögulegum heimildum auk reynslu höfundar og innsæis eftir um tuttugu ára starf sem tónlistarblaðamaður. Lagt var upp með grundaða (e. „grounded“) kenningu en rannsóknarspurning var þríþætt: a) af hverju þarftu að búa til tónlist?, b) koma henni á framfæri? og c) á hvaða hátt spilar íslenskt samfélag inn í starfseminu?

Niðurstöður ríma við þá staðreynd að Ísland er örsamfélag. Fimm grunnþemu komu í ljós, sum þeirra tengd almennu-/alþjóðlegu hegðunarmynstri dægurtónlistarmanna á meðan önnur tengdust íslenskum raunveruleika einvörðungu. Í þessu tiltekna erindi verður sjónum beint sérstaklega að upplifun dægurtónlistarmannanna af starfi sínu, hvernig þeir lýsa vonum, þrám, sigrum og sorgum. Athugað verður hvernig kenning Bourdieu um veruhátt passar hinu séríslenska ástandi sem niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós.

Arnar Eggert Thoroddsen

## Íslensk tónlist í tölum: Hvað vitum við?

Árið 2017 voru áætlaðar heildartekjur íslenska tónlistariðnaðarins um 3,5 milljarðar króna og rúmlega helmingur þeirra kom til vegna lifandi flutnings á tónlist. Til viðbótar voru 2,8 milljarðar áætlaðir í afleiddar tekjur til samfélagsins vegna komu tónlistarferðamanna til Íslands.

Þetta kom fram í skýrslunni Íslensk tónlist í tölum, sem unnin var af Erlu Rún Guðmundsdóttur og dr. Margréti Sigrúnu Sigurðardóttur á árunum 2017-2018. Þar kom einnig fram að samkvæmt tónlistarmönnum sjálfum er lifandi flutningur tónlistar orðin þeirra mikilvægasta tekjulind. Mikilvægi annarra tekjulinda var ekki eins afgerandi og misjafnt eftir hópum hvað kom á eftir lifandi flutningi. Skýrslan Íslensk tónlist í tölum var unnin úr gögnum frá ýmsum aðilum í tónlistarbransanum, til að mynda STEFi, SFH og ÚTÓN, sem og úr niðurstöðum úr könnun sem lögð var fyrir starfandi tónlistarfólk. Auk þess að leiða í ljós ákveðna þróun innan íslenska tónlistariðnaðarins, skýra uppbyggingu hans og starfsumhverfi tónlistarmanna, gaf greiningarvinnan höfundum góðar hugmyndir um hverju væri ábótavant og hvað erfitt væri að segja til um út frá fyrirliggjandi gögnum. Erindið byggir á niðurstöðum þessarar skýrslu, vanköntum hennar og tækifærum til áframhaldandi meginlegra rannsókna á íslenska tónlistariðnaðinum. Einnig verða niðurstöður og aðferðir bornar saman við sambærilegar skýrslur frá öðrum Norðurlöndum.

Erla Rún Guðmundsdóttir

## **Umfjöllun um íslenska tónlist í breskum fjölmiðlum og áhrif Bjarkar**

Rannsóknin snýst um hvernig ímynd íslenskrar tónlistar hagar sér á erlendri grundu, og þá sérstaklega með tilliti til ríkra áhrifa Bjarkar og Sigur Rósar að því leytinu til. Með því að greina 195 greinar um íslenska tónlistarmenn í þremur stærstu fjölmiðlum Bretlands árin 2001 - 2015 komust höfundar að því að í skrifum erlendra blaðamanna hefur íslensk tónlist sterka tengingu við náttúru Íslands og það sem kalla mætti „annarsheimslega“ eiginleika. Ungir íslenskir tónlistarmenn hafa getað nýtt sér þessa ímynd í gegnum tíðina, sem er að mestu tilkomin vegna Bjarkar og Sigur Rósar, tónlist sinni til framdráttar. Helstu niðurstöður voru þær, að þessi sterka ímynd er einslags vörumerki („brand“) sem hefur mótað skrif og skynjun erlendra blaðamanna gagnvart íslenskri tónlist um leið. Áhrifin á íslenska tónlistariðnaðinn sem slíkan eru líka tilfinnanleg. Á hinn bóginn hafa nýtilkomnar sveitir, eins og Of Monsters and Men og Kaleo, sveigt frá þessari ímynd og teljast því vera „tónlistarmenn frá Íslandi“, fremur en „íslenskir tónlistarmenn“ („music from Iceland“ vs. „Icelandic music“). Munurinn liggur í því að uppruni þessara tónlistarmanna virðist ekki skipta máli í umfjöllunum, en hingað til hefur íslenski uppruninn verið meginbroddurinn í erlendum blaðumfjöllunum.

Kristján Már Gunnarsson

## **From “Do It Yourself” to “Do It Together”: The new-school underground music scene in Reykjavik**

The author’s MA thesis in media and journalism studies examined the present “Do It Yourself” (DIY) music scene in Reykjavik. The author conducted open interviews with nine active members of the scene to explore the reason for its unusual growth in activity and success over the past few years. Along with the thesis, four podcast episodes were produced. The analytical framework made use of e.g. the work of popular musicologist Dr Robert Strachan (The University of Liverpool), who has done a lot of essential research on the interplay between society and cultural production (see his work on UK micro-labels for instance). After analysing the interviews, it became clear that the most essential factor in the Icelandic underground music scene’s success is the transformation from the idealism of “Do It Yourself” (DIY) to the more recent and amended approach “Do It Together” (DIT). The DIT ideology assumes that anything is possible if people work together, with the sole purpose of giving the cultural its right space in society. Any kind of profit making is excluded from that philosophy. Other recurring factors, relating to the unique features of the scene, were the value of its relative isolation and the creative freedom it evokes.

Phil Uwe Widiger



## **Þjóðarsjálfsmyndir og togstreitan um „hið íslenska“ í dægurtónlist**

Fyrirlesturinn byggir á doktorsritgerð sem fjallar um togstreitu milli hinna ólíku frásagna um „hið íslenska“ í dægurtónlist á Íslandi nútímans. Þessar frásagnir hafa þróast með tímanum, í takt við breytingar á íslensku samfélagi, alþjóðlegar hugmyndir um „Norðrið“ og staðalímyndir Íslendinga. Ég lagði áherslu á að afbyggja einfaldaðar frásagnir um tengsl íslenskrar dægurtónlistar við náttúru og landslag sem oft hafa einkennt erlenda umfjöllun og sækja í íslenska þekkingu sem á rætur sínar að rekja til fyrri tíma. Aðferðafræðin kemur úr ranni dægurtónlistarfræða með áherslu á kenningar um tónlist og staði. Rannsóknar- aðferðin var eigindleg, þar sem ég nýtti bæði textagreiningu og etnógráfíu til þess að fá sem fjölbreyttust gögn og sjónarhorn á viðfangsefnið. Niðurstöður sýna að tónlistarmenn eiga oft í innri baráttu með samband sitt og tónlistarinnar við náttúru og landslag. Þeir styrkja stundum þessi tengsl með listsköpun sinni en á sama tíma reyna þeir á markvissan hátt að vinna gegn þeim. Ímynd íslenskrar náttúru og landslags er sterk og virkar vel í markaðssetningu. Tónlistarmenn upplifa þó þessa ímynd sem takmarkandi og jafnvel smættandi og hefur hún áhrif á viðtökur tónlistarinnar og tónsköpunina sjálfa. Þannig tekur tónlistarfólk þátt í orðræðu norðurhyggju (e. borealism) og öðrun Íslendinga í listsköpun sinni.

Þorbjörg Daphne Hall

## **Analyzing team spirit through players' use of symbolic gestures: A case study of Argentina versus Iceland at the men's 2018 football World Cup**

The creation of team spirit is one of the most important and difficult challenges of contemporary sports. Team spirit is on one hand important for team efficiency and team success and on the other difficult to account for due to its emergent and impervious nature. Team spirit is especially important in the midst of the dynamic on-the-field game action where sport teams rely on active communication between team members in order to meet the many challenges of sporting contests. Verbal communication is however often problematic during games and members of a team need to make use of symbolic gestures to communicate. The literature has however been inattentive to the role of symbolic gestures in sports, especially in regard to team spirit and team performance. This paper is a case study of a single football match. It makes use of micro-sociological theory and perspective to account for players' use of symbolic communication and gestures in regard to team spirit. The findings from the analysed match reveal players' use of various forms of symbolic communication and gestures, which could be recognized as positive, negative or neutral for on-the-field team spirit.

Viðar Halldórsson

## **The Social and Psychological Unerpinnings of Iranian wrestlers**

Why can some people bounce back from adversity and stay persistent, while others stop when they encounter obstacles? This study aimed to look at the importance of psycho-social factors as a predictor of the success of Iranian elite wrestlers. We conducted a questionnaire survey among Iranian national wrestlers, as with students of Tehran University (control group). The questionnaire consisted of background questions and measures and tests of the following scales: *The Passion Scale* (Sigmundsson, 2019), *The Grit-S Scale* (Duckworth & Quinn, 2009), *The Mindset Scale* (Dweck, 1999), *The work and meaning scales* (Steger, 2011) and, *The Craftsmanship Scale* (Thorlindsson & Halldorsson, 2019). We hypothesized that national wrestlers score higher on all accounts compared to the controls. Our findings support our hypotheses for most parts. Passion, the intense desire for some endeavor, is an important issue for sport achievement as is Grit that requires continuous hard work, perseverance in overcoming setbacks and sustained focus. Furthermore, the findings show that wrestlers have a tendency towards growth mindset (incremental theory, the belief in one's ability to learn and succeed) – opposed to a fixed mindset (entity theory). Mindset is probably an important underlying cognitive factor for grit and passion. Finally, our analysis shows the craftsmanship approach that emphasis on intrinsic motivation, holistic understanding, and informal learning makes sport more meaningful for athletes.

Saeed Shamshirian

Viðar Halldórsson

Hermundur Sigmundsson

## Út vil ek

Atvinnumennska í knattspyrnu er gjarnan sveipuð dýrðarljóma. Fjölmíðlar birta okkur myndir af einstaklingum sem eru umvafðir frægð og frama og eru hetjur í augum milljóna aðdáenda um allan heim. Það eiga því margir ungir knattspyrnumenn þann draum að komast út í atvinnumennsku. En hversu réttmæt er sú ímynd sem haldið er á lofti? Er líf atvinnumannsins jafn eftirsóknarvert og af er látið? Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á upplifun einstaklinga sem fóru ungir að aldri út í atvinnumennsku. Tekin voru viðtöl við átta Íslendinga sem eiga það sameiginlegt að hafa skrifað undir atvinnumannasamning við erlent lið þegar þeir voru 15 til 18 ára. Niðurstöður sýna að upplifun strákanna var afar fjölbreytt. Sumir viðmælendanna komu fljótlega aftur heim eftir misheppnaða dvöl á meðan aðrir höfðu það sem til þurfti til þess að fóta sig í atvinnumenskunni. Það var þó ýmislegt sem þeir áttu sameiginlegt. Þeir lýstu þannig flestir einmanaleika, fjandsamlegu viðmóti og einhvers konar menningarsjokki. Mikilvægi andlegs styrks og stuðnings frá vinum og ættingjum var þeim einnig ofarlega í huga. Niðurstöðurnar benda til þess að atvinnumennskan sé síður en svo dans á rósum og alls ekki fyrir alla. Það er því mikilvægt fyrir unga og efnilega leikmenn sem eiga möguleika á því að fara utan og upplifa drauminn að vanda valið vel.

Guðjón Þór Ólafsson

## **Saklaus uns sekt er sönnuð - Um sönnun í nauðgunarmálum**

Femínísk lögfræði hefur haft mikil áhrif á þróun nauðgunarhugtaksins í réttinum frá því að verndarhagsmunir afbrotsins voru einkum hagsmunir fjölskyldu brotþola til þess að vera kynfrelsi konunnar sjálftrar. Þróun réttarins hefur því verið gríðarleg á þessu sviði og kynferðisbrotakafli hegningarlaga er sá hluti laganna sem tekið hefur hvað mestum breytingum frá setningu laganna. Engu að síður er enn breitt bil milli vitneskju okkar um fjölda þeirra nauðgana sem framdar eru og fjölda þeirra nauðgunarmála sem koma til kasta dómstóla. Í erindinu er fjallað um rannsókn Evu Huldar Ívarsdóttur og byggir í grunninn á meistararitgerð hennar sem unnin var við lagadeild HÍ og bar heitið „Um sönnun í nauðgunarmálum – Saklaus uns sekt er sönnuð“. Leiðbeinandi var Ragnheiður Bragadóttir prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Í rannsókninni voru dómar Hæstaréttar í nauðgunarmálum rannsakaðir og greindir. Greiningin tekur mið af því hvaða gögn liggja til grundvallar í þeim málum sem fara fyrir Hæstarétt og kannað var hvort greina mætti birtingarmyndir staðalmynda um nauðgun í þeim og hvaða áhrif þær hefðu þá á sönnunarmat í nauðgunarmálum. Ennfremur var kannað hvort og þá hvaða áhrif þær hefðu á mat á trúverðugleika ákærða og brotþola. Þar sem nauðgunarbrot eru mjög kynjuð afbrot er fjallað um forskilning túlkandans ásamt djúpstæðum og oft ómeðvituðum hugmyndum okkar um kynin og þá staðreynd að hlutfall kvendómara við Hæstarétt Íslands er mjög lágt.

Eva Huld Ívarsdóttir

Ragnheiður Bragadóttir

## **Myndrænt kynferðisofbeldi – alþjóðlegar skuldbindingar og íslenskur réttur**

Myndrænt kynferðisofbeldi hefur mikið verið í umræðunni undanfarin ár og hafa ítrekað verið lögð fram frumvörp á Alþingi um lögfestingu sérstaks refsíákvæðis í almenn hegningarlög sem taki til háttseminnar. Upprunni efnisins er mjög mismunandi. Í flestum tilvikum er um að ræða myndefni sem hefur verið sent af þeim sem það sýnir í skjóli trausts og efninu síðar dreift án samþykkis þeirra sem það sýnir. Myndrænt kynferðisofbeldi er kynbundið ofbeldi þar sem meirihluti þolenda þess eru konur, auk þess sem þolendur eru oft börn. Í erindinu verður fjallað um rannsókn á myndrænu kynferðisofbeldi, hverjar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eru á þessu sviði og hvernig heimfærslu háttseminnar er háttað í íslenskum rétti. Markmið umfjöllunarinnar er að varpa ljósi á hvort að réttarstaða þolenda myndræns kynferðisofbeldis sé nægilega trygg á grundvelli núgildandi lagaákvæða og í samræmi við þessar alþjóðlegu skuldbindingar. Sérstaklega verður skoðað hvernig háttsemin er heimfærð þegar þolendur eru börn að lögum og hvort börn njóti í raun þeirra réttinda og verndar sem velferð þeirra krefst.

Helga Einarsdóttir

## **Kynbundið ofbeldi í nánnum samböndum**

Réttarvernd gegn kynbundnu ofbeldi hefur aukist nokkuð á síðustu árum. Engu að síður hafa íslensk lög þó að mestu leyti verið kynhlutlaus og reynsluheimi kvenna ekki gefinn nægilegur gaumur í réttinum. Þannig eru ákvæði um kynbundið ofbeldi í lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kynhlutlaus og hið sama gildir um ákvæði 218. gr. b. hgl. um ofbeldi í nánnum samböndum. Þær spurningar vakna því af hverju löggjöfin er kynhlutlaus þegar veruleikinn er svo kynjaður sem raun ber vitni og hvort í kynhlutleysi laganna geti falist mismunur á grundvelli kynferðis. Erindið byggir að hluta til á meistararitgerð Ingibjargar Ruth Gulin við lagadeild Háskóla Íslands, sem ber heitið „Kynbundið ofbeldi í nánnum samböndum og þróun íslensks réttar í ljósi femínískra lagakenninga“. Leiðbeinandi var Brynhildur G. Flóvenz, dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Í erindinu verður leitast við að skýra og gera grein fyrir þróun íslensks réttar hvað varðar kynbundið ofbeldi í nánnum samböndum og kanna hvort 218. gr. b. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (hér eftir hgl.), sbr. lög nr. 23/2016, geti talist uppfylla forsendur og markmið samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og ofbeldi í nánnum samböndum (e. Domestic violence), svokallaðs Istanbúl-samnings. Enn fremur hvort og þá hvernig megi greina tregðu við lagasetningu til að viðurkenna kynferði sem áhættuþátt sem ber að veita sérstaklega réttarvernd í íslenskum rétti.

Ingibjörg Ruth Gulin

Brynhildur G. Flóvenz

**„Ég skil ekki alveg af hverju enginn tók eftir því að þarna væri ofbeldi í gangi“. Hver er upplifun íslenskra kvenna og kvenna af erlendum uppruna sem fara úr ofbeldissamböndum?**

Umfjöllunarefni rannsóknarinnar var staða kvenna sem hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum og upplifun þeirra á sáttameðferð sýslumanns og var efnið skoðað frá sjónarhóli brotþola heimilisofbeldis. Rannsóknin var feminísk og beindist að því að varpa ljósi á valdleysi kvenna sem hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum í sáttameðferð sýslumanns. Meðal spurninga og álítaefna sem leitast var við að skoða voru hver var aðdragandi þess að konurnar skildu við eiginmenn sína? Og hverjar voru upplifanir þeirra í sambandinu. Einnig var leitað svara við atriðum er lúta að Sáttameðferð sýslumanns eins og hverjar voru upplifanir þeirra á sáttameðferð sýslumanns? Einnig er spurt hver var reynsla þeirra á skilnaðarferlinu og þá sérstaklega þegar kom að umgengnis- og forræðismálum? Að síðustu spurði ég: Hver var líðan þeirra eftir skilnað?

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að í hinum nánú samskiptum sem brotþolar ofbeldis eru í, við geranda, heldur ofbeldið áfram innan sáttameðferðar sýslumanns þar sem ekki var litið til þess þáttar í meðferðinni. Einnig benda niðurstöður til að brotþolar eru ekki lausir undan áreitni eða ofbeldi ofbeldismanna sinna, eftir að skilnaði er lokið.

Jenný Kristín Valberg



## **Ungir menn, karlmennskuhugmyndir og samþykki í kynlífi**

Samkvæmt alþjóðlegum mælingum er jafnrétti kynjanna mest á Íslandi en engu að síður hafa 22% kvenna hér á landi orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi, þar af 70% í fyrsta sinn fyrir 18 ára aldur. Ofbeldismynstrið er kynjað, gerendur eru oftast karlkyns, og því mikilvægt að beina sjónum að ungum mönnum. Hér verða ungir menn teknir til umfjöllunar, hvar þeir staðsetja sig í orðræðunni um karlmennsku, samskipti við stelpur, kynlíf og samþykki. Kynlíf án samþykkis er almennt álitid nauðgun. Hugtakið „samþykki“ í tengslum við kynlíf hefur þó lítið verið rannsakað hér á landi sem og á heimsvísu. Rannsókn þessi byggir á rýnihópaviðtölum sem höfðu það markmið að öðlast dýpri skilning á því hvernig ungir menn mótast af ríkjandi orðræðu samfélagsins í tengslum við sambönd og kynlíf. Hvernig mótast þeir af orðræðu gagnkynhneigðar og samþykkis? Hugtakið „samþykki“ verður hér rætt í tengslum við kynlíf og hið gagnkynhneigða handrit sem og hvernig ungir menn skilja og fá samþykki, fyrir og á meðan kynlífi stendur. Niðurstöður benda til þess að jafnréttisorðræðan stangist á við hið gagnkynhneigða sambandshandrit sem enn þann dag í dag felur í sér valda-ójafnvægi kynjanna. Ríkjandi orðræða gerir þannig ungu fólki erfitt fyrir að fóta sig í nánum samböndum og bendir til þess að mikilvægt sé að hjálpa ungu fólki að skilja og miðla samþykki í kynlífi sem jafningjar.

Katrín Ólafsdóttir

Jón Ingvar Kjarran

## **Pegar hreyfanleiki og kyrrstaða togast á: Kyn, hneigðir og ástir**

Þrátt fyrir að Norðurlöndin séu talin standa framarlega í mál-efnum hinsegin fólks þá hrapaði Ísland á regnbogakorti ILGA 2017 og 2018 og enn virðist vera viðkvæmt að víkja frá hinu gagnkynhneigða viðmiði. Aftur á móti sýna rannsóknarniðurstöður að fólk hefur flæðandi kynhneigð í meira mæli en almennt er gert ráð fyrir. Í erindi okkar munum við skoða tengslin milli kyns, kynferðislegrar sjálfsmyndar (hvernig fólk skilgreinir kynhneigð sína) og þess hvort fólk laðast kynferðislega eða rómantískt að fólk af eigin kyni. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á bæði megindlegum og eigindlegum gögnum. Rafræn könnun var send á tvö úrtök árið 2015. Annars vegar 4.000 manna slembiúrtaki úr þjóðskrá (ISSP 2014 um þegnrétt) og hins vegar 700 manna úrtak hjá Samtökunum '78. Gagnasöfnin voru sameinuð í SPSS og unnið úr svörum 1.672 einstaklinga (48% karlar og 52% konur). Við úrvinnslu gagna var notuð lýsandi tölfræði og tvíkosta aðhvarfsgreining. Þá voru greind 25 viðtöl einstaklinga úr hópi hinsegin fólks og femínista sem tekin voru á árunum 2013 og 2014. Helstu niðurstöður benda til að karlar hafi fastmótaðri hugmyndir um eigin kynhneigð en konur, og að kynhneigð gagn- og samkynhneigðra kvenna virðist meira flæðandi en gagn- og samkynhneigðra karla. Þá virðist kynferðisleg sjálfsmynd hinsegin fólks í Samtökunum '78 vera sterkari og kynhneigð þeirra fastmótaðri en hinseginfólks sem stendur utan samtakanna.

Þorgerður Jennýjardóttir Einarsdóttir

Jyl Josephson

Laufey Axelsdóttir

## **Hvers konar jafnrétti? - Færninálgunin og jafnrétti á vinnustaðnum Icelandair**

Færninálgunin er breið heimspekileg nálgun sem er lítt þekkt hér á landi. Á undanförunum áratugum hefur hún þó sett mark sitt á það hvernig ýmsar alþjóðlegar stofnanir og samfélög hafa unnið að velferð, þróunarmálum, réttlæti og jafnrétti. Upphafsmaður hennar, hagfræðingurinn og nóbelsverðlaunahafinn Amartya Sen, og bandaríski heimspekingurinn Martha Nussbaum hafa, ásamt öðrum fræðimönnum, unnið um langt skeið að þróun nálgunarinnar. Þeirri vinnu er hvergi nærri lokið. Í þessari rannsókn var tilgangurinn að skoða kynjajafnrétti á vinnustaðnum Icelandair með augum færninálgunarinnar og að þróa og prófa nýtt mælitæki sem tekur mið af grunnhugtökum nálgunarinnar: frelsi, færni og virkni. Leitast var við að mæla færni og virkni starfsmanna sem tengjast fimm skilgreindum frelisisstöðum en þær eru: pólitískt frelsi, efnahagsleg gæði, samfélagsleg tækifæri, gagnsæi, og vernd og öryggi. Ennfremur var færni og virkni mæld í tengslum við réttlæti og aðra vinnutengda þætti svo sem samræmingu vinnu og einkalífs. Notuð var blönduð aðferð til að fá fram niðurstöður; eigindleg aðferð var notuð með því að taka 7 viðtöl við starfsfólk Sölu- og markaðssviðs Icelandair og megindleg aðferð með því að leggja spurningakönnun fyrir starfsfólk sviðsins. Niðurstöðurnar benda til þess að kynin á vinnustaðnum búi við mismikið frelsi og réttlæti því færni og virkni karla reyndist meiri en kvenna í þeim færnipáttum sem mældir voru. Prófun mælitækisins, sem notað var, sýndi ennfremur að grunnur þess reyndist áreiðanlegur.

Linda Hængsdóttir

## **The Tide is Turning? Gender Stereotypes and Motherhood-Penalty in the World's Most Gender Equal Country**

This study examines the effects of gender and parental status on judgements of applicants for both management and non-management positions. Drawing on survey-experimental data from an online representative sample of the Icelandic population, the most gender equal country in the world. Overall the findings demonstrated a straightforward gender bias in favor of females on all measures (competence, commitment, working with numbers, problem solving, etc.). Compared to previous studies, using the same methodology and measurements, this is a significant change in public opinion in the last 12 years. However, despite the gender bias in evaluations we do not find any differences in suggested/likely salary between identical male and female candidates. When examining parenthood, our results do not support difference in judgements between parents and non-parent applicants, finding no evidence of a motherhood-penalty or fatherhood-premium reported elsewhere. These results suggest that social policy can help eliminate gender bias in favor of males and parental bias. However, such policy might still not be sufficient to alleviate gender differences in salary.

Kári Kristinsson

## **„Þetta er búið að vera þúsund sinnum erfiðari róður heldur en mig óraði fyrir“**

Fyrsta kynslóð femínískra aktivista í íslensku háskólasamfélagi er núna að nálgast endalok starfsferils síns. Við spyrjum hvað gerði þessar konur að baráttukonum, hvernig líta þær til baka á starfsferil sinn og það hlutverk sem þær höfðu í íslensku háskólasamfélagi? Hvernig upplifa þær áhrif nýfrjálsbyggju? Hvaða hindrunum hafa þær mætt og hvernig hafa þær tekist á við þær? Finnst þeim baráttan hafa skilað árangri? Gögnin eru fengin með eigindlegum viðtölum og markvissu úrtaki. Tekin voru viðtöl við 12 konur sem allar eiga það sameiginlegt að kenna og rannsaka á jaðrinum. Niðurstöður okkar benda til þess að margar þeirra rekja uppruna aktívisma síns til mótandi atburðar í barnæsku sinni. Þær upplifa breytingar og framfarir innan háskólans en eru á sama tíma meðvitaðar um ýmis baráttumál sem eru framundan. Sumar kvennanna sýna einkenni kulnunar og mettunar. Þær líta þannig á að það sé komið að næstu kynslóð að berjast fyrir þeim málefnum sem á þeim brenna á meðan öðrum er best lýst sem orkuboltum sem hafa innri hvöt til frekari baráttu.

Thamar Melanie Heijstra

Gyða Margrét Pétursdóttir

**„Það var alltaf bara ætt inn, það var ekkert: er ég að trufla?“**

Kynjajafnrétti á Íslandi mælist með því hæsta í heiminum samkvæmt The Global Gap Gender Index frá World Economic Forum. Mælingar á því ná til samfélagslegrar þátttöku og tækifæra, menntunar, launa og heilsufars, en huglægir þættir svo sem upplifun á líðan og sjálfræði í lífi og starfi eru ekki mældir. Markmið þessa fyrirlesturs er að varpa ljósi á hvernig orðsporid um kynjajafnrétti samræmist reynslu íslenskra hjúkrunarfræðinga af valdi og sjálfræði í starfi. Ég tel það áhugavert í ljósi þess að menntunarstig íslenskra hjúkrunarfræðinga er hátt og 98% þeirra eru konur. Fyrirlesturinn byggir á 10 hálfstöðluðum einstaklingsviðtölum við hjúkrunarfræðinga um reynslu þeirra af tækifærum til faglegs sjálfræðis og valds í starfi innan heilbrigðiskerfisins. Þær niðurstöður sem verður fjallað um í fyrirlestrinum eru að hjúkrunarfræðingarnir telja sig stöðugt þurfa að standa vörð um faglegt sjálfstæði sitt í samskiptum og samvinnu við aðra faghópa. Þeir lýsa þeim aðferðum sem þeir hafa komið sér upp til að geta starfað samkvæmt faglegri sýn sinni. Það sem helst hindrar er skortur á viðunandi starfsaðstæðum, þar með talið stuðningi frá yfirmönnum og öðru samstarfsfólki, og rótgrónar hefðir og viðhorf til starfssviðs hjúkrunarfræðinga sem kvennastéttar.

Klara Þorsteinsdóttir

Thamar Melanie Heijstra

## **Áhrif þekkingarstjórnunar á fjölskyldufyrirtæki í sjávarútvegi**

Ísland hefur fest sig í sessi meðal fremstu fiskveiðipjóða heims. Atvinnugreinin skilar miklum verðmætum inn í íslenska þjóðar-búið og þau verðmæti eru stöðugt að aukast með meiri þekk-ingu og aukinni nýsköpun. Markmið þessarar rannsóknar er að sýna fram á hlutverk þekkingarstjórnunar í fjölskyldufyrirtækjum í íslenskum sjávarútvegi. Af fimmtíu stærstu sjávarútvegs-fyrirtækjum á Íslandi í dag eru 39 fjölskyldufyrirtæki en það er talið algengasta félagiformið á heimsvísu og allt að 90% fyrir-tækja eru í eigu fjölskyldna eða er stjórnað af fjölskyldum. Rann-sóknin byggir á eiginlegri aðferðafræði, tilviksathugun á sjávar-útvegsfyrirtækinu Vísi hf. Í Grindavík, sem hlaut þekkingarverð-laun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH) árið 2018, fyrst íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í tæplega 20 ára sögu verð-launanna. Tekin voru viðtöl við fimm starfsmenn og stjórnendur og eru niðurstöður þeirra viðtala borin saman við kenningar-grunn rannsóknarinnar. Við val FVH á þekkingarfyrirtæki ársins 2018 var horft til þeirra fyrirtækja sem eru leiðandi í stafrænum lausnum og hafa með nýsköpun í tækni bætt rekstrarumhverfi sitt. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að Vísir beiti markvisst aðferðum þekkingarstjórnunar og að önnur fjöl-skyldufyrirtæki geti nýtt svipaðar aðferðir til aukinnar verð-mætasköpunar. Þá sýna niðurstöður að beiting þekkingar-stjórnunar innan Vísis hefur leitt til meiri nýsköpunar í tækni, aukið sjálfvirkni, bætt afköst og framleiðni og aukið verðmæti afurða.

Ásta Dís Óladóttir

## **Þekkingarstjórnun fyrir fyrirtæki með einkaleyfishæfa þekkingu**

Alþjóðleg samkeppni er sífellt að aukast og tækniþróun fleygir fram, því þurfa skipulagsheildir í meiri mæli en áður að nýta þekkingarverðmæti, líkt og hugverk, til að skapa sér samkeppnislega yfirburði til framtíðar. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig fyrirtæki vinna með einkaleyfishæfa þekkingu og hvernig sú framkvæmd fellur að fræðilegri umfjöllun um þekkingarstjórnun. Rannsóknin byggir á eiginlegri aðferðafræði. Tekin voru viðtöl við fimm starfsmenn sem hafa umsjón með einkaleyfum hjá völdum fyrirtækjum. Niðurstöður viðtalanna voru bornar saman við fræðilega umfjöllun um þekkingu og þekkingarstjórnunarlíkön Henao-Calad, Montoya og Ochoa og Kucza.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að fyrirtækin virðast almennt ekki starfa markvisst að þekkingarstjórnun þegar skoðaðir eru samhæfingarferlar framangreindra líkana, þótt fyrirtækin vinna að mörgu leyti í samræmi við rekstrarferla líkananna. Verklag hvað varðar hugverkastjórnun (einkaleyfastjórnun) er nokkuð skýrt hjá flestum fyrirtækjunum, þó svo að það sé ekki alltaf skjalfest. Þá eru fyrirtækin almennt ekki að horfa á verndun hugverka sem þátt í eiginlegu þekkingarstjórnunarferli. Höfundur telur, með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknarinnar, að það megi einfalda og skýra framangreint líkan Henao-Calad, Montoya og Ochoa.

Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir



## **Útvistun í litum og meðalstórum þekkingarfyrirtækjum**

Markmið erindisins er að kynna niðurstöður kannana á því hvort þekkingarfyrirtæki í þjónustu útvisti með öðrum hætti en önnur fyrirtæki. Niðurstöður byggja á þremur könnunum sem framkvæmdar voru á tímabilinu 2009-2018. Kannanirnar voru blanda af spurningalista- og netkönnunum. Alls fengust svör frá 802 stjórnendum. Um 79% þátttökufyrirtækja voru með færri en 10 starfsmenn á launaskrá og teljast því til smáfyrirtækja. Helstu niðurstöður eru þær að útvistun er mjög algeng í íslenskum fyrirtækjum, þar sem 80% fyrirtækja hafa útvistað verkefnum á síðustu þremur árum. Aðeins um 23,5% fyrirtækja hafði mótað sér stefnu um útvistun. Þekkingarfyrirtæki útvista lítilla meira en önnur fyrirtæki og þau eru líklegri til að hafa mótað stefnu um útvistun. Þau eru þó ekki líklegri til að útvista einhæfum verkefnum. Almennt útvista fyrirtæki sem kannanirnar ná til stoðþjónustu svo sem, símsvörun, ræstingum, bókhaldi og upplýsingatækni. Ástæður útvistar eru samkvæmt svörum í könnunum stefnumiðaðar í eðli sínu, eins og að fá aðgang að sérfræðiþekkingu, einblína á kjarnafærni og að auka þjónusta við viðskiptavinum. Þannig nefndu 77% svarenda slíka möguleika. Kostnaðarlækkun nefndu 48% svarenda. Útvistun hafði mjög takmörkuð áhrif á starfsmannamál í fyrirtækjunum. Um helmingur fyrirtækjanna í könnunum hafði náð fram kostnaðarlækkun með útvistun.

Ingi Rúnar Eðvarðsson

## **Hlutverk kerfisbundinnar skráningar upplýsinga í verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi**

Þekking er einn af hornsteinum skipulagsheilda og sú auðlind sem ræður hvað mestu um velgengni og samkeppnishæfi þeirra. Skipulagsheildir hafa því innleitt þekkingarstjórnunarkerfi eða gagnasöfn fyrir þekkingarskráningu. Til að skráning þekkingar skili árangri er nauðsynlegt að flokka, skipuleggja og setja fram upplýsingar með kerfisbundnum hætti. Tilgangur þessarar kynningar að skoða mikilvægi þekkingarstjórnunar í aukinni verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi. Horft er til Vísis hf. sem valið var þekkingarfyrirtæki ársins 2018.

Rannsóknin er tilviksrannsókn. Tekin voru viðtöl við stjórnendur og starfsfólk Vísis, auk þess sem unnið var úr fyrirliggjandi gögnum frá fyrirtækinu auk annarra gagna. Mikilvægi rannsóknarinnar felst ekki síst í því að sýna fram á hvernig Vísir beitir kerfisbundnum skráningum upplýsinga til þess að auka þekkingu og ýta þannig undir verðmætasköpun í sjávarútvegi, sem nýst geta öðrum sambærilegum fyrirtækjum til að ná árangri á því sviði.

Ragna Kemp Haraldsdóttir

## **Critiquing ‘thinking as usual’ about disability and normal development in childhood disability research**

The objective of this presentation is to introduce critical qualitative approaches to childhood disability research by drawing on empirical examples focused on the health and well-being of young people labeled with intellectual and developmental disabilities. Critical approaches aim to critique ‘thinking as usual’ by: 1) identifying and challenging taken for granted social values and assumptions (e.g. assumptions about disability and normal development) inherent in health care and rehabilitation; 2) questioning the practices and goals these assumptions inform; and 3) examining their effects, both beneficial and harmful, on the young people they are trying to help. For example, taken for granted assumptions about ability as valued and preferred over disability might orient rehabilitation practices to ‘normalizing’ how young disabled people function. While these practices may be beneficial in helping young people to perform their daily life tasks, they may also have harmful consequences for how they think about themselves (e.g. feeling devalued for being and doing differently compared to nondisabled people). Critical approaches aim to reveal these types of entrenched assumptions, and open possibilities for social change and mitigating unintended harms. The presentation will include discussion about the qualitative methods used in the empirical examples and how the results can inform social change within clinical encounters in health care and rehabilitation contexts.

Yani Hamdani

## **Að verða fullorðin: Raddir og reynsla ungs fatlaðs fólks. „bestu momentin eru þegar ég fæ tækifæri til að vera bara ég“**

Hugtakið tímamót (e. *transitioning*) hefur verið notað til að lýsa ferlinu sem á sér stað þegar einstaklingar verða fullorðnir. Í fyrirlestrinum verður hugtakið notað til að varpa ljósi á reynslu fatlaðs ungs fólks á þessum tímamótum. Almennt er viðurkennt að tímamót feli í sér gagnvirkt ferli sem byggir á félags-, menningar- og persónulegum þáttum. Sé ferlið sett í samhengi við reynsluheim fatlaðs ungs fólks liggur fyrir að áskoranir sem það stendur frammi fyrir geta gert það að verkum að tímamótin verða oft flóknari en ella. Markmið rannsóknarinnar er að kanna skilning fatlaðs ungs fólks og upplifanir af þessum tímamótum. Gagna var aflað með rýnihópaviðtölum við ungt fatlað fólk á aldrinum 18-28 ára. Alls tók 21 einstaklingur þátt, 11 konur og 10 karlmenn, þrír skilgreindu sig hinsegin. Rannsóknin er unnin samkvæmt verklagi grundaðrar kenningar í anda Charmaz (2014). Þátttakendur lögðu ríka áherslu á skaðsemi ofverndunar á mótunarárunum og töldu frelsi til þátttöku á vettvangi unglingamenningar og samfélags mikilvæga. Einnig töldu þau tækifæri til að prófa mörkin, bæði andlega og líkamlega, þýðingarmikið. Þátttakendur töldu þessa þætti eiga hvað stærstan þátt í að þróa jákvæða sjálfsmynd og öðlast sátt í eigin skinni. Ableismi sem áhrifavaldur á tímum breytinga var einnig ræddur og birtist með ýmsum hætti - Þátttakendur voru oft barngerðir, taldir ófærir um að taka ákvarðanir eða ekki á þá hlustað. Það er því ljóst að þeirra eigin rödd og sjónarmið eru hornsteinnarsæla tímamóta fyrir þennan hóp.

Anna Sigrún Ingimarsdóttir

Snæfríður Þóra Egilson

## **Innbyrðing, andóf og vald: Samstaða og mikilvægi hennar í fötlunarakrífisma**

Í þessum fyrirlestri verður sjónum beint að hugtakinu innbyrðing (internalisation) eins og Fiona Kumari Campbell skilgreinir það í tengslum við fötlun. Hugtakið á sér rætur úr critical race theory og snýst um það að jaðarsettir hópar innbyrði þá fordóma sem þau verða fyrir. Rannsóknir innan fötlunarfræði sýna að fatlað fólk upplifir ableisma í sínu daglega lífi og því hefur Campbell skoðað sérstaklega hvernig fatlað fólk innbyrði ableismann sem þau verða fyrir. Slík innbyrðing hefur augljóslega mjög neikvæð áhrif á sjálfsvirði fólks og lífsgæði, sem og á möguleika hóps fatlaðs fólks til þess að sameinast í mannréttindabaráttu. Hugtakið innbyrðing verður mætt við rýnihópagaðgn úr LIFE-DCY verkefninu. Um er að ræða fjögur rýnihópaviðtöl við fötlud ungumenni sem voru tekin frá vori 2018 og fram á haust 2019. Þrjár rannsóknarspurningar eru til grundvallar; Hvernig birtist innbyrðing hjá þátttakendum? Hverjar eru leiðir þátttakenda til andófs á innbyrðingunni og ableismanum? og hvaða áhrif hefur samstaða og samkennd? Fyrstu niðurstöður sýna að hugtak Campbell nýtist vel til að varpa ljósi á birtingarmynd innbyrðingar meðal þátttakenda. Eins sjáum við mikilvægi þess fyrir fatlað fólk að eiga aðgang að öruggari rýmum þar sem samstaða og samkennd eru ríkjandi. Í slíku rými er auðveldara fyrir þátttakendur andæfa ableisma og innbyrðingu.

Ásta Jóhannsdóttir

Freyja Haraldsdóttir

## **Hvernig tryggjum við að raddir barna séu í brennidepli? Reynsla og áskoranir í rannsóknum með fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra**

Fötluð börn taka sjaldnar þátt í rannsóknum en önnur börn og er algengt að leitað sé eftir upplýsingum frá foreldrum eða öðrum lykilaðilum í stað þess að spyrja börnin sjálf. Nýlegar rannsóknir sýna fram á ólík sjónarmið barna og foreldra þeirra og er þessi munur gjarnan meiri þegar barnið er með einhvers konar skerðingu. Ýmsar áskoranir tengjast rannsóknum með fötluðum börnum. Jafnvel þótt rannsakandi leggi sig fram við að hlusta eftir röddum barnanna sjálfra, er hættu á að reynsla og viðhorf foreldra séu í forgrunni. Hvernig getum við tryggt að raddir fatlaðra barna séu í brennidepli? Fjallað verður um reynslu okkar af rannsóknum með fötluðum börnum og ýmsum fræðilegum og aðferðafræðilegum vangaveltum velt upp. Reynst hefur vel að verja tíma í nærumhverfi barnanna og rýna með gagnrýnu hugarfari í möguleika þeirra á að taka þátt í því sem þar fer fram, sem og samskipti þeirra við félag og fullorðna. Rannsakendur þurfa að gefa barninu tíma og leggja sig fram um að skilja hvernig það tjáir sig og sýnir áhuga og tilfinningar í ólíkum aðstæðum. Mikilvægt er að leita eftir viðhorfum fatlaðra barna í rannsóknum sem beinast að aðstæðum þeirra og líðan. Ýmsar áskoranir fylgja framkvæmd slíkra rannsókna sem rannsakendur þurfa að þekkja og bregðast við til að tryggja trúverðugleika og réttmæti þeirra upplýsinga sem aflað er.

Linda Björk Ólafsdóttir

Snæfríður Þóra Egilson

## **Óbyggðirnar kalla: Loftslagsorðræða í ríki Pútíns**

Því er stundum haldið fram að kosturinn við valdstjórnir sé sá að þær geti komið mörgu í verk. Þegar stjórnvöld séu háð almenningsáliti í sama mæli og tíðkast í frjálslyndum lýðræðisríkjum geti verið erfiðara að ná styrk til sársaukafullra eða óvinsælla aðgerða. Í fyrirlestrinum eru færð rök gegn þessari skoðun með því að skoða loftslagsumræðu – og orðræðu – í Rússlandi. Vandinn liggur ekki í ákvörðunum stjórnvalda heldur í umræðunni sjálfri, sem er stýrt af yfirvöldum. Í pólitískri umræðu í Rússlandi hafa loftslagsmál ekki sama vægi og á Vesturlöndum og þess vegna vantar enn meira upp á að almenningur (og fjölmiðlar) búi yfir þeim skilningi á hættumerkjum sem nauðsynlegur er til að breyta stefnu og réttlæta aðgerðir.

Rannsóknin beinist að pólitískri orðræðu þar sem annars vegar er rýnt í efnistöð fjölmiðla, hins vegar í fræðileg skrif um umhverfisstefnu, umhverfisvitund og loftslagsorðræðu í Rússlandi. Beitt er greiningu á orðræðu og mælskugerðum til að sýna fram á að því fer fjarri að skortur á lýðræðislegri ábyrgð auðveldi stjórnvöldum aðgerðir sem telja má viðbrögð við loftslagsvá.

Jón Ólafsson

## **Blóðrauð sól: Loftslagsvandi Kína**

Ekkert ríki mengar meira en Kína. Mengunin er gríðarlegt vandamál og áframhaldandi útblástur mun hafa úrslitaáhrif fyrir heimsbyggðina á tímum versnandi loftgæða. Að sama skapi liggur metnaður fyrir náttúruvernd djúpt í þjóðarsál kínverja og í landinu er þróun á umhverfisvænum tæknilausnum, ekki hvað síst, vatnsafls-, sólar- og vindorku, í fararbroddi á heimsvísu.

Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að loftslagsumræðu í Kína og spurt með hvaða hætti fjölmennasta þjóð heims gerir það upp við samvisku sína hvernig hún geti lagt sitt af mörkum við lausn loftslagsvandans. Rannsóknin sem liggur fyrirlestrinum til grundvallar beinist að greiningu á pólítískri orðræðu. Rýnt er í umfjöllun opinberra og óopinberra fjölmiðla, ásamt því sem fræðileg skrif um loftslagsorðræðu í Kína er höfð til hliðsjónar. Textagreining er höfð að leiðarljósi við rannsókn á orðræðu ritaðra miðla og fræða og markmiðið að sýna fram á að loftslagsmál eru í dag lykiláskorun kínversku þjóðarinnar og stjórnvalda. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að umtalsverðar breytingar eigi sér stað um þessar mundir og að þótt viljinn sé góður er vandinn – að því er virðist – óendanlegur.

Hafliði Sævarsson



## **Kjarnorka (?): Um loftslagsorðræðuna í Japan**

Í Japan snýst loftslagsumræðan að miklu leyti um orkumál og þá einkum kjarnorku og nýtingu hennar. Umræðan hefur blossað upp eftir hinar svökölluðu 3/11 hörmungar en þá er átt við Tohoku jarðskjálftann 11. mars 2011. Í kjölfar hans fylgdi flóðbylgja sem leiddi til kjarnorkuslyssins í Fukushima. Umræða um kjarnorku í japönsku samhengi á sér þó alltaf aðra hlið sem snýr að kjarnorkusprengjunum tveimur sem Bandaríkjamenn vörpuðu undir lok seinni heimstyrjaldarinnar.

Í erindinu eru kynntar niðurstöður sem byggja bæði á fræðitextum og greiningu á orðræðunni eins og hún birtist í fjölmiðlum og opinberum gögnum og þar er því haldið fram að greina megi tvo megin ása sem umræðan og átökin hverfast um. Í fyrsta lagi verður rýnt í umræðuna um kjarnorkuna sjálfa og ímynd hennar í sögulegu samhengi. Japan er eina landið sem orðið hefur fyrir kjarnorkuárásum og því er áhugavert að skoða afstöðu ólíkra hópa til hennar, en þar ber mest á hugmyndum um hana sem eyðileggingarafl annars vegar og hreina orku hins vegar. Í öðru lagi verða nýjustu kenningar um stjórnkerfi Japans ræddar og skoðað að hve miklu leyti klofningur vegna andstæðra stjórnkerfa („developmental state“ vs „free market“) geti útskýrt átökin um kjarnorkuna og orkulausnir framtíðarinnar.

Kristín Ingvarsdóttir

## **Dauðans alvara: Loftlagsmál og náttúruvernd í Rómönsku Ameríku**

Í erindinu verður leitað svara við því hvers vegna umræða um umhverfis- og loftlagsmál fer ekki hátt í fjölmiðlum landa Rómönsku Ameríku. Hvaða skilning leggja íbúar álfunnar í merkingu hugtakanna og hvaða áhrif hefur það á aðstæður ólíkra þjóðfélagshópa. Réttindabarátta frumbyggja og ásælni auðkýfinga og alþjóðafyrirtækja koma þar meðal annars við sögu.

Greiningin beinist að pólítískri orðræðu þar sem rýnt er í efnistöð fjölmiðla og skýrslur alþjóðastofnana um leið og stuðst er við fræðileg skrif um umhverfisvitund og loftslagsorðræðu. Aðferðafræði textagreiningar er beitt til að sýna fram á að talsmenn ólíkra sjónarmiða svífast einskis til að hagræða og/eða sveigja fyrirbyggjandi upplýsingar að eigin geðþótta, vild og hagsmunum.

Fyrstu niðurstöður staðfesta að umræða um umhverfismál fer ekki hátt í fjölmiðlum landa Rómönsku Ameríku. Að brauðfæða þá sem þar búa er mest áberandi baráttumál vinstrimanna en leitin að leiðum til að auka arð af nýtingu náttúruauðlinda hjá hægriöndum. Málssvarar móður jarðar eða „pachamama“, sem eru einna helst baráttusamtök frumbyggja og kvenna-hreyfingar ýmiskonar, auk fræðimanna, er vísað á bug. Rök og líf baráttufólks úr þeirra röðum mega sín lítills gagnvart elítu landeigenda og herja þeirra.

Hólmfríður Garðarsdóttir

## **Fertility developments and family dynamics in Iceland at the turn of the 21st century**

Nowhere in the developed world is extramarital childbearing more pervasive than in Iceland. Roughly 70% of children born in 2017 were conceived outside of marriage, thereof 85% of firstborns, which, on the surface, puts Iceland at the vanguard of a development often associated with a second demographic transition. In this study we investigate the family-formation behaviour of Icelandic women during a period of 20 years (1994-2013) with the objectives of gaining insight into the interplay of childbearing, nonmarital cohabitation, and marriage; and to enhance our understanding of the function of nonmarital cohabitation in the family-building process. We use administrative register data, covering the childbearing and marital history of the total female population born in Iceland during 1962-1997. The data are analysed by means of event history techniques. We find indications of forceful postponement of family formation over time, but a stable portion of around 80% of women registered cohabitation before any first marriage or age 46, and 90% of women became mothers. Around 70% of women married before age 46, and the standardized marriage rates remained relatively stable during our study period. Our findings suggest that within a context such as the Icelandic one most people tend to marry, regardless of the prevalence of cohabitation, and that social policies regulating nonmarital cohabitation may have limited impact on marriage intensities.

Ari Klængur Jónsson

Ólóf Garðarsdóttir

## Framtíð íslenskrar lýðfræði

Fræðimenn og stjórnáamenn munu þurfa að glíma við ýmsar afleiðingar af breyttum mannfjölda Íslands næstu áratugi. Þó orsakir og afleiðingar breytinga mannfjöldans á liðnum öldum séu nokkuð þekktar þá má búast við að viðfangsefni lýðfræðinga breytist með breyttu samfélagi, þar með talið breytingar á því hvernig mannkynið umgengst náttúruna. Meðal nýrra viðfangsefna lýðfræðinnar eru búferlaflutningar vegna loftslagsbreytinga og öldrun mannfjöldans í kjölfar sögulegra breytinga á fæðingartíðni. Ef hitastig jarðar heldur áfram að hækka gætu fleiri svæði jarðar orðið óbyggileg og ýtt undir búferlaflutninga milli landa. Fjallað verður um mögulegar breytingar á mannfjölda Íslands næstu áratugi í þessu ljósi. Þessar breytingar munu fela í sér áskoranir á fjölmörgum sviðum samfélagsins. Möguleg verkefni lýðfræðinnar í íslensku samfélagi verða reifuð á sviði náttúruverndar, velferðarmála, menntamála, vinnumarkaðsmála, heilbrigðismála og lífeyrissjóðakerfisins. Lýðfræðin mun áfram fjalla um búferlaflutninga innanlands og dreifingu íbúa í þéttbýli og dreifbýli en búast má við áframhaldandi aukningu erlendra innflytjenda. Aukinn fjölbreytileiki mannfjöldans með þeim kostum og mögulega árekstrum sem fjölbreytileikanum gjarnan fylgja mun að líkindum verða krefjandi viðfangsefni næstu áratugi. Þrátt fyrir líklegar breytingar á viðfangsefnum lýðfræðinnar má búast má við að spurningin um hversu margt fólk jörðin getur brauðfætt verði áfram knýjandi viðfangsefni lýðfræðinga á næstu áratugum en með aukinni áherslu á sjálfbærni.

Stefán Hrafn Jónsson

## **Rökræðukönnun og lýðvistun (Deliberative polling and Crowdsourcing)**

Á þessu ári er í fyrsta skipti haldin svokölluð rökræðukönnun hér á landi, en það er aðferð sem James Fishkin, prófessor við Stanford háskóla hefur þróað og beitt um árabíl til að kanna áhrif upplýsinga og skipulegra umræðna á pólitísk viðhorf. Rökræðukönnunin hér er hluti af almenningsráði um stjórnarskrár-breytingar á vegum stjórnvalda. Í tengslum við hana verður einnig opnaður vettvangur lýðvistunar – opinna umræðna á raf-rænum vettvangi – á vef Betra Íslands, en lýðvistunin er hluti af rannsóknarverkefniinu Lýðræðisleg stjórnarskrárgerð. Í greininni er fjallað um þessar aðferðir almennt en sjónum einkum beint að áreiðanleika þeirra og um leið réttlætningunni á notkun þeirra. Sagt verður frá fyrstu greiningum á niðurstöðum lýðvistunarinnar, en Al tækni er m.a. beitt til að greina einkenni þess texta sem birtist á vefsvæðinu, draga fram rökleg einkenni og skoða að hve miklu leyti hann endurspeglar þróun eða breytingar á viðhorfum, en opnar vefumræður hafa ekki síst þann tilgang að stuðla að því að þátttakendur ígrundi viðhorf sín og veiti því athygli sem aðrir segja. Niðurstöður geta varpað ljósi á þau „trend“ sem birtast í umræðunni. Hér er hins vegar um fyrstu niðurstöður að ræða, en samskonar greiningu verður beitt í rannsóknnum á niðurstöðum rökræðukönnunar.

Róbert Bjarnason

Jón Ólafsson

## **Viðhorf almennings og tillaga stjórnlagaráðs (Public opinion and the Constitutional Council's Proposal)**

Stjórnarskrárferlið sem stjórnvöld stóðu fyrir á árunum 2010-2013 fól í sér umfangsmesta almenningssamráð sem um getur hér á landi. Í fyrirlestrinum er fjallað um hvort og þá hvernig viðhorf almennings endurspegluðust í vinnu og tillögum Stjórnlagaráðs. Rannsóknin byggir fyrst og fremst á heimildum um aðdraganda, undirbúning og vinnu Stjórnlagaráðs. Farið er yfir kosningabráttu frambjóðendanna 523 sem buðu sig fram til Stjórnlagapings og áhersluatriði sem þar komu fram. Þá verður gerð heildarúttekt á niðurstöðum Þjóðfundar 2010 og þær bornar saman við áherslur frambjóðendanna. Til eru umtalsverð gögn um vinnu Stjórnlagaráðs – þar á meðal orðrétt uppskrift allra funda ráðsins – sem enn hafa lítið verið notuð í rannsóknaskyni, og sömuleiðis hefur ekki kerfisbundið verið fjallað um framlag almennings í gegnum félagsmiðla og beinum samskiptum við Stjórnlagaráð. Þetta hvort tveggja er nýtt til að staðsetja vinnu ráðsins með tilliti til þeirra sjónarmiða sem þar urðu ofan á þegar frumvarp að nýrri stjórnarskrá varð til. Í rannsókninni verður beitt margvíslegum tegundum textagreiningar, en einnig verður byggt á viðtölum við valinn hóp þátttakenda. Spurt verður hvort sú beina þátttaka sem þetta ferli bauð upp á – kosningarnar, þjóðfundurinn, vinna ráðsins og framlag almennings – gefur tilefni til að ætla að meiri þátttaka almennings geti aukið tiltrú á lýðræði – að þátttakan geti bætt upp helstu galla hins hefðbundna fulltrúalýðræðis.

Katrín Oddsdóttir

## **Lýðræðislegt samráð: Þátttaka almennings, aðkoma hópa (Public consultation: participation and inclusion)**

Þegar lagt er mat á almenningssamráð þarf að huga að tvennu: hversu mikil þátttakan er og hverjir taka þátt – hverjir ekki. Í samráðsverkefnum af ýmsu tagi er áherslan iðulega á hlutfallslega almenningsþátttöku. Í fyrirlestrinum er bent á að þar með sé aðeins hálf sagan sögð og til að raunverulega sé um almenningssamráð að ræða þurfi einnig og ekki síður að gæta þess að hópar séu ekki undanskildir. Greind verða dæmi um almenningssþátttöku með þetta í huga og rannsóknin beinist því að dæmum um samráðsferla sem skoðaðir verða. Bent verður á að nokkrir helstu höfunda um þekkingarmiðað lýðræði (e. Epistemic democracy) leggja ofuráherslu á fjölbreytni í skilningi mismunandi þekkingarbakgrunns, en forðast að ræða fjölbreytni gildismats eða menningarlegs bakgrunns – sumir gera jafnvel ráð fyrir því að slík fjölbreytni hafi ekki þau áhrif að auka gæði lýðræðislegra ákvarðana. Byggt er á kenningum um vald og yfirráð til að skoða hvernig ákveðnar tegundir þátttöku og beins lýðræðis geta sniðgengið hópa sem standa höllum færi í samfélaginu menningarlega og efnahagslega. Því er haldið fram að kostir þátttökulýðræðis komi ekki fram nema tryggt sé að hópar sem alla jafna eru jaðarsettir hafi sýnilega aðkomu að þátttökuferlum.

Liam O'Farrell

## **Heildarendurskoðun í áföngum (A Complete revision in stages)**

Íslensk stjórnvöld hafa hrundið af stað endurskoðun á stjórnarskrá Íslands sem ætlunin er að taki samtals sjö ár en feli í sér þegar upp er staðið að allir hlutar stjórnarskrárinnar verði teknir til endurskoðunar. Í fyrirlestrinum verður fjallað um þetta verkefni og mat lagt á stöðu þess.

Allt frá því að Stjórnlagaráð skilaði frumvarpi sínu til Alþingis árið 2011 hefur mikil umræða verið um aðkomu almennings að gerð stjórnarskrár og yfirstandandi ferli sýnir að stjórnvöld taka kröfu um aðkomu almennings mjög alvarlega. Þess vegna verður stuðst við bæði rök-ræðukönnun og lýðvistun í endurskoðuninni nú og með þeim hætti reynt að tryggja að sjónarmið almennings séu bæði kunn og hafi áhrif á þau frumvörp sem lögð verða fram um breytingar á stjórnarskrá.

Í þessum fyrirlestri er fjallað um áform stjórnvalda með gagnrýnum hætti og bent á þekkta styrkleika og veikleika bæði rök-ræðukannana og lýðvistunar. Spurt verður hvort raunhæft sé að ætla að ferli af þessu tagi auki traust á stjórnvöldum eða verði til þess að skapa sátt um stjórnarskrá. Loks verður stjórnarskrár-umræðan sett í samhengi við borgaralega þátttöku á Íslandi á undanförunum árum. Ísland sker sig úr að því leyti að umræðan um nýja stjórnarskrá hefur verið mjög áberandi í borgaralegu andófi og rætt verður um hvaða ályktanir megi draga af þessu um sérstöðu íslensks borgaravettvangs.

Valgerður Björk Pálsdóttir



## **Skipulegar rökræður í hópum: Lögmæti og virkni (Mini-public deliberation: Legitimacy and function)**

Í þeirri hröðu þróun í átt að auknu almenningssamráði sem hefur orðið á síðustu tíu árum víða um heim, hefur sú aðferð að slembivelja hópa til að fjalla um margvísleg stefnumál stjórnvalda og opinberar ákvarðanir fengið síaukna athygli. Þetta vekur spurningar um muninn á stöðu slembivalinna og kjörinna fulltrúa. Í erindinu er fjallað um hana og umræðan sett í samhengi við almenningssamráð hér á landi. Sérstaklega er hugað að lögmætisspurningum um slembivalda hópa og þær settar í samhengi við kenningar og fræðilegar umræður um fulltrúaval (e. representation).

Rannsóknin er fyrst og fremst á sviði kenninga og í fyrirlestrinum er gefið stutt yfirlit um nýjustu umræðu á þessu sviði til að staðsetja viðhorf höfundar. Færð eru rök fyrir því að vandasamt geti verið að blanda saman hefðbundnu fulltrúalýðræði og slembivalsaðferðum. Margt bendi hins vegar til að slembival hafi kosti umfram fulltrúalýðræði sem mæla með auknum tilraunum með það. Þá er rætt um „krísu fulltrúalýðræðis“ eins og mest hefur verið fjallað um hana á undanförunum árum. Því er haldið fram að samkeppnisþáttur fulltrúalýðræðis dragi í raun úr lýðræði. Niðurstaðan birtist í formi rökstuddra efasemda um ekki aðeins gæði fulltrúalýðræðis heldur lögmæti þess líka og spurt verður hvort aðferðir slembivalds geti leyst samkeppnislýðræði af hólmi.

Sævar Ari Finnbogason

## Þjónustuhneigð?

Í fyrirlestrinum verður hugtakið þjónustuhneigð skoðað út frá þrem megin skilgreiningum og vöngum velt yfir hver skilgreininganna eigi best við þjónustustarfsemi samtímans. Þá verða tengsl þjónustuhneigðar við árangur skipulagsheilda til umræðu ásamt því hvernig hún skuli mæld og að síðustu hvernig stuðlað sé að innleiðingu hennar. Skilgreiningar þjónustuhneigðar sem hér liggja til grundvallar eru í fyrsta lagi sem almennt jákvætt viðhorf starfsmanna, sérstaklega þeirra í framlínustörfum, til viðskiptavina og þjónustuveitingar. Í öðru lagi út frá skilvirkni þjónustu, ferla og þeirra þjónustukerfa sem eru innan skipulagsheilda. Hér er byggt á hvatningakerfum til starfsmanna fyrir rétta hegðun og gæðakerfum, sem oft er komin frá framleiðslustjórnun. Í þriðja lagi út frá raunverulegri hegðun starfsmanna í þjónustuveitingu, sem vísar til hvernig þjónusta er framkvæmd innan skipulagsheilda og er þar lögð áhersla á að vita og sinna þörfum viðskiptavina. Þó fræðimenn séu ekki sammála um hvernig eigi að skilgreina þjónustuhneigð hafa rannsóknir þeirra sýnt fram á að almenn sátt ríki um að áhersla á þjónustuhneigð leiði til betri árangurs skipulagsheilda, þegar kemur að m.a. framkvæmd þjónustu til viðskiptavina og aukinna þjónustugæða.

Magnús Haukur Ásgeirsson

## **Erlendar kvikmyndahátíðir: þátttaka íslenskra framleiðenda**

Vaxandi fjöldi íslenskra kvikmynda hefur tekið þátt í erlendum kvikmyndahátíðum undanfarið og vakið verðskuldaða athygli. Kvikmyndahátíðir gegna mikilvægu hlutverki í aðgengi að dreifikerfi kvikmynda, en þar mæta m.a. söluaðilar, dreifingaraðilar, gagnrýnendur og fjölmiðlafólk sem hafa áhrif á hver afdrif kvikmyndarinnar verða. Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast innsýn í hvernig þátttaka í kvikmyndahátíðum fer fram og hvaða áskorunum kvikmyndaframleiðendur mæta. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði þar sem tekin voru viðtöl við átta aðila sem hafa tekið þátt í að koma íslenskum kvikmyndum á framfæri erlendis. Viðtölin fóru fram í maí 2019 og voru viðmælendurnir fimm kvikmyndaframleiðendur, tveir ráðgjafar á vegum þjónustuaðila og lögfræðingur sem hefur fengist við samningagerð varðandi dreifingu kvikmynda. Rannsóknin leiddi í ljós að val á kvikmyndahátíð og frumsýningardegi er flókin aðgerð sem gerir kröfur um góðan undirbúning. Á kvikmyndahátíðum á sér stað mikið af viðburðum og fundum og þar er lagður grundvöllur að mikilvægum ákvörðunum sem binda hendur framleiðenda til lengri tíma. Það er því brýnt að gera sér strax í upphafi grein fyrir því hverju er verið að sækjast eftir og hvaða færni þeir aðilar sem falið er að sjá um dreifinguna þurfa að búa yfir. Vegna sérkenna flestra íslenskra kvikmynda gæti allt eins hentað að fela litlum sérhæfðum aðilum dreifinguna fremur en endilega þeim sem eru stærstir og mestir. Eitt af því sem einkennir atvinnugreinina er, að það getur verið dýrkeypt að gera mistök. Það er því brýnt að hafa góða sýn á verkefnið og taka vel ígrundaðar ákvarðanir.

Gunnar Óskarsson

## Staðsetning viðburða og væntingar ólíkra markhópa

Mikill fjöldi viðburða er haldinn á Íslandi ár hvert. Landsmót hestamanna er meðal stærstu viðburða sem haldnir eru reglulega hérlendis. Mótið sækja bæði innlendir og erlendir gestir og er gestafjöldi oftast á bilinu 8-10.000. Mótið hefur verið haldið reglulega en á mismunandi stöðum á landinu frá árinu 1950 þegar fyrsta mótið var haldið á Þingvöllum. Meðal áskorana sem mótshaldarar hafa glímt við í gegnum tíðina er að draga að nægilegan fjölda gesta til að standa undir kostnaði við mótshaldið. Til að efla viðburðinn má ætla að markviss greining markhópa, öflug ímyndarsköpun og dagskrá og þjónusta sem mætir væntingum gesta sé mikilvæg. Í þessari rannsókn er rýnt í val og greiningu markhópa fyrir viðburðinn og það með hvaða hætti val á mótsstað hefur áhrif á ákvörðun ólíkra hópa um að sækja viðburðinn. Þar koma til þættir eins og það hvort mótið er haldið í dreifbýli eða þéttbýli, norðan heiða eða sunnan o.s.frv. Rannsóknin byggir á spurningakönnun meðal innlendra og erlendra gesta sem sóttu viðburðinn á árunum 2014, 2016 og 2018. Einnig byggir hún á viðtölum sem tekin voru við hestamenn hérlendis í aðdraganda mótsins 2016. Rannsóknin er hluti af umfangsmiklu alþjóðlegu rannsóknarverkefni þar sem Landsmót hestamanna er rannsakað sem viðburður.

Ingibjörg Sigurðardóttir

## Gæði, ímynd, árangur

Markmið fyrirlestursins er að útskýra tengsl þjónustugæða, ímyndar og árangurs í þjónustu flugfélaga í millilandaflugi. Þjónustugæði er upplifun svarenda á þjónustunni um borð, ímynd byggir á því hversu jákvæða eða neikvæða ímynd flugfélagið og þjónustan sem í boði er hefur og árangur er heildaránægja svarenda og mat á viðskiptatryggð. Um er að ræða forathugun þar sem framkvæmd var vefkönnun með hentugleikaúrtaki og fór gagnaöflunin fram á tímabilinu 16. apríl til 3. maí 2017. Spurningalistinn taldi 32 spurningar, 12 er tengdust þjónustuatriðum, sex er tengdust ímynd og þrjár er tengdust árangri. Alls fengust 264 gild svör sem unnið var með. Við úrvinnslu var stuðst við leitandi þáttgreiningu (*Principal Components Analysis*) og aðhvarfsgreiningu og stóðust forsendur greininga fyrir báðar aðferðirnar.

Úr þáttgreiningunni komu fram þrjár þættir með eigingildi hærra en 1; gæði, ímynd og árangur. Niðurstaða aðhvarfsgreiningar var sú að saman útskýrðu gæði og ímynd 61% af breytileikanum í árangri. Þar hafði þátturinn gæði mun meira vægi en ímynd en sá þáttur útskýrði 15% af breytileikanum í árangri á meðan að ímynd útskýrði 6% af breytileikanum í árangri. Af niðurstöðum má draga þá ályktun að þjónustugæði kunni að vera mikilvægari en ímynd þegar horft er til áhrifa á annars vegar heildaránægju og hins vegar tryggð viðskiptavina. Hafa þarf í huga að um forathugun er að ræða og því frekari rannsókn þörf.

Þórhallur Guðlaugsson

## Þróun á ímynd áfangastaða

Í erindinu verður fjallað um hvernig ímynd áfangastaða mótast hjá ferðamönnum og hvort og hvernig skynjuð ímynd getur mögulega breyst. Markmiðið er þróun rannsóknarlíkans með tilgátum um að breytingar í umhverfi áfangastaða hafi tiltekin áhrif á skynjaða ímynd meðal ferðamanna. Ímynd áfangastaða er margþætt fyrirbæri og hefur áhrif á val og ferðahegðun ferðamanna. Því er haldið fram að ímynd áfangastaða mótist af ýmsum þáttum sem tengjast m.a. þekkingu ferðamanna á honum og hvernig upplifun af honum er á meðan heimsókn stendur yfir. Sýnt hefur verið fram á að skynjuð ímynd áfangastaða er ekki fastmótuð heldur getur tekið breytingum út frá ýmsum þáttum. Sumar rannsóknir sýna að tilteknir atburðir eða viðburðir hafi áhrif á ímynd, á meðan aðrar sýna fram á að til lengri tíma breytist ímynd almennt ekki.

Niðurstöður rannsókna sýna að ímynd Íslands sé sterk og hvorki eldgosíð í Eyjafjallajökli 2010/2011 né efnahagshrunið 2008 hafði áhrif á hana. Hins vegar hefur umhverfi ferðaþjónustu á Íslandi breyst töluvert vegna fádæma vaxtar í komum ferðamanna til landsins frá 2010. Tilgangur rannsóknar höfundar er að skoða hvort að hraðar breytingar í umhverfi ferðaþjónustu Íslands hafi áhrif á skynjaða ímynd þess. Spurningakönnun verður lögð fyrir erlenda ferðamenn og borin saman við fyrri niðurstöður.

Brynjar Þór Þorsteinsson

## **Markaðssetning áfangastaða: Mikilvægi sambættingar markaðsskilaboða**

Áfangastaðir víðsvegar um hnöttinn eru í sívaxandi samkeppni hver við annan fyrir tilstilli aukinnar hnattvæðingar og ört vaxandi ferðamennsku um allan heim. Markaðssetning áfangastaða og mörkun áfangastaða skiptir þar sköpum fyrir sýnileika og aðdráttarafl staða á hinu stóra markaðssvæði heimsins. Það flókna ferli sem markaðssetning og mörkun áfangastaða felur í sér er oft í höndum markaðsstofa sem hafa það verkefni á sínu snæri að sambætta markaðsskilaboð staðarins. Það getur oft reynst mjög erfitt vegna þess hversu margir ólíkir hagsmunaaðilar eru á hverjum stað.

Markaðsstofa Norðurlands hefur fengið Rannsóknamiðstöð ferðamála og Háskólann á Hólum til að framkvæma rannsókn sem hefur það markmið að kanna markaðsmál fyrirtækja í ferðapjónustu á Norðurlandi og afla vitneskju um gestina sem sækja svæðið heim. Einn liður í þeirri rannsókn er spurningakönnun sem send var til fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi í lok febrúar 2019 þar sem spurt var um markaðsmál og markhópa fyrirtækjanna. Í þessu erindi verður rýnt í frumniðurstöður spurningakönnunarinnar út frá hugmyndum um mikilvægi sambættingar markaðsskilaboða. Einnig verður fjallað um hlutverk markaðsstofa í markaðssetningu og uppbyggingu áfangastaða.

Elísabet Ögn Jóhannsdóttir

## **Menning, saga og ferðamenn**

Náttúra Íslands er sterkt aðdráttarafli fyrir þá ferðamenn sem hingað koma en íslensk menning hefur verið að sækja í sig veðrið á undanförunum árum í þessum efnum. Árið 2018 nefndu um 75% erlendra ferðamanna íslenska menningu sem eina af kveikjunum að Íslandsferðinni, en til samanburðar nefndu um 40% að menning og saga Íslands hafi haft áhrif þar á árið 2011.

Hvernig birtist þessi áhugi ferðamanna á íslenskri menningu í þeim afþreyingarmöguleikum sem þeir nýta sér í heimsókninni til Íslands? Eru erlendir ferðamenn að skila sér inn á söfnin, setrin og sýningarnar í kringum landið? Hvernig virkar saga Norðurlands sem aðdráttarafli fyrir ferðamenn?

Í þessu erindi verður farið yfir helstu niðurstöður úr spurningakönnun sem gerð var meðal ferðamanna sem heimsóttu valin söfn, setur og sýningar á Norðurlandi sumarið 2019. Könnunin var unnin að beiðni Markaðsstofu Norðurlands og var markmið hennar að fá innsýn í áhuga ferðamanna á sögu Norðurlands, hvað einkenni þennan markhóp og hver upplifun þeirra sé af heimsókninni. Niðurstöðurnar verða einnig settar í samhengi við aðrar kannanir meðal ferðamanna, til að mynda Landamæra-könnun Ferðamálastofu og svæðisbundnar rannsóknir á ferðavenjum erlendra ferðamanna.

Vera Vilhjálmsdóttir



## Upplifun heimamanna af ferðamennsku á einstökum svæðum

Samkvæmt Vegvísi ferðapjónustunnar er jákvætt viðhorf landsmanna til ferðapjónustu einn lykilmælikvarða á stöðu íslenskrar ferðapjónustu. Skilningur á viðhorfum heimamanna er talinn vera meðal lykilmælikvarða fyrir farsæla og sjálfbæra þróun ferðamennsku og stýringu áfangastaða en í sinni einföldustu mynd upplýsa félagsleg þolmörk um það hvenær gestakomur eru farnar að hafa neikvæð áhrif á viðhorf heimamanna.

Í erindinu er sjónum beint að reynslu heimamanna af því að búa við ferðapjónustu og ferðamenn í byggðum landsins. Erindið byggir á 24 einstaklingsviðtölum og símakönnun (n=1481) meðal úrtaks íbúa á Húsavík, Reykjanesbæ, Stykkishólmi og Egilsstöðum sem fram fór haustið 2018. Viðtölin og könnunin voru hluti af rannsókn á viðhorfum heimamanna til ferðamanna og ferðapjónustu sem unnin var fyrir og fjármögnuð af Ferðamálastofu. Dregnar verða fram bæði jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðamenskunnar út frá sjónarhóli íbúa og sýnt hvaða þættir skipta íbúana mestu máli. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að þó svo að sumir þættir séu öllum svæðunum sameiginlegir þá geti þeir haft mismunandi áhrif innan samfélaga. Þannig er hvert svæði einstakt og virðast ákveðnir staðbundnir þættir ráða mestu varðandi afstöðu íbúa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir

## Nýsköpun og fæðuöryggi. Nýjar áskoranir í sjávarútvegi

Ísland situr í 17. sæti meðal stærstu fiskveiðipjóða heims með 1,3% hlutdeild á heimsvísu. Hér er því velt upp hvernig tryggja megi komandi kynslóðum aðgang að auðlindinni og nýtanlegu hráefni til framtíðar. Íslendingar eru fremstir í flokki varðandi nýtingu á þorski og er staðan sú að í dag felast meiri verðmæti í aukaafurðum heldur en í þeim þorskflökum sem flutt eru á erlenda markaði. Mikil nýsköpun hefur átt sér stað í íslenskum sjávarútvegi og hafa fyrirtæki náð að meðaltali um 80% nýtingu á þorski á móti um 55% hjá öðrum þjóðum í Evrópu. Sé litið til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um fæðuöryggi í heiminum þá skiptir betri nýting á kalki, fitu og próteinum miklu máli. Hér verður skoðað hvaða leiðir stærstu sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi eru að fara. Stuðst er við blandaða aðferð við rannsóknina. Spurningalisti verður lagður fyrir lykilstjórnendur 50 stærstu sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi og viðtöl tekin við stjórnendur og starfsmenn. Markmiðið er að sýna fram á að verðmætasköpun hefur aukist verulega á undanförunum árum frá vörum sem unnar eru úr íslensku sjávarfangi. Af þessu má ráða að betri nýting sjávarfangs í heiminum er forgangsattriði á næstu árum, fyrir fæðuöryggi og fyrir aukna verðmætasköpun.

Hólmfríður Sveinsdóttir

Ásta Dís Óladóttir

## **Greining á umfangi endurvigtarsvika**

The accurate measurement of catch quantity is essential in ITQ systems. The Icelandic ITQ system relies on a network of certified harbor weighing stations that monitor landed quantity. Estimating catch from landed quantity is complicated if many product forms are landed. E.g. adjusting landed quantity for ice is a challenge. A system of producer reweighing allows producers to separate ice and fish and report net weight. About 45% of all Icelandic catches go through reweighing. There have long been rumors that vertically integrated firms abuse this system by overreporting ice in the catch. Although the Icelandic directorate of fisheries monitors reweighing, their ability to detect fraud is limited. We perform a case-control analysis of monitored landings versus unmonitored landings to assess the extent of overreporting of ice. The results show that this is a substantial problem but the vast majority of cheating is limited to a small group of firms. We then provide an analysis of the effects of such factors as vessel type, location, season and firm type on the level of cheating. Further, we test the effectiveness of initiatives implemented by the Directorate of fisheries to reduce cheating. The results have clear policy implications about how best to combat this problem while maintaining the reweighing system and the positive effects it has on ice use and catch quality.

Daði Már Kristófersson

Birgir Þór Runólfsson

## **Framleiðni í fiskveiðum eftir skipaflokkum**

Á undanförunum 20 árum hafa nokkrar athuganir verið gerðar á framleiðni í íslenskum sjávarútvegi. Þær greiningar hafa tekið mið af sjávarútvegi í heild, en í þessari grein er fjallað um þróun framleiðni eftir skipaflokkum. Framleiðni er metin með aðferð sem kennd er við gagnaumgjörð (Data Envelopment Analysis, DEA) sem er óparametrísk aðferð. Notuð er svokölluð Malmquist vísitala til að sundurgreina framleiðni í breytingar á skilvirkni og tæknibreytingar. Skilvirknibreytingarnar má svo aftur sundurliða í skalahagkvæmni og breytingar á hreinni skilvirkni. Greiningin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands um tekjur og kostnað í sjávarútvegi á árunum 1997-2017. Kostnaði er skipt í fernt; launakostnað, olíukostnað, kostnað við veiðarfæri og viðhald og fjármagnskostnað. Breytingar á framleiðni, skilvirkni og tækni eru metnar bæði fyrir atvinnugreinina í heild og fyrir sex báta- og skipaflokka. Frumniðurstöður gefa til kynna að framleiðni hafi að jafnaði vaxið mest hjá bátum 10-200 tonn að stærð og stærri en 200 tonn, en dregist saman hjá ísfisktogurum. Þessi þróun ræðst mest af tæknibreytum en skilvirkni hefur haldist nær staðið í stað.

Sveinn Agnarsson

## **Hverjir fá auðlindarentuna í íslenskum sjávarútvegi?**

Í erindinu er greint frá viðamikilli rannsókn á þróun á auðlindarentu í íslenskum sjávarútvegi og skiptingu hennar. Rentunni var skipt á milli þriggja aðila: þ.e. þeirra fyrirtækja sem enn starfa í atvinnugreininni, ríkisins og þeirra aðila sem selt hafa kvótann og hætt starfsemi. Rannsóknin hefst 1998 og nær til 2017. Notuð voru ítarleg gögn frá Hagstofu Íslands við rannsóknina. Niðurstöðurnar voru að nær engin auðlindarenta var framleidd í íslenskum sjávarútvegi fyrr en 2008. Ástæður þessa voru stanslaus samdráttur í veiðum frá 1990 til 2008. Á þeim tíma helmingaðist aflinn mældur í þorskígildum. Atvinnugreinin hagræddi, fækkaði stöfum um helming, lokaði vinnslum og fækkaði skipum. En þessi hagræðing náði varla að halda í við minni afla. Þegar veiðar jukust 2009, samhliða veikingu krónunnar, varð veruleg auðlindrenta sýnileg. Frá 2009 hefur auðlindarentan verið nokkuð stöðug og verið að meðaltali 15-19% af útflutningsverðmæti íslensks sjávarútvegs. Skipting rentunnar hefur verið nokkuð jöfn á milli þessara þriggja aðila. Íslenska ríkið hefur fengið sinn skerf af rentunni með veiðigjöldum, fjármagnstekjuskatti og hærri tekjuskatti sem lagður er á hagnað fyrirtækja. Þau fyrirtæki sem enn starfa í greininni hafa fengið verulegan skerf af rentunni enda hefur afkoma yfirleitt verið góð. Að lokum hafa þeir aðilar sem selt hafa aflaheimildir og hætt rekstri fengið stóran hluta af rentunni.

Stefán B. Gunnlaugsson

**Þróun þekkingartengsla milli háskóla og  
atvinnulífs. Læknisfræðileg verkfræði við  
Chalmers tækniháskólann í Gautaborg 1948-  
2018**

Samstarf háskóla og atvinnulífs til eflingar nýsköpunar hefur verið vinsælt rannsóknarefni á undanförunum árum og áratugum. Lengi vel var mest áhersla lögð á viðskiptalega hagnýtingu vísindapekkingar í gegnum einkaleyfi og stofnun sprotafyrirtækja en á síðustu misserum hafa augu rannsakenda í sívaxandi mæli beinst að því hvernig vísindapekking þróast og hagnýtist í gegnum ýmskonar þekkingartengsl milli háskóla og atvinnulífs (e. academic engagement). Hingað til hafa þessar rannsóknir fyrst og fremst miðað að því að sýna fram á að þessi tengsl séu til staðar og útskýra hvers vegna þau myndast, en lítið sem ekkert fjallað um þróun þeirra. Tilgangur þessarar greinar er að gera tillögu að hugtakalíkani sem lýsir þróun þekkingartengsla milli háskóla og atvinnulífs. Á grundvelli eigindlegrar raunrannsóknar á þróun læknisfræðilegrar verkfræði (e. Biomedical engineering) við Chalmers tækniháskólann í Gautaborg yfir sjö áratugi eru borin kennsl á fjórar mismunandi tegundir af þekkingartengslum. Með því að skoða hverja tegund sem safn af verklagsvenjum (e. organizational routines), m.a. hvernig unnið er með sjúkrahúsum bæði beint og í gegnum fyrirtæki, er hægt að tengja við þróunarkenningar um vöxt þekkingar og setja fram tillögu að hugtakalíkani sem lýsir þróun þekkingartengsla milli háskóla og atvinnulífs.

Rögnvaldur J. Sæmundsson

Maureen McKelvey

## **Öryggisnet? Staðsetning og tengslanet áhættufjárfesta sem fjárfesta í umdeilanlegum sprotafyrirtækjum**

Starfsemi sprotafyrirtækja og viðskiptalíkön þeirra eru stundum umdeild eða umdeilanleg, en fjárfestar sem sækjast eftir ávöxtun á fé sitt þurfa að meta mögulegan ávinning og áhættu af því að fjárfesta í slíkum fyrirtækjum. Í þessari rannsókn er til skoðunar hvaða þættir einkenna fjárfesta sem taka þátt í slíkum verk-efnum, sér í lagi innbyrðis tengsl fjárfesta sem það gera. Prófaðar eru tilgátur sem snúa að því að þegar kemur að slíkum fjárfestingum þurfi fjárfestar að takast á við áhættu tengda orðspori eða lögmæti (í félagslegum skilningi) til viðbótar við fjárhags-áhættu, sem fjárfestar bregðist við með því að takmarka aðra áhættu í samstarfinu. Við prófum tilgáturnar með því að greina gögn um áhættufjárfestingar í samhengi við gögn um umdeilanleika sprotafyrirtækja sem safnað var með því að láta óháða utanaðkomandi einstaklinga meta fyrirtækin. Niðurstöðurnar gefa til kynna að við fjárfestingar í umdeilanlegum fyrirtækjum (samkvæmt þessu óháða mati) séu fjárfestar líklegri til að vinna með meðfjárfestum sem hafa starfsstöðvar í næsta nágrenni og með meðfjárfestum sem þeir hafa unnið með áður, samanborið við fjárfestingar í minna umdeilanlegum fyrirtækjum. Niðurstöðurnar gefa til kynna að slík óhefðbundin áhætta hafi áhrif á þróun sprotafyrirtækja og nýsköpunnar sem tengist þeim, og því sé nauðsynlegt að hafa hana í huga bæði við rannsóknir og stefnumótun tengdri nýsköpun.

Magnús Þór Torfason

Pavel I. Zhelyazkov

## **Hvernig eru Agile aðferðir nýttar á Íslandi?**

Agile verkefnastjórnunaraðferðin hefur verið mikið notuð í hugbúnaðarþróun og var upphaflega hugsuð fyrir lítil fyrirtæki og einstök teymi, en er nú notuð í auknum mæli á stærri skala. Í þessari rannsókn er til skoðunar hvaða Agile aðferðir eru notaðar hjá nýskapandi hugbúnaðarfyrirtækjum af mismunandi stærð og hver er upplifun starfsfólks á þeim. Byggir rannsóknin á 25 viðtölum sem tekin voru við starfsmenn hjá samtals 10 hugbúnaðarfyrirtækjum. Fyrirtækin voru misstór og á mismunandi stað í þroskaferlinu; meðal fyrirtækjanna voru sprotafyrirtæki, minni fyrirtæki sem nýlega höfðu þróast frá skilgreiningu sprotafyrirtækis, stærri fyrirtæki sem höfðu tekið upp Agile og fyrirtæki sem höfðu yfirtekið minni einingar sem studdust við Agile. Niðurstöðurnar sýndu að teymi sprotafyrirtækja aðlaga Agile aðferðir töluvert að eigin þörfum. Upplifun viðmælenda gaf til kynna að helstu kostir við notkun aðferðafræðinnar væru aukin samskipti og regluleg endurgjöf viðskiptavina en fram kom að við uppskölun Agile aðferða vilja þessir kostir að einhverju leyti tapast með auknu flækjustigi og togstreitu milli þeirra hluta fyrirtækjanna sem notast við Agile og þeirra sem ekki gera það. Einnig kom fram að þrátt fyrir að tilgangur Agile væri að auka sveigjanleika þótti starfsmönnum tíðar og skyndilegar breytingar með óþægilegustu þáttum aðferðafræðinnar, auk þess sem tímastjórnun á fundum og áætlanagerð voru áskoranir sem komu fram hjá mörgum viðmælendum.

Edda Ýr Georgsdóttir og Sara Sturludóttir

Magnús Þór Torfason



## **Opinber nýsköpun - Hvernig geta stjórnvöld stuðlað að frekari nýsköpun hjá opinberum vinnustöðum?**

Lítið er vitað um stöðu nýsköpunar hjá opinberum vinnustöðum á Íslandi og var þessari rannsókn ætlað að dýpka þá þekkingu, enda er slík þekking mikilvæg við þróun og úrbætur fyrir hið opinbera á þessu sviði. Rannsóknin byggir á samnorrænu könnuninni „Nýsköpunarvogin“ þar sem spurningalisti var sendur á opinbera vinnustaði um allt land, bæði ríkisstofnanir og vinnustaði á sveitastjórnarstigi. Svör bárust frá 272 vinnustöðum og gáfu niðurstöður til kynna að meirihluti opinberra vinnustaða á Íslandi sé nýskapandi samkvæmt viðmiðum nýsköpunarvogarinnar. Það sem einkennir nýskapandi opinbera vinnustaði eru helst fjórir þættir: þeir eru líklegri til að feta ótroðnar slóðir, vinna kerfisbundið að því að læra af mistökum, að því að finna og notast við nýjar lausnir frá öðrum og greina kerfisbundið hvort lausnir þeirra virka. Opinberir vinnustaðir á landsbyggðinni eru ólíklegri til þess að hafa innleitt nýsköpunarverkefni og ólíklegri til að beita einstökum nýsköpunarþáttum. Aðkoma starfsfólks var sá þáttur sem ýtti mest undir nýsköpunarverkefnin að mati þáttakenda, en takmarkað fjármagn hafði mest hamlandi áhrif. Þrátt fyrir að þátttakendur teldu mikla nýsköpun eiga sér stað hjá opinberum vinnustöðum kölluðu þeir eftir meiri samvinnu á öllum stigum, meiri fræðslu og auðveldara aðgengi að upplýsingum og fjármagni.

Daði Már Steinsson

Hannes Ottósson

Magnús Þór Torfason

## **Fjármálaorð á fleygiferð**

Orðaforði á sviði fjármála hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum enda hafa fræðin og efnahagslífið verið í örri þróun og mörg ný hugtök hafa komið með innleiðingu Evrópu-tilskipana. Þetta gerir það að verkum að stöðugt þarf að uppfæra íðorðasöfn á þessu sviði svo að þau verði ekki úrelt. Rannsóknin, sem sagt verður frá í erindinu, beindist m.a. að því að kanna áhrif af þessum aðstæðum. Rannsóknin fór fram á þessu ári og var framkvæmd á þann hátt að send var spurningakönnun til fjármálafrirtækja og fjármálastofnana og auk þess til þýðingastofa sem þýða fjármálatexta. Spurt var um viðhorf til íðorða (hvort þau skipta miklu eða litlu máli), hvort íðorð væru skráð og þá á hvaða hátt, hvernig gangi að finna íslensk íðorð og hver væru helstu vandamál tengd íðorðum.

Helstu niðurstöður eru þær að mikill meirihluti telur þýðingar íðorða skipta mjög miklu máli en skráning á íðorðum er þó áberandi lítil. Fram kemur að um helmingur þátttakenda þarf að leita að íslenskum íðorðum nokkrum sinnum í viku eða daglega. Meira en helmingur þátttakanda telur að helstu vandamál tengd íðorðum í fjármálum séu að þeim hefur ekki verið safnað saman á einn stað. Um 20% þátttakenda benda einnig á gamla og úrelta íðorðalista sem vandamál.

Ágústa Þorbergsdóttir

## **Greiningardeild Íðorðabankans**

Vinna við íðorðasöfnun er seinleg og erfitt að henda reiður á nýjum hugtökum eða breyttri notkun hugtaka á tilteknum fagsviðum. Afar tímafrekt er að fara yfir marga texta til að greina íðorð og skoða notkun þeirra, en með aðstoð tölvutækninnar og öflugs greiningarhugbúnaðar er mögulegt að vinna þessa vinnu með kerfisbundnum hætti. Við kynnum nýjan veflægan hugbúnað sem er í þróun og safnar sjálfvirkt mögulegum íðorðum á sviði fjármála. Markmið verkefnisins er að auðvelda ritstjórnnum íðorðasafna á þessu sviði að skoða hvernig íðorð eru notuð, safna notkunardæmum og að greina ný íðorð í texta þegar notkun þeirra verður útbreidd. Auk þess að láta kerfið safna mögulegum íðorðum sjálfvirkt geta notendur hlaðið textum eða þýðingarminni upp í kerfið svo það geti dregið íðorð út úr því efni. Á sérstöku vinnusvæði orðanefnda og ritstjóra íðorðasafna er hægt að fara yfir greininguna, merkja við hugtök sem ekki voru þekkt fyrir, geyma raunveruleg notkunardæmi og bæta við öðrum upplýsingum. Notendur geta deilt gögnum sínum með öðrum, tekið þau út úr kerfinu á ólíkum sniðum og sent valin íðorð eða dæmi til birtingar í Íðorðabankanum, miðlægu kerfi fyrir íslensk íðorð sem rekið er af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Steinþór Steingrímsson

## **Leitin að fjármálaorðum**

Markmið með rannsókninni er að útbúa hugbúnað til sjálfvirkar íðorðaleitar innan íslensks texta, með áherslu á gögn úr fjármálageiranum. Eftir könnun á því hvort raunhæft væri að aðlaga og nota tilbúnaðarlausnir sem ætlaðar eru fyrir slíkar leitir á öðrum tungumálum, reyndist niðurstaðan sú að besti kosturinn væri að útfæra séríslenska lausn. Teknar voru til skoðunar þær aðferðir til íðorðaleita sem hafa reynst best á síðustu árum, sem og þau íslensku forrit sem hægt væri að styðjast við í útfærslu á þeim aðferðum.

Niðurstaðan er hugbúnaðarfrumgerð sem tekur við runu af íslenskum texta - auk lista þekktra íðorða í viðkomandi fagi, sé slíkur listi til staðar - og skilar af sér ágiskunum um ný og óskráð íðorð. Frumgerðin fær engin lýsigögn um textann sjálfan og þarf því fyrst að vinna úr honum málfræðilega, en þar er að hluta til beitt öðrum forritum sem aðstoða við tókun, mörkun, nafnmyndagreiningu og þáttun textans. Eftir að textinn hefur verið færður yfir á viðeigandi snið beitir frumgerðin tölfræðilegum aðferðum til að reikna út hvaða segðir séu líklegastar til að vera íðorð, með tilliti til tíðni hversrar segðar innan textans og hversu lík hún sé þekktum íðorðum.

Hjalti Daníelsson

## **Mæður og manneskjur frá fyrstu frumuskiptingu: Fjölmíðlaumfjöllun um þungunarrof í Bretlandi og á Íslandi**

Kyn- og frjósemisréttindi kvenna á Íslandi hafa talsvert verið í deigluinni undanfarna mánuði og þá sérstaklega í tengslum við breytingar á lögum um þungunarrof sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2019. Umræðan um hið nýja frumvarp heilbrigðisráðherra um þungunarrof fékk gríðarlega athygli í fjölmiðlum þar sem hart var tekist á. Fyrir ellefu árum lá fyrir breska þinginu frumvarp sem ætlað var að þrengja lög um þungunarrof í Bretlandi, stytta tímarammann sem konur hefðu til að framkvæma það úr 24 vikum í 20 eða 22 vikur. Lagabreytingin, sem náði raunar á endanum ekki fram að ganga, olli hins vegar heitum umræðum í samfélaginu og mörg hundruð greinar um þungunarrof birtust í blöðum og tímaritum. Greining á þessari fjölmiðlaumfjöllun leiddi í ljós að konum var ítrekað stillt upp sem annað hvort góðum mæðrum, sem kjósa að ganga með og eiga börn sín, eða vondum mæðrum sem kjósa að fara í þungunarrof, á meðan fóstrið var persónugert frá fyrstu frumuskiptingu. Í þessum fyrirlestri verður gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar orðræðugreiningar á fjórum stærstu dagblöðum Bretlands á 11 mánaða tímabili og þær settar í samhengi við nýlega fjölmiðlaumfjöllun á Íslandi. Leitast verður við að varpa ljósi á sameiginleg þemu í fjölmiðlaumfjöllun þessara tveggja landa og eins að hvaða leyti orðræðan er ólík.

Sunna K. Símonardóttir

*Rétturinn til að eiga ekki börn: Um móðurhlutverkið og þungunarrof*

## **„Öll viðkvæmni óþörf“ - um sjálfsákvörðunarrétt kvenna til þungunarrofs**

Markmið erindisins er að skoða vægi sjálfsákvörðunarréttis kvenna yfir eigin líkama þegar kemur að ákvörðunartöku um þungunarrof, í ljósi laga sem samþykkt voru 13. maí 2019 á Alþingi. Með þeim var konum loks tryggður sjálfsákvörðunarréttur til þungunarrofs. Það er veigamikil breyting frá fyrri lögum um fóstureyðingar sem sett voru 1975. Þau sættu gagnrýni fyrir að heimila þungunarrof einvörðungu með leyfi tveggja heilbrigðisstarfsmanna. Fyrri hluti erindisins fjallar um upplifun kvenna, sem hafa farið í þungunarrof, af þeim takmörkunum sem voru á sjálfsákvörðunarrétti þeirra. Frásagnir þeirra, sem var safnað 2014-2015, lýsa upplifuninni sem streitu- og kvíða-valdandi, erfiðum hluta ferilsins og óánægju með að þurfa að sækja um leyfi og/eða rökstyðja þessa ákvörðun um eigin framtíð. Seinni hluti erindisins greinir umræðu um sjálfsákvörðunarrétt til þungunarrofs við afgreiðslu laganna á Alþingi árið 2019 og meginstef hennar til að skoða hvaða vægi þingmenn gefa sjálfsákvörðunarrétti kvenna við ákvörðunartökuna. Þemagreining er gerð á báðum þáttum og niðurstöður settar í sögulegt samhengi við umræðu við afgreiðslu eldri laga árið 1975. Niðurstöður benda til að áhersla á sjálfsákvörðunarrétt kvenna hafi orðið ofan á við afgreiðslu laganna 2019, en þó séu þau sjónarmið algeng að sjálfsákvörðunarréttur og frelsi kvenna sé ekki mikilvægustu atriðin sem horfa skuli til þegar kemur að lagasetningu um rétt kvenna til að rjúfa þungun.

Steinunn Rögnvaldsdóttir

## **Kvenleikanum ögrað: Að hafna móðurhlutverkinu eða að sjá eftir því að hafa orðið móðir**

Samfélagslegar hugmyndir um móðurhlutverkið, sem er eitt af hryggjarstykkjum kvenleikans, mótast af samspili margra þátta eins og kynhneigð, hæfishroka (ableism), þjóðerni, kynþætti og kynvitund (gender identity). Í erindinu verða kynntar fræðilegar undirstöður rannsóknar sem ráðist verður í á næstu misserum. Í rannsókninni verður sjónum beint höfnun móðurhlutverksins og þeim sem sjá eftir því að hafa eignast barn/börn. Tekin verða eigindleg viðtöl við konur og fólk sem getur gengið með börn en hafa tekið ákvörðun um að gera það ekki og þær/pau sem sjá eftir þeirri ákvörðun að hafa eignast börn hvort sem börnin eru líffræðilega skyld þeim eða ekki. Viðmælendahópurinn verður að öðru leyti fjölbreyttur þar sem markmiðið er að kortleggja reynslu bæði þeirra sem njóta samfélagslegra forréttinda og þeirra sem eru í jaðarstöðu vegna kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, þjóðernis og líkamlegra eða andlegra skerðinga. Í rannsókninni verður upplifun viðmælenda sett í samhengi við samfélagslegar hugmyndir um gerendamátt og valfrelsi. Spurt er: Hver er gerendamáttur og/eða valfrelsi (kvenna) þegar kemur að barneignum; hvaða rými hafa mæður/fólk sem mæðrar til að tjá eftirsjá í tengslum við móðurhlutverkið; að hvaða leyti er rýmið til að afsala sér móðurhlutverkinu eða tjá eftirsjá í tengslum við það mótað af samspili ólíkra þátta, forréttinda- og jaðarstöðu.

Gyða Margrét Pétursdóttir

Margaret Anne Johnson

*Rétturinn til að eiga ekki börn: Um móðurhlutverkið og þungunarrof*

## **„Ekki vera að hrófla við þessum lögum“**

### **Um baráttuna fyrir nýjum þungunarrofslögum**

Þegar lög um fóstureyðingar tóku gildi á Íslandi árið 1975 höfðu kvannahreyfingar, einkum Rauðsokkahreyfingin, barist fyrir því að með þeim yrði sjálfsákvörðunarréttur kvenna tryggður. Alþingi var ekki tilbúið til þess og skyldaði konur til að sækja um leyfi frá heilbrigðisstarfsfólki áður en aðgerð gæti farið fram. Baráttan fyrir sjálfsákvörðunarréttinum var því í höndum komandi kynslóða baráttukvenna en um leið lá í loftinu ótti við bakslag ef farið yrði að hrófla við gildandi lögum. Markmið þessa erindis er að varpa ljósi á þá togstreitu sem skapaðist milli hreyfinga kvenna sem vildu verja kyrrstöðuna og hinna sem vildu færa mörkin lengra og tryggja kynsysturum sínum sjálfsákvörðunarrétt yfir eigin líkama. Í því er fjallað um baráttu kvenna fyrir fyrri lögum og aðkomu kvannahreyfingarinnar að setningu nýrra laga. Erindið byggir á þátttökuathugun aðgerðasinna á sviði kyn- og frjósemisréttinda, auk viðtala við baráttukonur, fyrirliggjandi gögn frá kvannahreyfingum og fjölmiðlaumfjöllun um málefnið. Niðurstöður benda til að með aukinni áherslu á réttindi kvenna hafi kvannahreyfingin freistað þess að taka upp málið að nýju og þrýsta á Alþingi að koma á lögum um þungunarrof þar sem sjálfsákvörðunarréttur kvenna yrði tryggður.

Fríða Rós Valdimarsdóttir



## **Þungunarrof og hið stöðuga bakslag**

Í erindinu er fengist við stjórnspekilegar spurningar sem liggja til grundvallar nýrri rannsókn á viðbrögðum pólitískra íhaldsinnna við frjálslyndri þungunarroflöggjöf. Spurt er hvort eitt-hvað í hugmyndafræði þeirra útskýri þau viðbrögð sem greina mátti við lagafrumvarpinu. Færð eru rök fyrir því að nauðsynlegt sé að skilja hugmyndina um stöðuga endursköpun og bakslag. Hin almenna hugmynd er véfengd, að íhaldsstefna felist fyrst og fremst í friðsamlegri andstöðu við breytingar þar eð rík hefð er fyrir því hjá íhaldssinum að beita róttækum aðferðum til að varðveita stigveldi í samfélaginu. Rannsóknin beinir bæði sjónum að íhaldsömum hugsuðum og að hópum, bæði róttækum og hófsamari, sem andæft hafa auknu kvenfrelsi. Stuttlega eru skoðuð fjögur tilfelli: Stefna stjórnvalda í Póllandi og Ungverjalandi sem markvisst hafa grafið undan kvenfrelsi og kvenréttindum og andóf íhaldsmanna á Írlandi og Íslandi en í báðum ríkjum voru nýlega samþykkt frjálslynd lög um þungunarrof. Bent er á að sú gagnrýni sem sett var fram á löggjöfina á Íslandi endurómi mælskuþrögð sem iðulega eru kennd við pólitísk bakslög og eru orðin ríkjandi straumur víða um heim um þessar mundir. Hugtakagreiningu eru beitt til að endurbyggja málflutning íhaldsmanna sem og orðræðugreiningu til meta hann. Færð eru rök fyrir því að málflutningur úr ranni íhaldsinnna veiti innsýn inn í bakslagsorðræðu almennt og þar með betri skilning á íhaldshreyfingu samtímans.

Gunnar Sigvaldason

## **The Gypsy shantytown at the doorstep: urban (in)formalities in the Roman peripheries**

This paper uses Romani approaches to urban space as lenses to reflect on urban informality and the ways this is navigated by underprivileged actors, such as Roma migrants and other urban poor. The materials presented were collected during ethnographic fieldwork in informal shanties in the south-western periphery of Rome (Italy). These materials will be analyzed in light of recent conceptualizations of urban formality and informality as forming a single interconnected system and intersecting with processes of confinement and racialization.

The paper highlights the variety of Roma practices of urban space by proposing a comparison between the dwelling strategies of Bosnian Roma and Romanian Roma; it thus shows how these are informed by heterogeneous understandings of non-Roma conceptions and practices of (in)formality, (il)legality and (il)licitness. The paper also explores the complex and ambivalent attitudes concerning Roma and their informal settlements on the part of non-Roma residents of the neighboring district. Finally, it reveals “grey spaces” in urban governance by examining the local authorities’ juggling of formal rejection and informal calculated acceptance of urban informality.

Marco Solimene

## Sígaunasögur á Íslandi

Bókmenntir Rómafólks eru nú almennt vel þekktar á Vesturlöndum. Á Íslandi hefur fólki af Róma uppruna fjölgað á undanförunum árum en lítið er vitað um menningu þess og bókmenntir. Í þessu erindi verður sagt frá verkefni sem unnið er að á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og lýtur að gerð smásagnasafns eftir sex höfunda af Róma uppruna. Sagt verður frá helstu einkennum sagnanna sem byggja gjarnan á sjálfsævisögulegum brotum eða þjóðsögum. Dæmi verða tekin úr verkum rithöfundarins Matéo Maximoffs sem skrifaði bæði á frönsku og rómaní. Í bók sinni *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur* (Brúða Mameligu. Hryllingssögur) sækir Maximoff innblástur í þjóðsögur, siði og venjur Kalderash sígauna. Hann skrifar sögurnar markvisst fyrir þá sem ekki þekkja menningu hans og tungu og leiðir lesandann inn í heim sem er í senn framandi og kunnuglegur fyrir íslenskan almenning.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir

## **How specific is Romani migration to Iceland: Reflections on preliminary research**

Although small in numbers, Roma families have always been part of the Eastern European communities' migration to Iceland. In the period since 2016, probably also as effect of the situation in post-Brexit Europe, a more compact migration of Romanian Roma families (amounting to couple of hundreds) has been observed in Reykjavík. This presentation will discuss my preliminary research on Romani migration to Iceland in synchronic and diachronic prospective. The research is qualitative and a combines historical and ethnographic methods. The historical presence of Roma in Iceland was investigated by archival research and oral history methods. Contemporary Romani migration was studied by ethnographic research among Roma families in Reykjavík. Research results point to the fact that, in contrast to the widespread media and public discourse on poor Roma migrants in Western and Nordic countries, Roma migration in Iceland remains almost invisible. The discussion addresses the following questions: Can we speak of any particularities of the Romani migration to Iceland when compared to other countries, especially in the Nordic region; What kind of challenges are faced by Romanian Roma migrating to Iceland; What kind of challenges are faced by the institutions working with Roma migrants.

Sofiya Dimitrova Zahova

**Sociology of Religion and Milieu Analysis. The veneration of the folk saint La Santa Muerte (Saint Death/Holy Death) in the USA and Mexico in transnational perspective.**

This presentation introduces a doctoral project on the veneration of the Mexican folk saint, La Santa Muerte, and furthermore, addresses the opportunities and limitations of the approach used for the study of contemporary religiosities. Mexican society is currently facing socially momentous collective experiences: social and political conflicts, migration, organized crime, precarious public security, and impunity. They, in turn, produce milieu-specific collective experiences and forms of vulnerability which constitute the context in which the number of people worshipping the religious figure La Santa Muerte in Mexico and the USA has been growing – a tendency discernible since the 2000s. Many of the believers, who often find themselves in precarious living conditions, seek help and protection from La Santa Muerte. Based on recent theorizing on "lived religion" and Weberian sociology of religion, the project outlines four different milieu experiences constituting the social background of the veneration of La Santa Muerte: (1) milieu experience of lack of social ties, (2) that of anomie and stigma, (3) that of social fragmentation, and (4) of precarious order. The database consists of interviews with believers, photographs of altar spaces, protocols of religious practices collected during fieldwork in the USA and Mexico in 2015/2016. The project combines qualitative analysing methods.

Silke Müller

## **Viðhorf Íslendinga til innflytjenda og fjölmennningar**

Á tveimur áratugum hefur hlutfall innflytjenda af mannfjölda á Íslandi vaxið mjög og íslenskt samfélag tekið að þróa í átt til fjölmennningar. Hefur sú þróun haft áskoranir í för með sér fyrir íslenskt samfélag. Í erindinu eru skoðaðar niðurstöður úr könnun sem var hluti af rannsóknarverkefni undir forystu Háskólans á Akureyri, „*Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi*“. Þar voru Íslendingar spurðir út í viðhorf sitt til innflytjenda og fjölmennningar á Íslandi. Könnunin var gerð haustið 2018 og náði til tólf mismunandi sveitarfélaga. Markmið fyrirlesara er að leiða í ljós hvaða viðhorf til innflytjenda og fjölmennningar eru ríkjandi á Íslandi og hvort fjölgun innflytjenda tengist búsetuánægju fólks. Var skoðað sérstaklega hvort munur sé á viðhorfum íbúa sem koma frá svæðum þar sem íbúatalan inniheldur hátt eða lágt hlutfall innflytjenda. Unnið var úr gögnum með lýsandi tölfræði og gerð var línuleg aðhvarfsgreining. Fram kom að ekki eru tengsl á milli afstöðu Íslendinga til innflytjenda og svo þess hvort hátt eða lágt hlutfall innflytjenda býr á sama svæði. Er sú niðurstaða ekki í samræmi við eldri rannsóknir á viðhorfum Íslendinga, þar sem að niðurstöður bentu til þess að fjölgun innflytjenda hefði í för með sér neikvæðara viðhorf gagnvart þeim.

Ómar Hjalti Sölvason

## **Kvennavinna: Erlendar fagkonur í láglaukastörfum**

Erfitt er fyrir erlendar fagkonur að fá störf við hæfi og/eða fá menntun og réttindi frá heimalandinu metin á Íslandi. Ófullnægjandi íslenskukunnátta og íslenskukennsla; takmarkaður stuðningur og skortur á sjálfstrausti eru á meðal helstu hindrana fyrir erlendar konur á íslenskum vinnumarkaði. Markmið þessa forverkefnis var að skoða sérstaklega hindranir í vegi erlendra fagkvenna á Akureyri og benda í kjölfarið á mögulegar lausnir. Fimm konur voru valdar með hentugleikaaðferð og tekin við þær viðtöl. Hverri og einni var síðan fylgt eftir í leit sinni að við-eigandi starfi og veitt aðstoð eftir þörfum. Ferlið, ásamt upplifun þeirra sjálfra, var skrásett nákvæmlega meðan á verkefninu stóð. Helstu niðurstöður voru m.a. að erfiðustu hindranirnar eru takmörkuð íslenskukunnátta; að bjóðast einungis störf sem fela í sér að starfa einsömul eða með öðrum útlendingum, og þar af leiðandi skortur á tækifærum til að starfa í íslensku málumhverfi. Nægt framboð af íslensku starfsfólki, í þeim fagstéttum á Akureyri sem rannsóknin náði til, fækkar tækifærum innflytjenda enn frekar. Leiðir til bóta gætu verið markviss samvinna sveitafélags, vinnumarkaðarins og stofnana, er starfa í þágu innflytjenda, til að tryggja þeim betra aðgengi að íslensku málumhverfi. Slíkt gæti veitt innflytjendum tækifæri til að æfa sig í íslensku, bætt atvinnumöguleika þeirra, stuðlað að betri mannauðsnýtingu og dregið úr fordómum. Horfa mætti til fyrirmynda á höfuðborgarsvæðinu á borð við starfsgreinatengd íslenskunámskeið og Íslenskuþorpið.

Sveinbjörg Smáradóttir

Markus Hermann Meckl

## **Pólitísk þátttaka innflytjenda á Íslandi**

Erindið byggir á rannsókn sem er hluti af rannsóknarverkefninu „*Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi*“ við Háskólann á Akureyri. Verkefnið hlaut styrk úr Rannsóknarsjóði árið 2018. Því er stýrt af Háskólanum á Akureyri en að auki koma tíu samstarfsaðilar og sérfræðingar frá öðrum háskólum og stofnunum að því. Stór hluti af verkefninu er spurningakönnun meðal innflytjenda um aðlögun þeirra á Íslandi „How is your life in Iceland?“ Hún var framkvæmd haustið 2018. Þátttakendur í könnuninni voru alls 2211 innflytjendur á aldrinum 18-80 ára, eða rétt um 5% allra innflytjenda sem áætlað er að búsettir séu á Íslandi. Markmið könnunarinnar var að fá innsýn í stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi og var áhersla lögð á þætti er varða tungumál, atvinnu, menntun, þátttöku, menningu og hamingju.

Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður greiningar á spurningum um kosningaþátttöku og pólitíska þátttöku innflytjenda á Íslandi. Kom hún út á skýrslu við Háskólann á Akureyri í ágústmánuði 2019. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru: Að kjörsókn innflytjenda er langt undir heildarkjörsókn í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna og að kjörsókn þeirra er mun meiri til sveitarstjórna en til Alþingis. Að konur meðal innflytjenda kjósa fremur en karlar og að eldri innflytjendur kjósa fremur en þeir yngri. Þá er kjörsókn er mun betri í sveitarfélögum sem staðsett eru utan höfuðborgarsvæðisins.

Grétar Þór Eyþórsson



## **Tengsl við Ísland: stafræn tengsl innflytjenda og þátttaka þeirra í nærsamfélaginu**

Tengsl innflytjenda við staðinn þar sem þeir setjast að myndast í vaxandi mæli fyrir tilverknað notkunar stafrænna miðla, samkvæmt nýlegum rannsóknum. Sagt verður frá rannsókn á sambandi stafrænna tengsla innflytjenda við upprunalandið, þátttöku þeirra í nærsamfélaginu og ánægju með lífið á Íslandi. Stafræn tengsl voru metin sem tíðni notkunar fjölmiðla upprunalands og tíðni stafrænna samskipta við fólk frá upprunalandinu. Greind voru gögn úr spurningakönnun (N 2139) sem árið 2018 var lögð fyrir rafrænt meðal hentugleikaúrtaks innflytjenda á Íslandi. Gerð voru kí-kvaðrat próf og fjölkosta fjölbreytuaðfallsgreining á tengslum bakgrunnsbreyta við líkur á að mælast með mikil-, miðlungs- eða lítil stafræn tengsl við upprunalandið. Fram kom að innflytjendur sem mælast með mikil stafræn tengsl við upprunaland sitt taka eins mikinn þátt í nærsamfélaginu og þeir sem mælast með minni stafræn tengsl við upprunalandið. Mikil stafræn tengsl við Íslendinga, notkun íslenskra fjölmiðla, áform um búsetu til langs tíma og að vera í starfi við hreingerningar eða fiskvinnslu tengdust auknum stafrænum tengslum við upprunalandið. Mat innflytjenda á almennri ánægju sinni með lífið á Íslandi tengist ekki umfangi stafrænna tengsla. Niðurstöðurnar gefa til kynna að innflytjendur sem mælast með mikil stafræn tengsl við upprunalandið fylli þann flokk sem fræðikonan Diminescu hefur kallað „tengda innflytjendur“, fólk sem rækti tengsl við fleiri en eitt land og taki nánast jafn mikinn þátt í nærsamfélaginu og aðrir.

Þorlákur Axel Jónsson

Lara Hoffmann

## **Stuðningur vina á unglingsárum eftir þjóðernisuppruna**

Börn og unglingar hafa tilhneigingu til að tengjast frekar vinaböndum innan eigin þjóðernishóps heldur en út fyrir hann. Lítið er þó vitað um gæði og inntak vinasambanda eftir því hvort vinir eru af sama uppruna eða ólíkum. Markmið rannsóknarinnar sem kynnt verður í erindinu var að kanna hvers konar félagslegan stuðning unglingar af erlendum uppruna geta sótt annars vegar til íslenskra vina og hins vegar vina sem hafa erlendan bakgrunn eins og þau. Spurningalisti var lagður fyrir 806 unglinga (82% svarhlutfall) í 8.–10. bekk úr níu íslenskum grunnskólum. Skólarnir voru á höfuðborgarsvæðinu, á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi. Skoðað var hvernig 14–16 ára unglingar mátu tilfinningalegan, ráðgefandi, verk tengdan og efnislegan stuðning íslenskra vina (ef þeir áttu vini af innlendum uppruna) og vina sem voru af erlendum uppruna (ef þeir áttu slíka vini). Þá var kannað hvort fjöldi vina af hvorum uppruna og tímalengd búsetu á Íslandi skipti máli fyrir stuðninginn. Unglingum af erlendum uppruna fannst þeir ekki geta sótt stuðning til íslenskra vina í sama mæli og innlendum unglingum fannst þeir geta. Þetta átti sérstaklega við um tilfinningalegan stuðning. Í erindinu verða niðurstöður útskýrðar nánar og tekið dæmi um hvernig tímalengd búsetu og fjöldi vina tengist stuðningi frá vinum.

Eyrún María Rúnarsdóttir

Rúnar Vilhjálmsson

Sigrún Aðalbjarnardóttir

Robert Crosnoe

*Send í sveit: þetta var í Þjóðarsálinni*

## **Sinn er siður í landi hverju**

Siðurinn að senda börn í sveit hófst við þéttbýlismyndun í kjölfar afnáms vistarskyldunnar og fólksseklu í landbúnaði sem samtímis missti stöðu sem nánast eini atvinnuvegur þjóðarinnar. Siðurinn var dyggilega studdur af ríkisvaldinu sem leit á sveitadvöl sem leið til að skapa trausta og iðjusama þegna, samtímis sem bændur fengju vinnukraft um hábjargræðistímenn. Hér verður sagt frá helstu niðurstöðum rannsóknar sem hafði það markmið að skoða siðinn að senda börn í sveit með áherslu á þau sem dvöldu á sveitabæjum. Rýnt er í frásagnir sumar-dvalarbarna, fjölskyldna þeirra og sveitafólks, bókmenntir, sjónræn gögn og spurningakönnun. Siðurinn var hluti af Þjóðarsálinni og rötgróinn íslenskri menningu. Það endurspeglast í að um tveir af hverjum fimm núlifandi Íslendinga fóru í sveit, einn af hverjum fimm ólst upp í sveit og að algengasta ástæða þess að fara ekki í sveit var að ekki fékkst pláss fyrir viðkomandi. Um níu af hverjum tíu voru sáttir við eigin dvöl, þó hún hafi ekki verið einhliða auðveld. Um tíundi hver var ósáttur og átakanlegustu lýsingarnar um illa meðferð er að finna í ævisögum. Mun færri börn fara í sveit á 21. öldinni en áður, þau eru eldri við fyrstu dvöl og taka oftar ákvörðunina sjálf eða í samráði við foreldra. Ástæður sumardvalar reyndust svipaðar og áður og var ýmist lögð áhersla á velferð barnsins, hagsmuni foreldra, stórfjölskyldu, sveitafólks eða samfélagsins.

Jónína Einarsdóttir

Geir Gunnlaugsson

## **Hvað segja bændur þá?**

Siðurinn að senda börn í sveit hefur fylgt þjóðinni allt frá því byggð tók að þéttast á landinu. Fáir hafa þó gefið því gaum hvað sveitafólk hefur um siðinn að segja. Undanfarin ár hefur hópur fræðafólks rannsakað siðinn að senda börn í sveit með fjölbreyttum hætti og út frá mörgum sjónarhornum. Höfundar erindisins hafa annars vegar einblínt á upplifun þeirra sem tóku á móti börnunum og hins vegar á orðræðu og umfjöllun í fjölmiðlum frá árdögum siðarins.

Í erindinu verður fjallað um viðhorf íbúa í sveitum landsins frá síðari hluta 19. aldar og fram til okkar daga. Sérstök áhersla er lögð á Strandir og upplifum heimafólks þaðan, bænda, húsfreyja og barna. Byggt er á umfjöllun fjölmiðla, aðsendum greinum, viðtölum og rýnihópum. Lögð er áhersla á að ná fram fjölbreyttum viðhorfum og reynslusögum karla og kvenna, húsráðenda sem og barna frá sveitabæjum. Raddir kvenna fá þó sérstakt vægi enda hefur saga þeirra síður verið sögð en karlbænda þrátt fyrir að það álag og ábyrgð sem fylgir því að sinna börnum annarra hafi einkum hvílt á þeim.

Esther Ösp Valdimarsdóttir

Eiríkur Valdimarsson

## **Bændur, býli og börn**

Frá stofnun félagsþjónustu í Reykjavík árið 1967 var foreldrum barna sem bjuggu við félagslega erfiðleika boðin aðstoð við að senda börn sín til sveitardvalar í yfir sumartímann. Bændur um land allt gátu sótt um til félagsmálayfirvalda að taka að sér börn yfir sumartímann gegn gjaldi. Starfsmenn félagsþjónustu sáu um að útvega börnunum sem sóttu um sumardvöl heimili sem talið var við hæfi og sáu svo um eftirlit með þeim börnum sem dvöldu á sveitabæjum víðsvegar um landið. Erindið byggir á eigindlegum viðtölum við sveitafólk sem tók á móti börnum til sumardvalar. Fjallað verður um hvað einkenndi þau börn sem komu til dvalar og þær aðstæður sem sveitafólkið gat boðið upp á. Niðurstöður benda til þess að flest börnin áttu við fjölþættan vanda að etja, aðstæður heimilisfólks voru misjafnar og bændur misjafnlega í stakk búir til að takast á því þetta verkefni. Að lokum verður fjallað um hugmyndir samtímans um uppbyggilegar aðstæður fyrir börn í vanda og þá hvort sumardvöl í sveit standist þær kröfur.

Mikilvægt er að hugmyndafræði félagslegra úrræða sé í samræmi við stefnur í viðeigandi málaflokkum.

Hervör Alma Árnadóttir

## **Send í sveit - Sælan og skuggahliðarnar**

Kaupstaðarbörn hafa verið send í sveit á Íslandi allt frá lokum 19. aldar og tíðkast það að einhverju leyti enn. Hin ýmsu frásagnarform bókmenntanna hafa gert þennan sið að umfjöllunarefni sínu. Gjarnan er sagt frá aðdraganda dvalarinnar, ferðinni sjálfri, lífinu í sveitinni og síðast heimkomunni.

Markmiðið var að skoða með hvaða hætti hin ýmsu form bókmenntanna hafa fengist við siðinn og hvaða birtingarmyndir eru dregnar upp af honum. Hvernig er reynslu barnanna af sveitadvölinni lýst? Til þess að rannsaka hvernig Íslendingar hafa skrifað um siðinn að senda börn í sveit yfir sumartímann voru gaumgæfðar á annað hundrað bækur af mismunandi tegundum, barnabækur, skáldsögur fyrir fullorðna, ævisögur/endurminningabækur og ljóð. Munurinn á birtingarmyndum siðarins reyndist allnokkur eftir bókmenntategundum en hann er einkum áberandi þegar bornar eru saman ævisögur/endurminningabækur annars vegar og sögur fyrir börn hinsvegar. Fyrirnefnda frásagnarformið dregur gjarnan upp neikvæðar lýsingar á veru barnanna. Sagt er frá erfiðum aðstæðum heima fyrir, þrældómi og ofbeldi í sveitinni og jafnvel heimkomu þar sem ekkert er eins og áður. Barnabækurnar lýsa sveitadvölinni oft sem ævintýri þar sem börnin fást við framandi aðstæður og kynnast nýjum hliðum lífsins. Sumardvalarbörnin lenda þó stundum í erfiðleikum til að byrja með en sigrast á þeim og dvölin markar djúp og jákvæð spor í líf þeirra.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

## **Sjálfbóðaliðar í sveit. Um erlend ungmenni sem vinna kauplaust á sveitaheimilum**

Aukinn fjöldi sjálfbóðaliða starfar á íslenskum vinnumarkaði. Stór hluti þeirra vinnur í sveitum landsins. Aðilar vinnumarkaðarins telja að sjálfbóðaliðar hér á landi gangi í störf sem um gilda kjarasamningar, en óljóst er hvort kjarasamningar taki yfir sum störf í sveitum, svo sem vinnu í kringum sauðburð eða smalamennsku. Markmiðið er að greina störf sjálfbóðaliða, kjör, vinnuskyldu og aðstæður í sveitum landsins. Spurt er hvort sjálfbóðaliðarnir hafi tekið við af sumardvalarbörnum fyrri tíma. Öllum auglýsingum um sjálfbóðaliðastörf var safnað 27. febrúar 2017 og 2018 af heimasíðunum [www.workaway.info](http://www.workaway.info) og [www.helpx.net](http://www.helpx.net). Þær voru greindar með Atlas forritinu. Viðtöl voru jafnframt tekin við 14 sjálfbóðaliða. Niðurstöðurnar sýna að líkt og ungmenni í sveitum landsins hér áður fyrr, ganga sjálfbóðaliðarnir í margvísleg störf til sveita, allt frá hefðbundnum bú- eða garðyrkjustörfum yfir í aðstoð við barnaumönnun og heimilisstörf. Vinnuálag er oft mikið. Það sem þó greinir sjálfbóðaliðana frá sumardvalarbörnunum er að margir þeirra vinna einnig við rekstur veitingastaða og gistiheimila. Flestir sjálfbóðaliðar fá fæði og húsnæði og láta vel af dvölinni. Í auglýsingum eftir sjálfbóðaliðum er oft bent á sérkenni sveitarinnar, nálægðar við hreina og ósnortna náttúru og dýralíf, en sömu atriði voru gjarnan notuð sem rök fyrir ágæti sveitadvalar fyrir kaupstaðarbörn, auk þess sem þau myndu læra að vinna og tileinka sér iðjusemi.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Jónína Einarsdóttir

## **Samkeppni á smásöllumarkaði með lyf á Íslandi**

Áður fyrr höfðu sérleyfishafar einkarétt á að starfrækja lyfsölu á tilteknum svæðum. Slík réttindi voru afnumin árið 1996. Samhliða þessum breytingum voru innleidd ýmis lög og reglugerðir sem hlúa áttu að eðlilegri samkeppni og bættri þjónustu á lyfjamarkaði. Haustið 2018 var Hagfræðistofnun falið að kanna skipan lyfsölu hér á landi með hliðsjón af þessum kerfisbreytingum frá því um miðjan tíunda áratuginn. Í úttektinni er farið yfir verðlagsþróun helstu lyfjaflokka hérlendis út frá opinberum gögnum en neytendahegðun var einnig rýnd með upplýsingum frá Sjúkratryggingum og Lyfjagreiðslunefnd. Ljóst er að lyfjaverð hefur lækkað en lyfjaúrval er mun minna hér en á Norðurlöndunum.

Þrátt fyrir góðan ásetning er enn margt sem hindrar aðgang að lyfjamarkaði. Skilyrði fyrir starfsleyfi eru ströng og verðlagning lyfja að mestu í höndum hins opinbera. Alþjóðlegt regluverk spilar þar einnig stóra rullu. Af því má ráða að enn sé rúm fyrir frekari samkeppnisumbætur. Slík sjónarmið geta þó stangast á við almenn viðmið um heilbrigðisþjónustu, sem lyfsala er. Þó svo að markmið núverandi fyrirkomulags hafi að hluta til náðst, t.d. lækkun lyfjaverðs, hefur núverandi kerfi margar ótíðlaðar afleiðingar.

Ágúst Arnórsson

Sigurður Björnsson

Sigurður Jóhannesson



## **Útflutningur hráefna: Hagræn áhrif**

Ein af meginniðurstöðum hagfræðinnar er að óheft alþjóðaviðskipti bæti nýtingu framleiðslupáttanna og auki heimsframleiðslu. Með vísan til hennar hefur verið lögð á það nokkur áhersla í efnahagsskipulagi heimsins að gera milliríkjaviðskipti sem frjálsust. Frjáls milliríkjaviðskipti krefjast þess að þjóðir sem búa yfir verðmætum hráefnum svo sem jarðefnum, orkulindum eða fiskistofnum selji þessi hráefni hæstbjóðanda. Sá er oft staðsettur erlendis þar sem iðnvæðing er háþrúð og markaðir stórir. Heimaríkið verður því iðulega útflutningsland hráefna, en úrvinnsla þeirra fer fram erlendis. Í þessari grein verður reynt að varpa ljósi á ýmsar hagrænar hliðar á útflutningi hráefna. Nánar tiltekið verður leitað svara við eftirtöldum spurningum: Er útflutningur hráefna til þess fallinn að auka landsframleiðslu í útflutningslandinu? Sé svo munu þá allir hagnast? Mun útflutningslandið eflast á aðra mælikvarða, t.d. fjólsfjölda? Eykur svona útflutningur heimsframleiðsluna? Til að svara þessum spurningum er beitt klassískum aðferðum hagfræðinnar. Sett er fram einfalt líkan af hagrænum aðalatriðum málsins og niðurstöður þess líkans varðandi landsframleiðslu, ábata mismunandi hópa og þróun fjólsfjölda kannaðar annars vegar miðað við frjálsan útflutning hráefna og hins vegar úrvinnslu þeirra innanlands. Niðurstöðurnar eru í megindráttum að frjáls viðskipti leiði til þess að samanlögð landsframleiðsla útflutningslands og innflutningslands vaxi, en vera kunni að landsframleiðsla í útflutningslandi hráefna lækki og fólki fækki. Seljendur hráefnanna muni á hinn bóginn ávallt hagnast.

Ragnar Árnason

## **Eiga markaðslausnir erindi á orkumarkað?**

Undanfarin ár hefur markaður með rafmagn á Íslandi þokast í átt að samkeppnismarkaði með innleiðingu á orkupökkum Evrópusambandsins. Nú eru liðin 14 ár síðan Íslendingar fengu að velja milli rafmagnsframleiðenda. Hér verður fjallað um reynsluna af þessu og fleiri breytingum á markaði með rafmagn á Íslandi og rætt um það sem er í vændum. Hafa neytendur hagnast á breytingunum? Er pláss fyrir frjálsa samkeppni á íslenskum rafmagnsmarkaði? Leiða markaðslausnir til óbæri-legra verðsveiflna í rafmagnsverði? Skoðuð verða dæmi þar sem samkeppnismarkaður hefði brugðist öðruvísi við en íslenskur orkumarkaður gerði á sínum tíma. Í greiningunni eru einföld líkön úr rekstrarhagfræði notuð til þess að bera áhrif markaðslausna á velferð saman við lausnir sem kunnar eru af íslenskum orkumarkaði frá fyrri árum og úr umræðu líðandi stundar. Skoðað verður hvort draga má lærdóm af aldagömlu líkani Ricardos af viðskiptum tveggja landa í þessu sambandi. Skoðaðar verða tölur um einstaka þætti rafmagnsverðs hér á landi undanfarna áratugi. Jafnframt verður horft á reynslu Norðmanna af þátttöku í evrópskum rafmagnsmarkaði.

Sigurður Jóhannesson

## **Er skynsamlegt að takmarka lánstíma fasteignalána?**

Stjórnvöld íhuga að breyta lögum um vexti og verðtryggingu þannig að: 1) að setja hámark á lánstíma svokallaðra verðtryggðra jafngreiðslulána, 2) að hækka lágmarkstíma slíkra lána úr 5 árum í 10 ár, 3) að fjölga vísitölum sem heimilt er að nota sem grundvöll verðtryggingar og lögbinda notkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis sem grundvöll útreiknings verðbóta verðtryggðra jafngreiðslulána og 4) að lögbinda skyldu Hagstofu Íslands til að reikna og birta vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Á vef Stjórnarráðsins hafa verið birt drög að frumvarpi til laga um breytingar á vaxtalögum o.fl. lögum. Markmið umræddra draga er að ná fram markmiðum 1) til 4) hér að ofan.

Í erindinu verður textagreiningu beitt til að meta í hvaða mæli ráðstafanir þær sem mælt er fyrir í frumvarpinu séu líklegar til að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að. Þá verður einnig reynt að leggja mat á hversu margir mögulegir lántakendur muni standa frammi fyrir breyttum kjörum vegna laga-setningarinnar. Loks verður rætt hvort þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði séu til góðs fyrir lántakendur fasteignalána.

Pórólfur Matthíasson

## **„Einnota samfélag, viljum við það? Fólk er aðeins farið að pæla, gera við og búa hlutina til sjálf“**

Ekkert lát virðist vera á grósku í handverksiðkun Íslendinga sem tók kipp um aldamótin síðustu og náði hæstu hæðum eftir Hrunið 2008. Verslanir sem sérhæfa sig í hráefni til handverks-  
iðkunar lifa góðu lífi og úti á landi er varla þá þyrpingu að finna að ekki þrífist þar handverksmarkaður eða sex. Í þessu erindi segir af yfirstandandi ferð minni hringinn í kringum landið til þess farin að safna eigindlegum gögnum meðal fólks sem hefur að öllu leyti eða einhverju atvinnu af handverki. Markmið rannsóknarinnar er að greina þann hvata sem liggur að baki handverksiðkun í atvinnuskyni en vitað er að tímalaun í geiranum eru með því lægsta sem þekkest. Nú þegar hafa verið tekin hálfopin viðtöl við 36 einstaklinga og þau frumgreind með aðferðum grundaðrar kenningar. Helstu niðurstöður eru að margþættar ástæður liggja að baki iðkuninni. Áhugi, lífsfylling og viðbragð við áföllum eru þættir sem búast mátti við í ljósi fyrri rannsókna. Áður óþekkt tækifæri vegna ferðamannaflaumsins sömuleiðis. Óvæntari þættir eru hugsjón um sjálfbærni og vísbendingar um að íslenskur vinnumarkaður sé ekki þróaðri en svo að starfsemi af þessu tagi sé samfélögunum víða um landið lífsnauðsyn.

Soffía Valdimarsdóttir

## **Alin upp erlendis – rofin náms- og starfsferilssaga**

Fólksflutningar milli landa kalla á félagslegar og sálrænar breytingar, ekki síst á náms- og starfsferli. Þeir sem hafa alist upp erlendis og flytja aftur til Íslands eftir tvítugt eiga erfitt með að átta sig á samfélaginu og tungumálið kann að vefjast fyrir mörgum. Þessi rannsókn beinist að náms- og starfsráðgjöf við fullorðna einstaklinga sem hafa alist upp erlendis og gengið þar í grunn- og framhaldsskóla. Ráðgjafaraðferðin Career construction interview beinist sérstaklega að sjálfsmynd og lífssögu og hér er rannsakað að hvaða marki hún hentar þessum markhópi. Framfarir eru mældar með KANS mælitækinu og lífspemu eru greind með bókmenntafræðilegri aðferð. Í erindinu verður sagt frá dæmum af náms- og starfsráðgjöf við konur á aldrinum 30 til 50 ára, þar sem CCI aðferðinni er beitt.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir

## **Árangur vinnumarkaðsaðgerða í kjölfar efnahagshruns**

Í þeim aðstæðum sem hér sköpuðust haustið 2008 í kjölfar efnahagskreppu, stóð íslensk þjóð frammi fyrir fjöldaatvinnuleysi sem hafði víðtæk áhrif á mótun starfsferils þeirra sem misstu vinnu. Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á árangur vinnumarkaðsaðgerða sem gripið var til í þeim tilgangi að bregðast við stöðunni. Í rannsókninni er sjónum beint að átaksverkefninu Nám er vinnandi vegur þar sem atvinnuleitendum gafst tækifæri á að stunda formlegt nám með framfærslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Ástæða þess að sjónum var beint að Nám er vinnandi vegur er að hér var um að ræða nýja nálgun þar sem gerð er tilraun til að beita ákveðinni fagstétt í baráttunni við fjöldaatvinnuleysi og aukið fjármagn sett í náms- og starfsráðgjöf. Rannsóknin var eigindleg og fólst í að taka viðtöl við sjö náms- og starfsráðgjafa sem komu að framkvæmd verkefnisins. Að auki var unnið úr fyrirliggjandi gögnum og skýrslum um átaksverkefnið. Niðurstöður benda til þess að átaksverkefnið hafi skilað góðum árangri fyrir langstærstan hluta þátttakenda. Ætla má að þar hafi augin áhersla á náms- og starfsráðgjöf með auknu fjármagni, ásamt tryggri framfærslu til þátttakenda á meðan á námi stóð skipt mestu máli.

Hrafnhildur Tómasdóttir

## **Stefna í reynd í íslensku fjármálafyrirtæki**

Stefna í reynd er ný nálgun innan stefnumótunarfræðanna sem miðar að því að brúa bil milli fræðanna og hins stefnumiðaða starfs í fyrirtækjum. Stjórnun breytinga tengist stefnumiðuðu starfi og útfærslu á samkeppnisforskoti. Jafnframt hefur straumlínustjórnun mikla þýðingu fyrir rekstur. Straumlínustjórnun býr yfir ýmsum verkfærum sem geta hjálpað fyrirtækjum að ná betri árangri í rekstri. Markmið rannsóknarinnar var að öðlast betri sýn á stefnu í reynd í íslensku fjármálafyrirtæki, auk þess að skoða hvernig straumlínu- og breytingastjórnun getur birst í starfsháttum og iðkun á stefnu. Litið er á rannsóknina sem eitt skref í átt að dýpri skilningi á því hvernig stefnumiðað starf fer í raun og veru fram. Framkvæmd rannsóknarinnar var eigindleg og tekin voru hálfopin djúpvíðtöl við 12 einstaklinga innan fyrirtækisins sem sögðu frá upplifun sinni á viðfangsefninu. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að iðkendur stefnu í reynd geta verið af ýmsum toga. Helstu iðkendur eru forstjóri og æðstu stjórnendur en millistjórnendur, starfsmenn, ráðgjafar og stefnuteymi eru meðal þeirra sem geta haft áhrif á stefnumótunina á beinan eða óbeinan hátt. Niðurstöður bentu jafnframt til þess að nálgun fyrirtækisins í straumlínu- og breytingastjórnun gæti talist til starfshátta og iðkunar stefnu. Stefna í reynd, þ.m.t. straumlínu- og breytingastjórnunar- aðferðir fyrirtækisins, má sjá sem stöðugt lærdómsferli sem miðar að því að bæta starfsemi og árangur.

Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir

Runólfur Smári Steinþórsson

## **Umbylting á stefnu skipulagsheildar**

Hvernig fer stefnumiðuð stjórnun fram í stórum opinberum fyrirtækjum? Til að kanna þetta var gerð eigindleg rannsókn á mótun og framkvæmd stefnumiðaðs starf hjá Landsneti. Markmið rannsóknarinnar var að rýna í ferli stefnumótunar og þær áherslur sem hafa haft áhrif á framvindu stefnumiðaðs starf hjá fyrirtækinu. Varðandi fræðilegt sjónarhorn var litið til stefnu í reynd. Rannsóknarspurning verkefnisins var: „Hver er upplifun stjórnenda og starfsfólks á stefnu í reynd hjá fyrirtækinu?“ Beitt var aðferðafræði raundæmisrannsókna og fyrirbærafræði. Átta viðtöl voru tekin við stjórnendur og starfsfólk fyrirtækisins. Viðtöl voru afrituð, kóðuð og eftirfarandi þemu voru sett fram: Tilefni stefnumótunar, stefna, stefnumiðuð stjórnun og framkvæmd stefnu.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þörf hafi verið fyrir breytingu á stefnu fyrirtækisins á þeim tíma sem rannsóknin náði til. Greina mátti nýjan tón því stefnu fyrirtækisins hafði verið umbylt frá því sem áður var. Niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til þess að hugmyndafræði straumlinustjórnunar hafi verið notuð sem verkfæri í stefnumiðaðri stjórnun hjá fyrirtækinu. Upplifun stjórnenda og starfsfólks var sú að ný stefna fyrirtækisins hafi komið úr grasrót fyrirtækisins, að hún hafi verið mótuð af starfsfólkinu.

Hjörleifur Þórðarsson

Runólfur Smári Steinþórsson



## **Kvikmyndir, mannauður og samkeppnishæfni**

Kvikmyndaiðnaður á Íslandi hefur tekið miklum breytingum hin síðari ár og farið frá því að vera lítil starfsemi yfir í iðngrein þar sem fjölmargir aðilar taka þátt. Þegar iðnaður stækkar getur verið mikilvægt að huga að stefnumótun, þróun klasa og samkeppnishæfni iðngreinarinnar. Rannsókn á kvikmyndaiðnaði á Íslandi tók fyrir mikilvægi mannauðs í tengslum við klasastarf, samkeppnishæfni og heildræna stefnumótun kvikmyndageirans. Viðtöl voru tekin við tíu aðila sem starfa við kvikmyndagerð á Íslandi. Viðtölin voru afrituð og kóðuð. Fram komu tvö meginþemu, annars vegar maðurinn og kerfið og hins vegar fagmennska.

Niðurstaða var að heildræn stefnumótun og klasastarf gæti gagnast kvikmyndageirininni, ýtt undir samkeppnishæfni og útrás hennar. Að mati viðmælenda hefur margt gott og jákvætt verið að gerast í íslenskum kvikmyndaiðnaði en margt mætti gera betur, ekki síst varðandi menntun og verndun starfsfólks. Kallað var eftir frumkvæði stjórnvalda og aðkomu sem flestra hlutaðeigandi. Einnig var talinn ávinningur af því að leggja áherslu á eflingu klasa innan kvikmyndageirans. Tilgáta höfundar er að mikil verðmæti sé að finna í fórnfúsum og skapandi mannauði sem mikilvægt er að hlúa að og stuðla þannig mögulegu samkeppnisforskoti til framtíðar innan greinarinnar.

Ester Bibí Ásgeirsdóttir

## **Samfélagsábyrgð og samkeppnishæfni**

Áhersla hefur verið á ábyrga viðskiptahætti á undanförunum árum. Rannsóknir gefa hins vegar til kynna að skuldbinding að baki innleiðingu fyrirtækja á samfélagsábyrgð geti verið takmörkuð. Bent hefur verið á margvíslegar vísbendingar sem draga úr trúverðugleika og gagnsæi stefnu fyrirtækja í samfélagsábyrgð. Rannsóknir hafa einnig varpað ljósi á að samfélagsábyrgð geti haft jákvæð áhrif á samkeppnishæfni og að fyrirtæki hafi hag af því að standa vel að samfélagsábyrgð.

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig valin íslensk fyrirtæki framfylgja stefnu í samfélagsábyrgð og hvernig það tengist samkeppnishæfni. Tekin voru viðtöl við sjö einstaklinga frá fimm fyrirtækjum, auk öflunar á fyrirliggjandi gögnum. Helstu niðurstöður voru að fyrirtækin gátu sýnt fram á ástundun gagnvart stefnu í samfélagsábyrgð með dæmum. Ástundun fyrirtækjanna skiptist í tvo flokka, þar sem þrjú voru með innihaldslétta ástundun og tvö innihaldsríka ástundun. Hjá fjórum fyrirtækjum mátti sjá samfélagsábyrgð í kjarnastarfsemi og viðskiptastefnu þar sem ferlar voru endurnýjaðir, kynningar gagnvart viðskiptavinum settu samfélagsábyrgð í forgrunn og nýsköpun og vöruþróun tók mið af samfélagslegum og umhverfislegum áhrifum. Fjögur fyrirtæki fundu fyrir jákvæðum áhrifum samfélagsábyrgðar á samkeppnishæfni. Helsti ávinningur var bætt ímynd, sýnileiki og greiðara aðgengi að hagsmunaaðilum, verkefnum og viðskiptum. Fjárhagslegur ávinningur virtist helst óbeinn.

Sigfús Jónasson

## **Félagslegt réttlæti í tónlistarnámi á Íslandi**

Skipulagt tónlistarnám á Íslandi á sér ekki langa sögu. Greint verður frá áhrifum laga um tónlistarfræðslu, sem sett voru um miðja 20. öldina, á fyrirkomulag tónlistarmenntunar í landinu. Rýnt verður í opinber töluleg gögn um þátttöku í tónlistarnámi og aðgengi að tónlistarnámi á Íslandi skoðað. Sérstaklega verður litið til þess hvernig framkvæmd og útfærsla laga um tónlistarfræðslu á Íslandi endurspeglar menntapólitíska sýn á markmið og gildi tónlistarnáms. Gengið er út frá nýlegum hugmyndum um mikilvægi tónlistarnáms fyrir allan almennan þroska og menntun barna. Með lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla (1963) var starfsemi tónlistarskóla tryggð og stuðluðu lögin að bættu aðgengi að hljóðfæranámi vítt og breitt um landið. Tónlistarskólar eru tæplega 90 talsins með um 15.000 nemendur en hlutfall barna á grunnskólaaldri sem stunda nám í tónlistarskólum er afar mismunandi eftir landshlutum. Í Reykjavík er hlutfall barna í tónlistarnámi um 15% en á landsbyggðinni er ekki óalgengt að hlutfallið sé umtalsvert hærra. Tónlistarskólar í Reykjavík eru reknir af einkaaðilum með samningi við borgina en á landsbyggðinni er algengt að sveitarfélög reki tónlistarskólana. Samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla er hlutverk þeirra að veita öllum, sem þess æskja, færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun. Ólíkt aðgengi barna að tónlistarnámi vekur spurningar um það hvort kerfisbundið óréttlæti sé með einhverjum hætti innbyggt í fyrirkomulag tónlistarkennslu á Íslandi.

Helga Rut Guðmundsdóttin

**The intersection of class, race, gender and ability: Analysis of social networks and power relations in diverse classroom settings in Reykjavík**

In this paper, we investigate patterns of social interactions based on capital and symbolic power among students and teachers as important components of social inclusion in schools. The classroom, as well as the school community, is an institutional social structure and thus an ideal place to examine the interdependent nature of social, gendered, ethnic, and academic positions that create advantages or disadvantages, and help shape socially-just pedagogies. We incorporate a Social Network Analysis (SNA), supported by ethnographic data, to visualize the intricate social and spatial relationships that occur in a typical classroom setting in comprehensive schools in Reykjavík. The ethnographic data is provided by participant observation and interviews from students, parents, teachers, and staff from two urban school settings in Reykjavík, with a focus on pedagogic practices that impact social inclusion. Findings show that social positions among students are linked to production of school knowledge and expressed in complex groupings, but most visibly in gender, special interests, or heritage language commonalities. These classroom cultures have powerful ramifications on creating a sense of community and inclusion for learning. We are most interested in how these grouping practices might contribute to future distributions of power through educational choices or hierarchies in the inclusive school framework.

Elizabeth Lay

Berglind Rós Magnúsdóttir

**Mótun millistéttarsjálfsins í Menntaskólanum:  
Að próa sjálfsmynd frá upprunavettvangi  
dreifbýlis og/eða lægri stétta**

Félagslegur hreyfanleiki (social mobility) hefur mikil áhrif á sköpun sjálfsmyndar. Sjálfið er í átökum við ólíka hópa og í sömu andrá í átökum innbyrðis, við sjálft sig. Algengt er að nemendur sem eru að hreyfast upp um stétt (upward mobility), upplifi það að vera á „röngum stað“ en samt á réttri leið og að það þurfi að sýna á sér ólíkar hliðar í félagslegum samskiptum eftir því hver á í hlut. Hér verður skyggst inn í upplifanir framhaldsskólanema úr lægri stéttum og/eða dreifðari byggðum af þeirri menningarmótun og –umbreytingu sem þeir hafa gengið í gegnum með veru sinni í Menntaskólanum og varpað ljósi á þau tilfinningaátök sem skapast. Hugtakið Menntaskólinn vísar til þeirra bóknámsskóla sem upphaflega höfðu það hlutverk að mennta „æðri“ stéttir. Gagnasöfnun fór fram árin 2017-2019 og var útskriftarárgangi til stúdentsprófs í öllum tilfellum fylgt eftir. Tekin voru djúpvíðtöl við nemendur. Af orðum nemendanna má sjá að þeir þroska sjálf og sjálfsmynd að gildum og viðmiðum sem tíðkast á skólavettvangi meðal menntaskólavinna og á sama tíma verða mjög gagnrýnin á lífsmáta og hugmyndir á upprunavettvangi. Þetta ferli getur verið sársaukafullt og markast bæði af skömm og stolti.

Berglind Rós Magnúsdóttir

Unnur Edda Garðarsdóttir

## **Stétt og fjöldamótmæli**

Rannsókn okkar beinir sjónum að því hvernig stéttaandstæður birtast í fjöldamótmælum í samtímanum. Átök milli stétta þjóðfélagsins hafa lengi verið félagsfræðingum hugleikin, enda geta slík átök brotist út með margvíslegum hætti og jafnvel hrundið af stað stórum þjóðfélagsbreytingum, eins og dæmin sanna. Á fyrri hluta 20. aldar voru stéttaátök miðlæg í mótmælahreyfingum, einkum í verkalýðshreyfingunni. En á seinni hluta tuttugustu aldar spruttu upp mótmælahreyfingar gegn menningarlegri mismunun (t.d. kvannahreyfingin) og gróða- og neysluhyggju (t.d. umhverfishreyfingin), en þessar hreyfingar áttu sér rætur í reynsluheimi ört vaxandi millistétt háskólamenntaðra sérfræðinga. En undanfarinn áratug, einkanlega í kjölfar efnahagskreppunnar, hafa fjöldamótmæli í vestrænum ríkjum aftur tekið að snúast um stéttaójöfnuð. Mótmælin hafa beinst að auknum efnahagsójöfnuði og forréttindum eignafólks. Þessi þróun vekur spurningar um hvernig fjöldamótmæli af þessu tagi grundvallast á þjóðfélagsstétt. Rannsókn okkar skoðar stéttabakgrunn þeirra sem styðja og taka þátt í fjöldamótmælum af þessu tagi á Íslandi. Við notumst þannig við könnun á þátttöku og stuðningi meðal höfuðborgarbúa við mótmælin sem brutust út í miðbæ Reykjavíkur í kjölfar Panamalekann í apríl 2016. Litið verður til helstu kenninga um viðfangs efnið og notast verður við margvitt stéttalíkan Daniels Oesch. Niðurstöður leiða í ljós að fjármagnseigendur og eigendur smárra og stórra fyrirtækja sýndu marktækt minni stuðning við mótmælin en aðrar stéttir. Þessi niðurstaða er ein sú fyrsta um langa hríð sem styður marxíska kenningu um fjöldavirkjun í mótmæli.

Jón Gunnar Bernburg

Guðmundur Æ. Oddsson

*Þjóðarspegillinn 2019*

## **Rannsókn á starfsánægju lyfjafræðinga á íslenskum vinnumarkaði Samanburður þriggja starfsvettvanga**

Starfsánægja lyfjafræðinga hefur talsvert verið rannsökuð erlendis og áhugi verið fyrir að kanna hvað það er í eðli starfs og starfsumhverfi lyfjafræðinga sem hefur áhrif á ánægju þeirra í starfi. Enn skortir rannsóknir á starfsánægju lyfjafræðinga á Íslandi. Í þessari rannsókn er skoðuð upplifun lyfjafræðinga af ánægju í starfi á ólíkum starfsvettvangi þeirra og hvaða þættir í starfsumhverfinu hafa áhrif þar á. Þýði rannsóknarinnar eru lyfjafræðingar sem starfa hjá a) sjálfstætt einkareknum lyfjabúðum, b) lyfjabúðum sem reknar eru af apótekskeðjum og c) lyfjafyrirtækjum þar sem fram fer að minnsta kosti lyfjaframleiðsla, lyfjaþróun, lyfjaskráning og/eða markaðssetning lyfja. Gagna var aflað með spurningakönnun sem hönnuð var með þrjú mælitæki starfsánægju sem fyrirmyndir. Alls svöruðu 106 lyfjafræðingar spurningakönnuninni af 177 lyfjafræðingum sem fengu könnunina senda í tölvupósti. Svarhlutfallið er því 59,9%. Niðurstöður sýna að almenn ánægja í starfi mælist mest hjá lyfjafræðingum sem starfa hjá sjálfstætt einkareknum lyfjabúðum. Þá gefa niðurstöðurnar vísbendingar um að þættir eins og sveigjanleiki í starfi, upplifun af mikilvægi starfsins, laun, vinnuaðstæður og samskipti við viðskiptavinum hafi áhrif á starfsánægju lyfjafræðinga. Marktækur munur var þó á áhrifum einstakra þátta eftir starfsvettvangi svarenda.

Sandra Júlía Bernburg

Inga Jóna Jónsdóttir

## **How to assess the impact of social support on work-related wellbeing? A case study of line managers**

Current knowledge on work-related wellbeing and health of line managers is scarce. Prior studies have, in general, provided unclear and inconsistent results about the buffering effect of workplace social support on job demands, job strain and work-related wellbeing of line managers. In this presentation, I argue that there is a need to further develop constructs, models and measurements of previous research on the impact of workplace social support on work-related wellbeing and health symptoms of line managers. The purpose here is to investigate tenets behind key concepts to develop appropriate conceptual research framework and models for data gathering and analysis. Further, to analyse the state of the art from previous research-based literature to be able to investigate and further the understanding of the impact of workplace social support on line managers' work-related wellbeing. The findings may be helpful for both researchers and practitioners.

Inga Jóna Jónsdóttir



## **Impact of community, central management and leadership skills on job satisfaction and success**

Companies and organizations need to constantly meet new challenges. Work framing is ever-changing that requires new knowledge on how to respond to the environment of rapid social change. Managers must be able to respond to a dynamic work environment to ensure maximum performance at any given time. It brings to mind the importance of continuing education, job satisfaction and work environment. One of the most populated organizations in Iceland is the National Church. In 2009, pastors were interviewed to examine the essential leadership characteristics that led to success and growth in their work. Results appeared in the author's doctoral thesis "In green pastures" – A study of leadership characteristics of Icelandic pastors and congregational growth. The aim of this study is to compare the leadership characteristics that were then considered effective with the leadership characteristics that take into account social change ten years later. Pastors in the capital area with more than ten years work experience were interviewed. Qualitative research methodology and content analysis were used. Preliminary findings can be useful in identifying the qualities that managers need to have in order to meet the challenges of a changed community, also in organizing a positive work environment, education and retraining. It will contribute to a continuous and systematic improvement process that will lead to success and systematic improvement.

Ásdís Emilsdóttir Petersen

## **„Ég er allavegana góð fyrirmynd“ Upplifun kvenna í topp stjórnunarstöðum af að koma jafnvægi á krefjandi störf og heimilislíf.**

Miklar kröfur og ábyrgð fylgja því að sinna toppstjórnunarstöðu og foreldrahlutverki. Lengst af hefur fjölskylduábyrgðin legið mest á herðum kvenna vegna staðalímynda og gamalla viðhorfa um hlutverk kynjanna og virðist það hafa áhrif enn í dag. Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast skilning á upplifun og reynslu kvenstjórnenda á þeim kröfum og ábyrgð sem fylgir krefjandi stjórnunarstöðu og foreldrahlutverkinu og hvort eða hvernig þær ná jafnvægi þar á milli. Rannsóknin er mikilvæg viðbót við aðrar rannsóknir á möguleikum kvenna til að samræma atvinnu og einkalífi. Tekin voru tólf djúpvíðtöl við konur í topp stjórnunarstöðum í meðalstórum og stórum fyrirtækjum á Íslandi sumarið 2017. Viðtölin voru greind samkvæmt fyrirbærafræðilegri aðferðafræði sem leitast við að öðlast góðan skilning á upplifun einstaklinga. Notast var við túlkunarfyrirbærafræði í þemagreiningu í þremur stigum: lýsingu, samþættingu og túlkun. Helstu niðurstöður sýna að konurnar finna fyrir togstreitu á milli starfs, heimilislífs og fjölskyldu. Þær finna fyrir þrýstingi, frá samfélaginu og tengslaneti sínu, á að uppfylla staðalímynd hinnar fullkomnu móður sem tekur fjölskylduna fram yfir starfsframann. Niðurstöður leiða einnig í ljós að ekki reyndist möguleiki fyrir konurnar að ná jafnvægi á milli atvinnu og einkalífs. Sem toppstjórnendur völdu þær að setja starfið nánast alltaf í forgang á meðan að maki þeirra tók að sér ábyrgðina innan heimilisins.

Erla S. Kristjánsdóttir

Póra H. Christiansen

Anna Björg Þorvaldsdóttir

## **Vinnuálag í tengslum við vaktavinnu og vinnutíma á íslenskum vinnumarkaði**

Vinnuálag starfsmanna hefur verið mikið til umræðu á undanförnum misserum hérlandis, einkum í tengslum við vinnutíma og vaktavinnu. Markmið rannsóknarinnar var að kanna þessi tengsl meðal starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði. Rannsóknin byggir á heilbrigðiskönnum meðal slembiúrtaks fullorðinna Íslendinga á aldrinum 18-75 ára sem svöruðu spurningalista á pappír eða á netinu á árinu 2015. Spurningarnar í listanum vörðuðu meðal annars vinnutíma í klst., umfang vaktavinnu (að engu leyti, að hluta, eða öllu leyti), og vinnuálag, sem metið var með stöðluðu 10 atriða mælitæki. Alls svöruðu 1599 einstaklingar spurningalistanum og voru heimtur tæp 60%. Meira vinnuálag greindist meðal karla en kvenna, yngri starfsmanna samanborið við hina eldri, og háskólamenntaðra samanborið við þá sem ekki höfðu háskólamenntun. Þegar litið var til vinnutíma var vinnuálagið mest meðal starfsmanna sem unnu að jafnaði 50 stunda vinnuviku eða meir, en minnst meðal starfsmanna í hlutastarfi. Vaktavinna tengdist auknu vinnuálagi, og tengdist það ekki síst þeim starfsmönnum sem eingöngu unnu á vöktum. Bæði vinnutími og vaktavinna höfðu sjálfstæð áhrif á vinnuálag og því var ekki um samspilsáhrif (e. interaction) að ræða milli þeirra. Mikilvægt er að leita leiða til að draga úr óhóflegu vinnuálagi starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði, m.a. vegna tengsla vinnuálags við vanlíðan, vanheilsu og veikindafjarvistir starfsmanna. Aðgerðir til að draga úr vinnuálagi ættu meðal annars að beinast að styttingu vinnutíma og leiðum til að draga úr neikvæðum áhrif vaktavinnu.

Rúnar Vilhjálmsson

## **Ofbeldi og hótanir á vinnustað**

Ein af lykiláskorunum sem stjórnendur vinnustaða standa frammi fyrir í dag er að taka á óæskilegri hegðun á vinnustað eins og ofbeldi og hótunum. Þótt tilvist líkamlegs ofbeldis á vinnustað hafi lengi vel verið viðurkennd þá er tiltölulega stutt síðan að andlegt ofbeldi á vinnustað náði almennri athygli og hefur verið viðurkennt sem vandamál á vinnustöðum. Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður megindelegarar rannsóknar á ofbeldi og hótunum á vinnustað meðal starfsmanna 17 íslenskra sveitarfélaga. Rannsóknin byggir á rafrænni spurninga-listakönnun sem lögð var fyrir alla starfsmenn sveitarfélaganna sem voru í 50% stöðugildi eða hærra haustið 2015. Beiðni um þátttöku í rannsókninni var send á netföng 8.942 starfsmanna og eftir tvær ítrekanir höfðu 5.458 þeirra svarað spurninga-listanum (svarhlutfall 61%). Mikill meirihluti þátttakenda voru konur eða 81,7% enda er mikið af störfum innan sveitarfélaganna svokölluð kvennastörf. Niðurstöðurnar sýna að töluverður hluti starfsmanna hefur orðið fyrir ofbeldi á vinnustað, bæði líkamlegu og andlegu ofbeldi, af hálfu vinnufélaga, stjórnenda og þjónustuþega eða aðstandenda þeirra. Þar sem ofbeldi á vinnustað hefur neikvæðar afleiðingar fyrir þolendur sem og vinnustaðinn sjálfan er mikilvægt að stjórnendur og þeir sem bera ábyrgð á heilsu og vellíðan starfsfólksins skoði hvaða þættir það eru í vinnuumhverfinu sem gera það að verkum að andlegt og líkamlegt ofbeldi líðist á vinnustaðnum og geri úrbætur þar á.

Hjördís Sigursteinsdóttir

## **Vinnutengd heilsa 13-19 ára íslenskra ungmenna: Munur eftir kyni?**

Vinna bitnar á ólíkan hátt á heilsu fullorðinna karla og kvenna. Karlar lenda frekar í vinnuslysi en konur þjást frekar af vinnutengdum stoðkerfisverkjum. Hingað til hefur kynjamunur á vinnutengdri heilsu ungmenna lítt verið skoðaður. Markmið rannsókninnar er að skoða hvort munur sé á milli kynja annars vegar hvað varðar umfang vinnuslysa ungmenna og hins vegar hvað varðar tengsl vinnu ungmenna með skóla við stoðkerfisverki. Í febrúar – apríl 2018 var spurningakönnun lögð fyrir 2800 13-19 ára ungmenni sem valin voru tilviljunarkennt úr Þjóðskrá. Svarhlutfall var 48,6%. Umfang vinnuslysa var mælt á fjörgildum kvarða (ekki slys/slys olli ekki fjarveru/<viku fjarvera/≥viku fjarvera), umfang verkja í vöðvðum og liðum/verkja í hálsi og herðum/verkja í baki/vöðvabólgu á tvíeindum kvarða (oft eða stundum/sjaldan eða aldrei) og umfang vinnu með skóla á þrigildum kvarða (vinnur ekki/vinnur hóflega/vinnur mikið með skóla). Kí-kvaðrat próf var notað til að mæla marktækni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna engan mun eftir kyni hvað varðar umfang vinnuslysa. Hins vegar mældist munur eftir kyni hvað varðar stoðkerfiseinkennin. Stúlkur sem vinna mikið með skóla eru líklegri til að finna fyrir öllum tegundum stoðkerfisverkja en þær sem vinna ekki. Það á hins vegar eingöngu við hvað varðar bakverki hjá strákum. Sú álykun er dregin að vinna bitni harðar á heilsu stúlkna en piltar og að hafa þurfi kynjamuninn í huga við vinnuvernd.

Margrét Einarsdóttir

## **Viðhorf atvinnurekenda til starfsfólks með skerta starfsgetu**

Hér á landi hefur öryrkjum fjölgað jafnt. Það er mikilvægt að einstaklingar með skerta starfsgetu eigi leið að vinnumarkaðnum til að stemma stigu við fjölgun öryrkja. Viðhorf stjórnenda í fyrirtækjum og stofnunum er einn af lykilþáttum til að auka atvinnuþátttöku þessa hóps. Til að kanna viðhorf stjórnenda hér á landi til að ráða og hafa í starfsliði sínu einstaklinga með skerta starfsgetu voru tekin viðtöl við stjórnendur í 18 fyrirtækjum. Fyrstu niðurstöður benda til að flestir stjórnendur eru jákvæðir fyrir að skapa rými fyrir starfsfólk með skerta starfsgetu svo framarlega sem þeir geti lagt af mörkum til starfseminnar. Meiri jákvæðni er fyrir hendi gagnvart starfsfólki sem veikist í starfi en að ráða starfsfólk sem hefur verið að glíma við veikindi. Helstu hindranir sem stjórnendur benda á varðandi ráðningu einstaklinga með skerta starfsgetu er að erfitt getur verið að skapa starfsaðstæður sem mæta þörfum þessa hóps, þeir hafa efasemdir um að einstaklingar standist kröfur og væntingar fyrirtækisins/stofnunarinnar og að kostnaður við að hafa einstakling sem ekki getur skilað fullri vinnu geti haft neikvæð áhrif á rekstur eða hagnað fyrirtækisins/stofnunarinnar.

Í erindinu verður fjallað um þessar fyrstu niðurstöður og þær ræddar í ljósi alþjóðlegra rannsókna.

Ásta Snorradóttir

## **Starfsendurhæfing innflytjenda: ögranir, árangur og aðgengi**

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig einstaklingum sem tala litla eða enga íslensku reiðir af í starfsendurhæfingu, hvernig aðgengi þeirra er að henni, hvernig þeim gagnast hún og hvort það háir þeim í endurhæfingunni að tala litla eða enga íslensku. Jafnframt hvernig fagfólk, sem kemur að starfsendurhæfingunni, upplifir árangur vinnu sinnar þegar þessir einstaklingar eiga í hlut.

Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við einstaklinga sem voru eða höfðu verið í starfsendurhæfingu og töluðu litla eða enga íslensku, til að fá fram upplifun þeirra af þjónustunni og hvaða áhrif tungumálaþekking þeirra hafði á starfsendurhæfinguna. Einnig voru tekin eigindleg viðtöl við fagfólk sem þjónustar fólk í starfsendurhæfingu til að kanna hvernig tekið er á móti þessum einstaklingum, hvernig lítil eða engin íslenskukunnátta hafi áhrif á þjónustuna og hvaða úrræði eru í boði til að mæta þörfum þess hóps þannig að starfsendurhæfing geti átt sér stað.

Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu vísbendingar um að þeir sem ekki tala íslensku eða ensku standi frammi fyrir ýmsum hindrunum áður en formleg starfsendurhæfing hefst, á meðan á henni stendur og að henni lokinni. Einnig voru vísbendingar um að fagfólk nái ekki þeim árangri sem það óskar með þjónustu sinni sökum menningar- og tungumálhindrana.

Gerður Gestsdóttir

## **Vinnustreita og kulnun meðal íslenskra félagsráðgjafa**

Fjöldi erlendra rannsókna sýna að félagsráðgjafar eru í hættu á að þróa vinnustreitu og kulnun í starfi. Á Íslandi er skortur á rannsóknum á þessu sviði. Þær fáu rannsóknir sem hafa verið gerðar benda til mikillar vinnustreitu og kulnunar hjá stéttinni. Þetta er m.a. rakið til eðli starfsins þar sem átök geta verið á milli fagmennsku og krafna í starfi, en starfið einkennist oft af miklum málafjölda, fáu starfsfólki, miklum kröfum um skilvirkni, flóknum tengslum við skjólstæðinga og takmörkuðu fjármagni til þjónustu. Í þessu erindi er vinnustreita og kulnun meðal íslenskra félagsráðgjafa skoðuð. Markmið rannsóknarinnar er að greina áhættuþætti og ástæður vinnustreitu og kulnunar og hvað einkenni þá hópa félagsráðgjafa sem eru í hættu á að kulna í starfi. Gagna var aflað með nafnlausri netkönnun sem send var til allra félaga í Félagsráðgjafafélagi Íslands í mars og apríl árið 2019. Alls svöruðu 271 félagsráðgjafi könnunni, svarhlutfall var 56%. Meðal annars var matstækið „The self-report instrument (s-ED)“ notað sem byggir á greiningarviðmiðum fyrir streitu-tengda kulnun/síþreytu (stress-related exhaustion disorder).

Niðurstöður benda til að 85% félagsráðgjafa upplifa mikið álag í starfi og 67% finna til mikillar þreytu í lok vinnudags. Um 40% hópsins er með einkenni kulnunar. Horfa þarf til þátta í vinnuumhverfi félagsráðgjafa til að takmarka álag þeirra í starfi.

Steinunn Hrafnadóttir

Ásta Snorradóttir



## **Nýsköpunarverkefnið um Stuðlagil: Tækifæri fyrir nemendur til starfsþróunar í rannsóknum**

Stuðlagil er nýr áfangastaður ferðamanna sem komist hefur á kortið fyrir tilstilli samfélagsmiðla. Staðurinn dregur nafn sitt af 30 m hárra stuðlabergsmyndun sem stendur vörð um árfarveg Jökulsár á Dal, á landamerkjum jarðanna Grundar annars vegar og Klaustursels hins vegar á Efra-Jökuldal. Stuðlagil varð ekki sýnilegt í þeirri mynd sem nú er fyrir en eftir að Kárahnjúkastífla var tekin í gagnið. Frá árinu 2017 hafa ferðamenn vanið komur sínar á svæðið, í sívaxandi mæli. Svæðið hefur ekki verið búið undir komu alls þess fjölda fólks sem þangað leggur nú leið sína. Landeigendur standa því frammi fyrir margháttuðum áskorunum sem varða t.d. öryggi ferðamanna, stjórnun á umferð þeirra og umgengni, sem og náttúrufar. Sumarið 2019 var gerð rannsókn í samvinnu námsbrautar í land- og ferðamálafræði og Landeigendafélagsins Jökuldalur sf. Markmið rannsóknarverkefnisins var að skapa heildstæða þekkingu um stöðu Stuðlagils sumarið 2019 sem áfangastaðar ferðamanna. Verkefnið hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og voru þrjú nemendur á námsbraut land- og ferðamálafræði ráðnir til að safna gögnum á svæðinu og að vinna úr þeim. Erindi þetta er það fyrsta í málstofu sem fjallar um þetta rannsóknarverkefni. Auk þess sem rannsóknarverkefnið verður kynnt, og línur lagðar fyrir önnur erindi í málstofunni, verður sjónum beint að gildi þátttöku nemenda í rannsóknarverkefnum sem þessu, m.a. út frá sjónarmiðum þeim sem birtast í stefnu Háskóla Íslands 2016-2021.

Edda R. H. Waage

## **Stuðlagil: Tengsl stafræns veruleika og náttúrulegs efnisheims**

Við mótun áfangastaða ferðamanna verða ýmsar breytingar á rýmum samfélags, umhverfis og náttúru. Marga þætti þarf að hafa í huga þegar móta á stefnu um uppbyggingu nýs áfangastaðar. Í þessu erindi verður fjallað um rými áfangastaðarins Stuðlagils með áherslu á hans efnislega form og tilvist á netmiðlum. Leiddar verða í ljós þær áskoranir sem staðurinn stendur frammi fyrir í því samhengi. Umfjöllunin byggir á greiningu á orðræðu og birtingarmyndum Stuðlagils á samfélagsmiðlum. Einnig byggir hún á athugunum á efnislegu ástandi landsins í kringum Stuðlagil sem framkvæmdar voru á vettvangi sumarið 2019. Sýnt er fram á hvernig tilurð Stuðlagils, sem áfangastaðar ferðamanna, megi rekja til samfélagsmiðla. Vaxandi umfjöllun um staðinn á netmiðlum hefur ýtt undir mikla fjölgun á heimsóknum ferðamanna, sem svo aftur hefur leitt til mikilla breytinga á ástandi lands og náttúru: Mikið rof varð á göngustígum og jarðvegi á bökkum Stuðlagils, röskun á varpi heiðargæsar og gróðurskemmdir. Niðurstöður benda til að mikil dreifing efnis með áhrifamikilli myndrænni framsetningu á netmiðlum geti þróast út í breytingar á ástandi lands og náttúru. Því er mikilvægt að vanda til uppbyggingar innviða með hagsmuni náttúru og umhverfis að leiðarljósi.

Benjamin David Hennig

Karítas Ísberg

## **Stuðlagil: Upplifun ferðamanna af áfangastað á fyrstu stigum uppbyggingar**

Mikilvægt er að greina þarfir og upplifun ferðamanna er kemur að uppbyggingu áfangastaða. Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður meginlegrar gagnaöflunar sem fram fór við Stuðlagil sumarið 2019. Markmiðið var að greina stöðu ferðamennsku á svæðinu með því að kanna hversu margir ferðamenn kæmu á svæðið, hvers konar ferðamenn sæktu þangað og hver upplifun þeirra væri við heimsóknina. Greint verður annars vegar frá niðurstöðum talninga á ferðamönnum og hins vegar niðurstöðum spurningakönnunar sem lögð var fyrir ferðamenn. Gagnaöflun fór fram á landi Grundar á Efra-Jökuldal en þar hefur nokkur uppbygging innviða fyrir ferðamennsku átt sér stað. Alls svöruðu 432 manns spurningakönnuninni á þeim tveimur vikum sem verið var á vettvangi. Niðurstöður gáfu til kynna að heilt á litið voru ferðamenn ánægðir með dvöl sína á svæðinu jafnvel þótt upplifun margra hafi verið önnur en væntingar þeirra stóðu til. Margir fundu fyrir óöryggi á göngu niður að útsýnissyllum á gljúfurbarminum, þrátt fyrir að vera á merktum göngustígum. Misvísandi sjónarmið komu fram meðal ferðamanna hvað varðar framtíðaruppbyggingu svæðisins. Áskoranir við uppbyggingu svæðisins eru því margvíslegar og flóknar úrlausnar.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Ragnar Már Jónsson

## **Stuðlagil: Viðhorf og væntingar heimamanna við breyttu landslagi Efra-Jökuldals**

Við uppbyggingu og þróun áfangastaða ferðamanna er mikilvægt að huga að viðhorfum heimamanna og þeim áhrifum sem mótun svæðisins getur haft á þá sem þar búa. Uppgangur ferðamennsku við Stuðlagil á Efra-Jökuldal er kominn til að vera. Þar er aldagömul hefð fyrir sauðfjárrækt. Samfélagið er fámennt og afskekkt sem lengi vel stuðlaði að einangrun íbúanna. Sá mikli straumur ferðamanna sem nú heimsækir dalinn hefur því áhrif á bæði andrúmsloft meðal íbúa dalsins og samfélagið í heild. Viðamiklar landslagsbreytingar hafa þannig verið að eiga sér stað. Hvaða áskorunum standa heimamenn frammi fyrir á Efra-Jökuldal? Hverjar eru væntingar þeirra og viðhorf? Í þessu erindi verður ljósi varpað á hvernig íbúar í nágrenni Stuðlagils sjá fyrir sér framtíð dalsins með tilkomu þessa nýja áfangastaðar. Einnig verða dregin fram sjónarmið aðila sem geta haft áhrif á þróun staðarins á einn eða annan hátt, s.s. fulltrúa sveitarfélagsins og ferðaþjónustunnar. Niðurstöðurnar byggja á ítarlegum viðtölum við hlutaðeigandi. Þær leiða í ljós mikilvægi samvinnu og samstarfs milli allra aðila, sér í lagi heimamanna, til þess að sátt ríki á tímum breytinga og nauðsynlegrar uppbyggingar í dalnum.

Katrín Anna Lund

Sóley Kristinsdóttir

## **Áfangastaðir í krafti ferðamanna?**

Tilurð ferðamennsku við Stuðlagil og mótun svæðisins sem áfangastaðar ferðamanna dregur fram spurningar sem hafa lengi verið miðlæggar í ferðamálafræði um hvernig ferðamennska skapar og mótar staði og hverjir ráða mestu um það ferli.

Í þessu erindi fjöllum við um ólíkar leiðir til að lýsa og leggja merkingu í tilurð og mótun áfangastaða ferðamanna með sérstaka áherslu á það vald sem ferðamenn eru taldir hafa til að skilgreina og þróa aðdráttarafl. Hefðbundnar kenningar ferðamálafræða hafa lýst þróun áfangastaða á vélrænan hátt þar sem uppgötvun ferðamanna á tilteknum stöðum og ferðahegðun þeirra er megindrífkraftur í vexti ferðamennsku. Slíkar hugmyndir má gagnrýna fyrir að gera lítið úr gerendahæfni íbúa og skipulagsaðila ferðamannastaða auk ýmissa ytri krafta sem hvorki ferðamenn né íbúar hafa beint vald yfir. Uppgangur ferðamennsku við Stuðlagil virðist þó styrkja þá sýn að ferðamenn og oft og tíðum tilviljanakennd hegðun þeirra skilgreinir aðdráttarafl staða. Í erindinu færur við hins vegar rök fyrir að þó að ferðamenn hafi umtalsvert vald til að knýja þróun ferðamannastaða sé ekki gagnlegt að hverfa aftur til hefðbundinna kenninga um mótun þeirra. Með því að rekja tilurð Stuðlagils sem áfangastaðar framkallast margþættur vefur ólíkra gerenda sem spanna svið menningar og náttúru og eiga þátt í að móta staðinn.

Gunnar Þór Jóhannesson

Katrín Anna Lund

## **Reynsla kennara af því að styðja við nemendur með námsörðugleika**

Í erindinu verða kynntar niðurstöður spurningalistakönnunar sem send var til grunnskólakennara með það að markmiði að kanna reynslu þeirra af því að veita nemendum með námsörðugleika stuðning. Alls var könnunin send á 1444 starfsmenn grunnskóla og var svarhlutfallið 45%. Niðurstöður sýna að þeir sem unnu í skólum þar sem samkensla er milli árganga voru líklegri til að telja að þeim gengi vel að aðlaga námið að nemendum en þeir sem störfuðu í skólum þar sem ekki var samkensla. Þá kom fram að kennarar upplifa mikið álag í starfi sökum fjölbreyttra þarfa nemenda sem hafði áhrif á líðan þeirra og starfsánægju. Að mati umsjónarkennara og kennara sem starfa á yngsta og miðstigi þyrfti meiri tíma til að kenna og sinna börnum með sérþarfir sem gæti dregið úr starfstengdu álagi. Að mati kennara skortir fleiri fagstéttir innan skólans sem væru til staðar alla daga þeim til stuðnings, að eftirfylgd væri meiri í málum barna í kjölfar greininga og að það væri frekari þjálfun í kennsluaðferðum sem henta börnum með námserfiðleika. Af niðurstöðunum má draga þá ályktun að starfsfólk innan grunnskóla þurfi faglega handleiðslu og ráðgjöf í starfi sem gæti stuðlað að meiri starfsánægju þeirra og jafnframt aukinnar velferðar nemenda.

Ingibjörg Karlsdóttir

## **Upplifun nemenda af stuðningi kennara**

Stefna um skóla án aðgreiningar hefur mætt margvíslegum áskorunum þegar að því kemur að styðja fjölbreyttan hóp nemenda til árangurs í námi, þátttöku og virkni í skólasamfélagi. Niðurstöður rannsókna benda til þess að stuðningur sem kennari veitir og góð tengsl við nemendur hafi áhrif á velferð, námsárangur og félagslegan þroska þeirra. Markmiðið hér er að skoða upplifun nemenda með námsörðugleika í grunnskólum á Íslandi af stuðningi kennara. Gögnin byggja á eigindlegum viðtölum við nemendur í grunnskólum sem höfðu verið greindir með námsörðugleika. Tekin voru sjö hálfstöðluð viðtöl við 14-16 ára nemendur og sex rýnihópaviðtöl við 22 nemendur á aldrinum 10-14 ára. Fyrstu niðurstöður benda til þess að upplifun og reynsla nemenda af stuðningi frá kennurum sé afar misjöfn. Yngir nemendur upplifi jákvæðari stuðning frá kennara en eldri nemendur. Það sem helst komi í veg fyrir góð tengsl og stuðning sé kennsluaðferðir og fjöldi nemenda sem þarfnast aðstoðar.

Mikilvægt er að skoða tengsl nemenda og kennara í eldri bekkjum grunnskóla, skipulag kennslurýmis og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar til þess að hægt sé að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Sigrún Harðardóttir

## **„Það mætti vera meiri samfella“: Reynsla starfsfólks í sérfræðipjónustu**

Skóli án aðgreiningar er opinber skólastefna á Íslandi. Samkvæmt lögum ber því sveitarfélögum að tryggja sérfræðiaðstoð vegna barna sem þarfnast sérstaks stuðnings í skóla. Meðal þeirra sem sinna sérfræðipjónustu eru starfsfólk skólaskrifstofa-/þjónustumiðstöðva en líka starfsfólk heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, barnaverndar og svo starfsfólk sérhæfðari stofnana. Ein forsenda þess að vel takist til með framkvæmd skóla án aðgreiningar er góð samvinna skóla, mismunandi sérfræðinga og svo foreldra barna. Hér verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum lítillar (e. small scale) eiginlegrar rannsóknar sem hefur það markmið að kanna reynslu og viðhorf sérfræðinga af samstarfi við skóla, foreldra og aðrar sérfræðistofnanir. Tekin voru hálfopin viðtöl við sjö aðila sem starfa á mismunandi stofnunum sem greina, veita ráðgjöf og stuðning vegna barna með raskanir á einhverfurófi og önnur skyld frávík/sérþarfir. Viðtölin voru greind með þemagreiningu og stuðst var við vistfræðilega kenningu Bronfenbrenner við greininguna. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að samræming milli hinna ýmsu stofnana sé misgóð enda er þeim stjórnað af mismunandi aðilum. Stofnanirnar eru undirfjármagnaðar sem leiðir til verulegs álags á starfsfólk og langra biðlista. Samvinna við skólana er á heildina litið góð og að mati viðmælenda leggja kennarar sig fram við að mæta þörfum barnanna þrátt fyrir mikið álag í starfi, en þó er þörf á að valdefla kennara og skóla frekar.

Jónína Sæmundsdóttir



## Hvað er það sem „aðrir“ ekki sjá í starfi félagsmiðstöðva?

Hvað er það í starfi félagsmiðstöðva sem er flestum öðrum hulið en þeim sem vinna á vettvangi og hvernig samræmast þeir starfsþættir markmiðum starfseminnar? Í þessari rannsókn, sem byggir á viðtölum við tólf núverandi og fyrrverandi starfsmenn félagsmiðstöðva á aldrinum 20 -75 ára, styðst höfundur við s.k. storytelling method. Höfundur biður viðmælendur að segja sögu úr starfinu sem viðkomandi telur til góðra starfshátta en um starfsþætti sem eru öðrum en innvígðum ósýnilegir. Rannsakandi greinir frásagnir út frá þeim markmiðum sem starfsemi félagsmiðstöðva eru sett samkvæmt starfsskrá Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi og forvarnarstarf. Einnig er stuðst við hugmyndir finnska fræðimannsins Nieminen um félagsmiðstöðvar sem vettvang til þess að efla borgaravitund (e. citizenship) og auka sjálfefli (e. empowerment) þeirra sem sækja starfsemina. Í þessu erindi eru kynntar frumniðurstöður úr rannsókninni. Helstu niðurstöður eru þær að efnistöð sagnanna falla að öllu leyti undir þau markmið sem starfseminni eru sett en með mismunandi hætti. Flestar á sviði sjálfsefningar einstaklinga og á sviði forvarna og fyrirbyggjandi starfs. Þar með er ekki sagt að öðrum markmiðum starfseminnar sé ekki sinnt. Ástæðan er fremur sú að þeir þættir séu að mati þátttakendanna mörgum kunnir s.s. starfsþættir eins og opið starf þ.e. opin hús, fræðslustarf, hópastarf og skemmti- og menningartengd starfsemi.

Árni Guðmundsson

## **Neysla, nýting og nýsköpun**

Í erindinu verður fjallað um nýtt námsefni í textíl- og neytendafræðum undir yfirheitinu Neysla, nýting og nýsköpun. Námsefnið er hugsað fyrir grunnskóla sem og framhaldsskóla með áherslu á sjálfbærni, umhverfisvitund, neytendalæsi, endurnýtingu og nýsköpun. Mikilvægt er að þjálfar hjá ungum neytendum gagnrýnið viðhorf sem styrkir þá til að skoða eigin neyslu og samfélagsins í heild þannig að þeir geti í auknum mæli greint og metið og tekið sjálfstæða afstöðu og ákvörðun þegar kemur að vöruvali. Markmiðið er einnig að auka skilning nemenda á sjálfbærri þróun og hvernig hægt er að lengja líftíma fatnaðar og annarra textílafurða með því að setja þær í nýtt samhengi, breyta eða bæta á einhvern hátt og endurskapa. Samkvæmt hæfniviðmiðum í textílmennt í Aðalnámskrá grunnskóla er tekið fram að í textílnámi sé mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Í textílnámi er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru og því mikilvægt að stuðla að umhverfisvitund nemenda með áherslu á endurnýtingu og sjálfbærni. Eitt af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem gilda á tímabilinu 2016-2030 er að stunda ábyrga neyslu og framleiðslu og að nýta umhverfisvæna tækni þannig að sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð. Kynnt verður markmiðið með námsefninu, innihald þess og uppbygging sem og kennslumöguleikar.

Ásdís Ósk Jóelsdóttir

## MACOS fyrirbærið – Mannfræði sem meginviðfangsefni í menntun

Eitt áhugaverðasta tímabilið í sögu 20. aldar var án efa geimkapphlaup stórveldanna á 6. og 7. áratug aldarinnar. Vegna lakrar frammistöðu Vesturlandanna í því kapphlaupi beindust augu manna að menntakerfinu og meintu andvaraleysi þar. Afleiðingin varð firnamikil umbótabylgja á sviðum helstu fræðigreina skólakerfisins. Í Bandaríkjunum leit hvert viðreisnarverkefnið á fætur öðru dagsins ljós; í heild birtust þau mönnum sem bókstafasúpa: PSSC, MSG, CHEM, BSCS, ESCP, ESS, IPS, NSF, NSS og MACOS. Einkum var tekið mið af tillögum akademískra fræðimanna í stærðfræði, raunvísindum og félagsfræði. Það þótti nýlunda að slíkar raddir hlytu meira vægi við námskrárþróun, en raddir uppeldis- og kennslufræðinga. Að margra mati hafði síðastnefnda verkefnið, *Man, A Course of Study*, sérstöðu af því það snerti nokkur námssvið skólakerfisins og að auki mannfræði með tengingu við þróunarkenningu Darwins. Jafnframt þótti það fela í sér óheppilegar félagspólítískar skírskotanir um stöðu manneskjunnar sem lífveru (dýrs) á jörðinni og ögrun við gildi og hefðbundna menntun vestrænnar menningar. Boðskapurinn þótti upphefja frumbyggjatrúarbrögð og gildi þróunarlanda, en vanvirða um leið kristileg gildi Vesturlanda. MACOS byggði á þremur megin spurningum: Hvað er mannlegt við manneskjuna? Hvernig varð manneskjan þannig? Hvernig má gera hana að enn meiri manneskju? Í erindinu er rýnt í greinar og ritgerðir um MACOS-verkefnið auk viðtala við íslenska skólamenn sem áttu hlut að máli við innleiðinguna hérlendis.

Meyvant Þórólfsson

**„Snýst fyrst og fremst um mannleg samskipti“  
Verkefnastjórinn sem leiðtogi og mikilvægi  
leiðtogaeinkenna verkefnastjóra**

Hvað einkennir árangursrík verkefni að mati stjórnenda? Stjórnun verkefnis er tímabundið ferli sem kemur oftast en ekki þvert inn á deildir fyrirtækja og annarra fagaðila sem þarf að kalla til vegna verkefnisins. Verkefni eru ákveðin út frá stefnu fyrirtækis en fyrirtækið bregst við breytingum á ytra umhverfi til að ná samkeppnisforskoti. Einnig er æskilegt að gera breytingar ef verkefni sýnir ekki fram á þann árangur sem vonast var eftir. Því getur verið brýn þörf á að mæta þekkingu sem er til staðar á markaðinum svo hægt sé að gera enn betur með breytttri afurð en stefna fyrirtækisins þarf um að leið að geta tekið breytingum út frá þörfum viðskiptavinarins. Í rannsókninni var notast við eigindlegar og megindlegar aðferðir til að afla gagna og svara rannsóknarspurningunni. Átta viðtöl voru tekin við yfirverkefnastjóra og mannauðsstjóra hjá sex fyrirtækjum og jafnframt var lögð spurningakönnun fyrir verkefnastjóra þátttökufyrirtækjanna. Í rannsókninni er leitast við að gera því skil hvers konar verkefni ná árangri. Tilgangur rannsóknarinnar var að komast að því hvaða færni og þekkingu árangursríkur verkefnastjóri þarf að búa að og lagt var upp með að styðja rannsóknina með vísan í erlendar rannsóknir. Niðurstöður sýna að mannleg samskipti, skipulagshæfni, leiðtogafærni og tæknileg þekking einkenni verkefni hjá árangursríkum verkefnastjóra.

Eðvald Möller

Eydís Eyland

## **Verkefnastjórinn sem leiðtogi: Mikilvægi leiðtogaeinkenna verkefnastjóra**

Með breyttu umhverfi og fjölgun á starfandi verkefnastjórum er mikilvægt að skoða verkefnastjórnun frá öllum sjónarhornum. Breytt starfsumhverfi verkefnastjóra felur í sér flóknari og meira krefjandi verkefni en áður var. Með þessum breytingum hefur mikilvægi leiðtogahæfni verkefnastjóra aukist ásamt því að forysta er orðin mikilvægur þáttur í starfi þeirra. Til að verkefni séu kláruð á sem farsælastan hátt, með sem jákvæðastri niðurstöðu, er mikilvægt að verkefnastjórinn sé leiðtogi sem hefur hvetjandi áhrif á einstaklingana í kringum sig til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Hér er um leitandi rannsókn að ræða en slíkar rannsóknir falla að eigindlegum rannsóknum. Þær eiga vel við þegar skoðuð eru viðfangsefni sem lítið hafa verið rannsökuð áður og ekki er hægt að nýtast við staðlaðan spurningalista. Leitandi rannsóknir hafa það að markmiði að þróa hugtök eða spurningar fyrir áframhaldandi rannsóknir. Með rannsókninni er leitast við að svara því hvort verkefnastjórar beri með sér leiðtogaeinkenni og hvort það sé mikilvægt í nútímasamfélagi og teymisvinnu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að verkefnastjórar bera með sér leiðtogaeinkenni ásamt því að mikilvægt er að þeir beri slík einkenni í nútímasamfélagi sem og í teymisvinnu.

Birna Dröfn Jónasdóttir

Eðvald Möller

## **Straumínustjórnun fyrir skapandi fyrirtæki?**

Markmiðið með rannsókninni var að kanna viðfangsefni og hindranir sem skapandi fyrirtæki standa frammi fyrir og hvort straumínustjórnun gæti komið að gagni við að leysa hin ýmsu vandamál. Skapandi fyrirtæki eru mjög mismunandi enda er um vilt hugtak að ræða og fyrirtækin eins ólík og þau eru mörg. Þau eiga það þó sameiginlegt að glíma við einhver vandamál í stjórnun og skipulagi og var lagt upp með það markmið að koma auga á vandamálin, greina og leita leiða til úrbóta. Lagt var upp með að rannsaka hvort straumínustjórnun gæti nýst þegar kemur að viðfangsefnum og hindrunum í stjórnun skapandi fyrirtækja. Til að svara rannsóknarspurningunni voru tekin sex viðtöl við stjórnendur og verkefnastjóra skapandi fyrirtækja þar sem byggt var á eiginlegum rannsóknaraðferðum. Helstu niðurstöður gefa vísbendingu um að stjórnun og skipulag skapandi fyrirtækja sé að færast nær aðferðum straumínustjórnunar og að fyrirtæki séu þegar farin að notast við ýmis tól og aðferðir straumínustjórnunar, líkt og staðlað verklag, sýnilega stjórnun og stöðugt endurmat svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt vörpuðu niðurstöður ljósi á þær aðferðir og tól sem geta bætt rekstur skapandi fyrirtækja enn frekar.

Svanþór Laxdal

Eðvald Möller

## **Eru leyndarmál sem segja má frá? – Vernd uppljóstrara í íslenskum rétti**

Uppljóstrarar, eða einstaklingar sem koma upp um ólögmeata eða ámælisverða háttsemi annarra, hafa sennilega aldrei áður notið eins mikillar samfélagslegrar viðurkenningar. Ljóst er að margar af stærstu fréttum síðari tíma hefðu aldrei komið til nema fyrir atbeina uppljóstrara og opinberanir þeirra hafa velt úr sessi áhrifamönnum í bæði stjórnámálum og viðskiptalífi.

Uppljóstrarar sem stigið hafa fram opinberlega hafa hins vegar alla jafna ekki átt miklu persónulegu láni að fagna, enda hefur réttarkerfið yfirleitt ekki farið um þá mjúkum höndum. Í erindinu verður fjallað um hvort uppljóstrarar geti átt sér viðreisnar von samkvæmt núgildandi íslenskum lögum og eins hvaða ályktanir megi draga af nýlegri dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu um vernd uppljóstrara. Þá verður fjallað um aðra þróun til verndar uppljóstrurum á alþjóðavettvangi, m.a. nýlega tilskipun ESB um vernd þeirra sem ljóstra upp um brot á ESB-rétti og hvaða áhrif hún geti haft á Íslandi verði hún tekin upp í EES-samninginn.

Ólafur Jóhannes Einarsson

## **Af steinum og sleggjum og glerhúsum – fáein orð um uppljóstrara frá sjónarhóli refsiréttar og sakamálaréttarfars**

Fjallað verður um efnið út frá refsirétti og sakamálaréttarfari og frá sjónarhóli ákærvaldsins. Leitast verður við að afmarka: hvað er uppljóstrari og hvaða vernd er ástæða til eða rétt að honum sé veitt í samhengi refsiréttar? Hvaða álitaefni eða siðferðis-spurningar vakna helst í því sambandi? Fjallað verður um núgildandi lagaákvæði sem varðað geta efnið og þann ramma sem þau og almennar meginreglur refsiréttar og sakamálaréttarfars setja handhöfum ákærvalds varðandi réttarstöðu uppljóstrara. Að því marki sem tilefni er til verður vikið að fyrirhuguðum lagabreytingum sem hafa að markmiði að lögfesta sérstaka vernd uppljóstrara (frumvarp til laga um vernd uppljóstrara). Gerð verður grein fyrir áðurgildandi ákvæði í lögum um sérstakan saksóknara varðandi vernd uppljóstrara og framkvæmd á grundvelli þess.

Finnur Þór Vilhjálmsson



## **Frumvarp nefndar um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis**

Á undanförunum árum hefur verið viss þróun hér á landi í átt til þess að tryggja vernd uppljóstrara betur en nú er gert í lögum. Þann 16. júní 2010 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 23/138 um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis, en þar var ríkisstjórninni m.a. falið að leita leiða til þess að tryggja vernd heimildarmanna og afhjúpenda. Þann 16. mars 2018 skipaði forsætisráðherra nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis sem skilaði af sér níu frumvörpum, þar á meðal frumvarpi að sérstökum lögum um vernd uppljóstrara. Við samningu frumvarpsins var litið til tilmæla og ráðlegginga alþjóðastofnana og þróunar í nágrannaríkjum Íslands. Frumvarpið hefur verið kynnt almenningi í opnu samráði og er á þingmála-skrá ríkisstjórnarinnar fyrir 150. löggjafarþing. Í erindinu verður fjallað um helstu ákvæði frumvarpsins og þau borin saman við gildandi rétt.

Oddur Þorri Viðarsson

## **Vernd uppljóstrara og atvinnulífið**

Samtök atvinnulífsins telja vandaða viðskiptahætti vera grundvöll heilbrigðs atvinnulífs, að fyrirtækjum beri eins og öðrum að fylgja lögum og reglum, að brot í atvinnurekstri eigi ekki að líðast og að mikilvægt sé að upplýst sé um brot sem alvarleg áhrif geti haft á almannahagsmuni. Í erindinu verður greint frá afstöðu SA til fyrirliggjandi frumvarps um vernd uppljóstrara, þ. á m. hvernig frumvarpið er til þess fallið að ýta undir að starfsmenn fyrirtækja miðli upplýsingum um mikilvæga hagsmuni þeirra án þess að brot í atvinnurekstri liggja fyrir. Það getur skaðað orðspor og viðskiptahagsmuni fyrirtækja með alvarlegum afleiðingum. Uppljóstrarinn yrði hins vegar ábyrgðarlaus af háttsemi sinni. Það er alvarlegt að víkja til hliðar ábyrgð manna af háttsemi sinni og einkum í þeim tilvikum þar sem ásakanir reynast ekki á rökum reistar. Í frumvarpinu er bæði gert ráð fyrir skaðabóta- og refsíábyrgð vinnuveitanda. SA telja að um sé að ræða viðsjárverða tillögu þar sem ómögulegt getur reynst að sanna að brot gegn starfsmannaréttindum megi rekja til uppljóstrunar. Frumvarpið gerir ráð fyrir meira íþyngjandi reglum en tilskipun Evrópusambandsins um sama efni. Það hefur slæm áhrif á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem mörg eru í alþjóðlegri samkeppni. Að mati SA er mikilvægt að ekki verði sett sérlög um vernd uppljóstrara nema í víðtækri sátt og að undangengnu vönduðu samráði líkt og tíðkast hefur í öðrum ríkjum.

Heiðrún Björk Gísladóttir

## **Skýjalausnir og gerfigreind – viðskiptafræðileg skilgreining til greiningar á samkeppnishæfni**

Undirstöður viðskiptafræðilegrar greiningar á endimörkum fyrirtækja er að finna í tveimur meginkenningum. Kenningu um viðskiptakostnað (e. Transaction cost theory) annars vegar og hins vegar kenningu um aðfanga miðaða sýn (e. Resource based view of the firm). Kenningin um viðskiptakostnað skýrir hvaða framleiðslu- og viðskiptaferlar falla innan endimarka fyrirtækja í stað þess að falla utan þeirra og tilheyra markaði. Kenningin um aðfangamiðaða sýn metur getu fyrirtækja til að skipuleggja framleiðslu- og viðskiptaferla fyrirtækis þess til þess að viðhalda eða mynda forskot á þá samkeppni sem önnur fyrirtæki eða markaðir veita. Án þess forskots hefur fyrirtæki engin endimörk, þ.e.a.s. viðskipta- og framleiðsluferlar þess flytjast annað hvort til samkeppnisaðila eða ytri markaðar.

Í þessari grein eru framangreindar kenningar notaðar til að skilgreina kenningaramma (e. Theoretical framework) sem nýtist til að greina áhrif aukinnar sjálfvirkni vegna tækni eins og gerfigreindar og útvistunar framleiðslu- og viðskiptaferla í skýjalausnum. Hröð þróun þessarar nýlegu tækni vekur upp klassískar viðskiptafræðilegar spurningar um hver séu endimörk fyrirtækja í nútíð og hvernig spá megi fyrir um þróun þeirra til framtíðar litið.

Ársæll Valfells

Gísli R. Ragnarsson

## **Viðhorf endurskoðenda til endurskoðunarnefnda**

Höfundar hafa á undanförunum árum stundað rannsóknir á störfum og umfangi endurskoðunarnefnda. Þessi nýja rannsókn snýr að viðhorfum endurskoðenda til endurskoðunarnefnda og störfum þeirra m.t.t. endurskoðunar. Rannsóknin var unnin í samvinnu við félagsmenn innan Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) og með stuðningi frá félaginu. Endurskoðunarnefndir eru einu nefndir fyrirtækja sem eru lögskipaðar og má ætla að löggjafinn telji mikilvægi þeirra því mikið í endurskoðunarferli fyrirtækja. Endurskoðendum er skylt að hafa samskipti við endurskoðunarnefndir við framkvæmd endurskoðunar. Rannsóknin byggir á megindlegri aðferðafræði þar sem gerð var spurningakönnun meðal félagsmanna FLE um viðhorf og samskipti endurskoðenda og endurskoðunarnefnda hjá einingum tengdum almannahagsmunum. Með rannsókninni fékkst heildarsýn endurskoðenda á samskiptum þeirra við endurskoðunarnefndir við framkvæmd endurskoðunar og gerð grein fyrir veikleikum sem og styrkeikum þeirra í samskiptum við nefndirnar og nýta má þá vitneskju inn í skipulagningu endurskoðunarinnar. Nýsköpunargildi verkefnis er nokkurt þar sem rannsóknin er sú fyrsta sinna tegundar hér á landi þar sem löggiltir endurskoðendur eru spurðir út í starf endurskoðunarnefnda. Jafnframt nær rannsóknin til starfsumhverfis nefndanna sem og samskipta við stjórn og endurskoðendur. Nýta má svo niðurstöðurnar við að útfæra nýja verkferla og/eða þróa góða stjórnhætti hjá fyrirtækjum.

Jón Snorri Snorrason

Einar Guðbjartsson

## **Gender difference in financial literacy**

We examine gender difference in financial literacy. Why women appear to be less financial literate than men, may relate to their different biological structure. Such trivial argument would have to be seriously supported although some literature exists on the matter. However, the reason could also be that their social status differs from males. Social role theory has often been used to explain differences between males and females in different situations and literature where this theory is used is rich, both in social science and gender studies. Indeed, most research indicates that women are less financially literate than men, often attributed to social factors. We therefore ask whether gender difference in financial literacy is present in Iceland, the most gender equal country in the world. If financial literacy is based on social norms and issues, gender difference in financial literacy should be less in countries like Iceland where women are highly economically empowered. Using a representative sample from the Icelandic population and controlling for a host of factors we find women to be less financial literate than men despite strong gender equality in Iceland.

Sigurður Guðjónsson

## **Starfsánægja og hvatning**

Ferðapjónusta á Íslandi hefur vaxið fordæmalaust síðustu ár, þegar horft er til komufarþega til landsins. Svona hröð þróun hefur óumflýjanlega ákveðnar áskoranir í för með sér. Ein sú stærsta sem snýr að stjórnendum er að tryggja ánægju og áhuga starfsfólks en það hefur sýnt sig að meiri starfsánægja og áhugi leiðir af sér minni starfsmannaveltu og aukin þjónustugæði. Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna hvaða aðferðir eru notaðar, sem ýta undir ánægju starfsmanna og hvatningu þeirra í starfi, meðal hótela á Íslandi. Einnig verður varpað ljósi á hvaða hlutverk mannauðsdeild hótela spilar í sköpun og innleiðingu slíkra aðferða. Hálfstöðluð viðtöl voru tekin við stjórnendur og starfsmenn í gestamóttöku fjögurra hótela á Íslandi sem öll tilheyra sömu keðjunni. Niðurstöður benda til þess að aðferðum sem snúa að starfsánægju og starfshvatningu og beitingu þeirra sé ábótavant og mikið verk sé óunnið þegar að þessum þáttum kemur. Verkferli, aðferðir eða tæki er varða þessi mál virðast ekki vera stöðluð og því undir hverjum stjórnanda komið að innleiða verklag og aðferðir sem þykir henta hverju sinni. Þetta leiðir til þess að aðferðir eru ólíkar milli hótela. Viðmælendur voru á einu máli þegar kemur að þátttöku og sýnileika mannasuðdeildar, að hún væri fjarlæg, nánast ósýnileg og væri ekki þátttakandi í daglegum rekstri og þeim áskorunum sem glímt væri við.

Paulina Neshybova

Magnús Haukur Ásgeirsson

## **„Gott fyrsta starf“: Erlendir starfsmenn á íslenskum hótélum**

Hreyfanleiki er mótandi afl sem hefur víðtæk áhrif, þar með talið á ferðapjónustu. Ferðapjónustan einkennist af hreyfanlegu starfsfólki sem flytur milli landa til að starfa í greininni. Á Íslandi hefur erlendu starfsfólki í ferðapjónustu fjölgað gríðarlega undanfarin ár og því reiðir atvinnugreinin sig nú á fjölbreyttan hóp starfsfólks. Í erindinu eru kynntar niðurstöður tilviksrannsóknar um upplifun og reynslu erlends starfsfólks á þremur hótélum utan höfuðborgarsvæðisins. Markmið er að varpa ljósi á áskoranir og ávinning sem atvinna í íslenskri ferðapjónustu skapar fyrir erlent starfsfólk. Einnig er sjónum beint að áskorunum og ávinningi sem atvinnurekendur standa frammi fyrir í fjölmenningarlegu starfsumhverfi. Niðurstöður benda til þess að helsti ávinningur starfsfólks felist í samskiptum og lærdómi. Samskipti eiga sér stað við samstarfsfólk og hótलगesti frá mörgum löndum, sem veitir tækifæri til að bæta enskukunnáttu, læra um margvíslega menningarheima og mynda þverþjóðleg tengsl. Þar með er möguleiki á þverþjóðlegum hreyfanleika. Hins vegar eru hótél enskumælandi umhverfi og þar með er ekki öllu starfsfólki veitt tækifæri til að bæta íslenskukunnáttu sína, sem gerir þeim erfiðara fyrir að taka þátt í íslensku samfélagi. Auk þess eru atvinnutækifæri og hreyfanleiki starfsfólks, sem ekki talar íslensku, takmörkuð. Niðurstöður benda til þess að atvinnurekendur og greinin eigi að skapa lærdómsmenningu og gefa starfsfólki tækifæri til að öðlast þekkingu um land og tungumál.

Margrét Wendt

Gunnar Þór Jóhannesson

Unnur Dís Skaptadóttir

## **Frá Madrid til Mánárbakka: Uppbygging ferðapjónustu í dreifðum byggðum – áskoranir varðandi vinnuafli**

Náttúran er helsta aðdráttarafl ferðamanna sem sækja Ísland heim. Uppbygging ferðapjónustunnar hefur því ekki einskorðast við þéttbýlið þar sem innviðir og þjónusta eru til staðar heldur hefur uppbygging hennar verið um land allt. Rannsóknir á vinnuafli í ferðapjónustu hafa leitt í ljós að það getur verið áskorun fyrir atvinnurekendur á dreifbýlum svæðum þar sem vinnumarkaðurinn er smár og lítið er um innviði og þjónustu, að laða að og halda í starfsfólk. Oftar en ekki þurfa ferðapjónustufyrirtæki að reiða sig á erlent starfsfólk til þess að manna stöður í störfum tengdri ferðapjónustu. Má sjá það á tölum Hagstofunnar að hlutfall erlends vinnuafli í ferðapjónustu hefur verið að aukast um land allt og er þessi hópur oft í viðkvæmri stöðu. Í þessu erindi verður fjallað um áskoranir sem geta komið upp hjá erlendu starfsfólki sem ræður sig í vinnu fjarri heima-  
högum og fyrir vinnuveitendur í dreifðum byggðum landsins. Erindið er byggt á gögnum úr rannsókninni „Kjör og aðstæður erlends starfsfólks í ferðapjónustu“. Tekin voru 22 viðtöl við starfsmenn stéttarféлага og erlent starfsfólk í ferðapjónustu á völdum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins, ásamt óformlegum viðtölum við starfsfólk í ferðapjónustu og atvinnurekendur á þessum svæðum. Frumniðurstöður staðfesta að innviðir og þjónusta í dreifðum byggðum geta skipt máli um hvort að starfsfólk vilji vera áfram á svæðinu. Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að ýmsir félagslegir og menningarlegir þættir hafi þar einnig áhrif.

Íris Hrund Halldórsdóttir



## **Skuggavirði óhóflegrar áfengisneyslu**

Neysla áfengis á Íslandi hefur farið vaxandi. Þó rannsóknir hafi bent til þess að hófleg áfengisneysla geti haft jákvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu er ljóst að óhóflegri neyslu áfengis fylgir skaði og getur hann verið verulegur. Samfélagslegur kostnaður vegna óhóflegrar áfengisneyslu hefur víða verið metinn, en greiningarnar taka sjaldnast tillit til þess einkakostnaðar sem neytandinn sjálfur verður fyrir. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á einkakostnaðinn með því að meta svokallað skuggavirði neytandans af óhóflegri áfengisneyslu. Þetta er gert með tekjuuppbótaraðferðinni, þar sem tölfræðilegt samband nytja, tekna og áfengisneyslu er notað til að meta það velferðartap sem neytandinn verður fyrir vegna óhóflegrar áfengisneyslu. Notuð eru gögn úr könnun um heilsu og líðan Íslendinga sem framkvæmd var af Embætti landlæknis árin 2007, 2009 og 2012. Niðurstöður benda til þess að skuggavirði óhóflegrar áfengisneyslu megi mæla í milljónum og jafnvel tugum milljóna króna að meðaltali á mann á ársgrundvelli og virðist það hærra hjá körlum en konum. Upplýsingar um skuggavirði óhóflegrar áfengisneyslu eru mikilvægar við opinbera ákvörðunartöku á úthlutun fjár innan heilbrigðiskerfisins og víðar. Þá eru þessar niðurstöður mikilvægt framlag til rannsókna á samfélagslegum kostnaði vegna óhóflegrar áfengisneyslu, en einkakostnaður neytandans hefur ekki áður verið metinn á þennan hátt.

Anna Guðrún Ragnarsdóttir

## **The Shadow Price of Inadequate Sleep**

How much a person sleeps is affected by many factors and not getting enough sleep can have great consequences for their health, both mental and physical. While modern society is improving lives in many ways, the quantity of sleep seems to be declining and it is impacting people's well-being. The costs associated with insufficient sleep have been estimated in various ways but not the private cost incurred by each individual. Using the compensating income variation (CIV) method we estimate the shadow price of inadequate sleep using individual-level panel data set from the Directorate of Health in Icelandic, a health-and-lifestyle survey carried out in 2007, 2009, 2012, and 2017. To better understand the impact sleep has we looked at males and females separately as well as people of different income levels. Attention is also paid to people who work shifts and people with mental health problems as these factors affect sleep significantly. Preliminary results of our study indicate a substantial welfare loss due to lack of sleep. Furthermore we discuss some possible economical and societal explanations for too little sleep and what policy changes could be considered for a better rested society.

Pórhildur Magnúsdóttir

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

## **Mat á virði hlutfallslegrar efnahagslegrar stöðu**

Markmið rannsóknarinnar er að skoða áhrif efnahagslegrar stöðu á velferð fólks. Rannsóknin felur í sér að meta virði þess að vera vel eða illa stæður fjárhagslega, þegar miðað er við hvar fólk telur sjálf sig vera samanborið við aðrar fjölskyldur á Íslandi. Notast er við gögn úr „Heilsu og líðan Íslendinga“ frá árunum 2007, 2009, 2012 og 2017, sem inniheldur m.a. spurningar um tekjur, menntun, aldur, kyn og hamingju. Þar að auki er fólk beðið að meta sjálf hvort fjölskylda þeirra sé betur, álíka vel eða verr stæð fjárhagslega miðað við aðrar fjölskyldur á Íslandi og því byggir matið ekki á raunverulegri efnahagslegri stöðu fólks heldur upplifaðri. Flestir telja fjölskyldu sína álíka vel stæða og aðrar fjölskyldur. Tekjuuppbótaraðferðin er notuð við matið, þar sem gert er ráð fyrir að velferð eða hamingja einstaklinga ákvarðist af heimilistekjum og upplifaðri fjárhagslegri stöðu og öðrum bakgrunnsbreytum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það að upplifa fjölskyldu sína verr stæða hefur neikvæð áhrif á velferð á meðan það að finnast fjölskylda sín betur stæð hefur jákvæð áhrif. Hins vegar eru áhrif verri efnahagslegrar stöðu umtalsvert meiri á hamingju fólks en betri efnahagsleg staða.

Guðrún Svavarsdóttir

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

## **Virði þess að vera í kjörþyngd og samspil þess við þyngd maka**

Að vera utan kjörþyngdar getur haft margvísleg líkamleg, andleg og félagsleg áhrif. Þótt erfitt sé að verðmeta óáþreifanleg gæði, líkt og að vera í kjörþyngd, er slíkt mat mikilvægt til upplýstrar ákvarðanatöku. Markmið þessarar rannsóknar er að meta virði þess að vera í kjörþyngd. Notuð er svokölluð tekjuuppbótaraðferð til að meta þær viðbótartekjur sem þarf til að bæta einstaklingum upp það velferðartap sem fylgir því að vera ekki í kjörþyngd. Greiningin byggir á gögnum frá Swiss Household Panel sem safnað var á árunum 2004 til 2017 og innihalda upplýsingar um lífskjör og þjóðfélagslegar aðstæður í Sviss. Notuð er tveggja þrepa aðfallsgreining til að meta bæði virði kjörþyngdar fyrir einstaklinginn og hvernig virðið breytist með þyngd maka. Niðurstöðurnar sýna að metin tekjuuppbót hækkar eftir því sem einstaklingar eru lengra frá metnum kjörlíkamsþyngdarstuðli og á þetta bæði við um karla og konur. Jafnframt er varpað ljósi á sterkt samspil milli óska um eigin líkamsþyngd og líkamsþyngd maka og gefa niðurstöður til kynna að metinn kjörlíkamsþyngdarstuðull einstaklings hækkar með hækkandi líkamsþyngdarstuðli maka og öfugt. Ástæður þessa eru óljósar en þar sem félagsleg tengsl hafa áhrif á skoðanir fólks um kjörþyngd gætu makar haft sérstaklega mikil áhrif í því sambandi. Mikilvægt er að varpa skýrara ljósi á virði kjörþyngdar og áhrifaþætti ofþyngdar. Slíkar upplýsingar geta reynst verðmætar við forgangsröðun fjáruþlutana innan heilbrigðiskerfisins.

Kristjana Baldursdóttir

## **Að meta velferð til fjár: Siðfræðileg greining á tekjuuppbótaraðferð**

Hagfræðingar nota ýmsar aðferðir til að meta gæði sem hafa ótvíræð áhrif á velferð fólks en enginn hefðbundinn markaður er fyrir. Tilgátan er að slíkt mat geti leiðrétt hefðbundna hagfræðilega mælikvarða sem taka ekki mið af þeim óáþreifanlegu gæðum sem þó skipta okkur mestu máli. Mörgum finnst hins vegar sitthvað siðferðilega bogið við það að meta þessi gæði til fjár sem aftur hefur vakið upp spurningar um hvort ekki sé ástæða til að greina þessar rannsóknir með aðferðum siðfræði. Í þessu erindi verður svokölluð tekjuuppbótaraðferð útskýrð og algeng siðferðileg viðbrögð við henni rædd, sem oft snúast um að eitthvað sé rangt við að meta gæði eins og heilsu til fjár. Við nánari athugun virðast þessi viðbrögð ekki á rökum reist og því verður sýnt fram á kosti og réttmæti þess að meta óáþreifanlega þætti velferðar til fjár. Í seinni hluta erindisins er bent á hvað þurfi að hafa í huga við hagfræðilegt mat af þessu tagi með hliðsjón af nokkrum frumforsendum siðfræði.

Henry Alexander Henrysson

Guðrún Svavarsdóttir

## **Sköpun íslenskrar þjóðarímyndar: Karlmennska eða kerlingabækur?**

Í erindinu verður farið yfir þjóðfræðasöfnun á Íslandi á 19. öld og hún borin saman við sambærilegar safnanir í Evrópu. Áhrif þjóðfræðaefnis á viðleitni til sköpunar íslenskrar þjóðarímyndar á tímum sjálfstæðisbaráttunnar verður skoðuð og grafist fyrir um rætur þeirrar ímyndar sem varð ofan á og mat lagt á áhrif hennar á viðgang alþýðumenningar. Upphaf þjóðfræðasöfnunar á Íslandi átti sér rætur og fyrirmyndir í evrópski rómantik og þjóðfræðasöfnunum sem fram höfðu farið í Evrópu. Slík söfnunarverkefni voru í langflestum tilfellum viðleitni til að grafa upp alþýðumenningu af ýmsu tagi til að sýna fram á, og jafnvel búa til, þjóðareiningu og þjóðarímynd.

Þegar þjóðfræðasöfnun á Íslandi á 19. öld er borin saman við þá evrópsku má sjá að þessu var á margan hátt öðruvísi farið á Íslandi. Margir virtust telja að Íslendingar hefðu þegar trausta þjóðarímynd sem sótt var í fornbókmenntirnar og var þeirri ímynd haldið stíft fram í orðræðu sjálfstæðisbaráttunnar. Af þeim sökum átti margt í alþýðumenningunni ekki upp á pallborðið sem grundvöllur þjóðareiningar og -ímyndar og var jafnvel afskrifað sem kerlingabækur, fals eða ómenning.

Pétur Húni Björnsson

## **„Vandræðalausn“ eða „vel heppnaður gjörningur“: Viðhorf borgarbúa til húsaflutninga á miðborgarsvæðinu**

Miðborg Reykjavíkur hefur tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina en nú sem aldrei fyrr eru breytingar að eiga sér stað á svæðinu. Nýbyggingar hafa risið inn á milli gamalla húsa, eða ýtt þeim í burtu. Einhver hús hafa verið rifin en önnur, jafnvel friðuð hús, hafa verið flutt frá upprunastað til að búa til pláss fyrir þau nýju. Hús eru óaðskiljanleg borginni og allt svæðið breytist ef ný hús eru byggð eða gömul flutt, með óhjákvæmilegri truflun á kunnugleika staðarins. Hver eru áhrif húsaflutninga á íbúa borgarinnar? Hver er upplifun borgarbúa þegar húsið sem hefur alltaf verið þarna er allt í einu horfið og búið er að koma því fyrir á nýju heimilisfangi?

Til að greina áhrifin sem íbúar upplifa vegna húsaflutninga, og viðhorf þeirra til þeirra, voru tekin viðtöl við nokkra almenna íbúa borgarinnar á gönguferð um miðborgarsvæðið. Í erindinu verður fjallað um hvernig þátttakendur tengja sig við miðborgina og húsin á svæðinu auk áhrifanna sem breytingar á kunnuglegu svæði hefur á þá og staðartengsl þeirra. Þátttakendur eru allir bundnir miðborginni tilfinningaböndum heimamanns og hafa mótað marglaga tengsl við svæðið og húsin sem þar eru að finna.

Snjólaug G. Jóhannesdóttir

## **Rödd fólksins: Danska hetjukvæðastríðið (1847-1848)**

Veturinn 1847-1848 var „hetjukvæðastríðið“ svokallaða háð á síðum danskra dagblaða og tímarita í tilefni af fyrirhugaðri útgáfu hins unga Svend Grundtvig á dönskum þjóðkvæðum (*Danmarks gamle Folkeviser*). Margir helstu andans menn Danmerkur gripu þar til stílvopna og börðust með eða á móti þessari heildarútgáfu allra tilbrigða við dönsk þjóðkvæði, risaverkefni sem lauk ekki fyrr en með útgáfu síðasta bindisins árið 1973.

Helst var deilt um þau áform Grundtvigs að láta prenta orðrétt öll tilbrigði við öll þjóðkvæði fremur en samræmt og lagfært úrval kvæða (eins og venjan hafði verið). Ýmsum þótti þetta furðulegt, fátanlegt eða þaðan af verra, en Grundtvig stóð fótunum fastar á þessu höfuðatriði útgáfunnar. Síðar varð útgáfustefna Grundtvigs að fyrirmynd að allri vísindalegri þjóðkvæðaútgáfu í Evrópu og Bandaríkjunum.

Vopnaskakið í „hetjukvæðastríðinu“ er hins vegar frábær heimild um sambandið á milli hugmynda manna um höfundinn og þess sem féll utan þeirra hugmynda um miðja 19. öld. Ritdeilan er jafnframt einstök heimild um hvernig hlutverk höfundarins, ritstjórans og alþýðunnar/þjóðarinnar mótuðust í núverandi mynd. Í ólíkum framlögum til deilunnar kristallast spurningin um hver hafði umboð til að tala í nafni og með rödd fólksins/ þjóðarinnar á byltingarárinu 1848, þegar lýðfrelsinhreyfingar gripu til vopna víða í Evrópu og einræðið vék fyrir nýju þjóðskipulagi í Danaveldi.

Valdimar Tr. Hafstein



## **Kirkjan á Íslandi og tengsl hennar við veraldleg yfirvöld frá þjóðveldi til vorra daga**

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um það hvernig kirkjan hefur mótað menningu og samfélag á Íslandi gegnum aldirnar. Lykillinn til skilnings á því er hvernig tengsl hennar hafa verið við ríkisvaldið á hverjum tíma. Kirkjan á Íslandi haslar sér völl með því að innlendur höfðingi verður biskup í Skálholti og yfir skólahaldi á biskupssetrunum. Eftir að erkibiskup hefur tengst málefnum kirkju og veraldlegra yfirvalda og staðamálin svokölluð eru komin í algleyming má segja að tengsl kirkju og veraldlegra yfirvalda hafi runnið í sama farveg og annars staðar í Evrópu.

Næsti áfangi í þróun þessara tengsla er bundinn við eflingu konungsvalds á Íslandi, siðaskiptin á 16. öld og einveldi dana-konungs á Íslandi árið 1662. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga, trúfrelsi með stjórnarskrá og aðgreining ríkis og kirkju í kjölfar heimastjórnar á Íslandi árið 1904 markar næsta áfanga. Lokaáfanginn eru svo lög frá alþingi Íslendinga um stjórn, stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar árið 1997. Fjarlægð landsins frá meginstofnunum hinnar alþjóðlegu kirkju og ríkisvalds sköpuðu nokkra sérstöðu á Íslandi en þjóðlegar og pólitískar kröfur höfðu áhrif hér á landi sem víðast annars staðar í Evrópu.

Pétur Pétursson

## Vinnutími og vaktavinna í hópum starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði

Mikil umræða hefur verið hérlandis um lengd vinnutíma og vaktavinnu, nú síðast í tengslum við kjaraviðræður á almennum og opinberum vinnumarkaði. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða hópar ynnu einkum vaktavinnu og skiluðu löngum vinnudegi. Rannsóknin byggir á heilbrigðiskönnum meðal slembiúrtaks 18-75 ára Íslendinga sem svöruðu spurningalista með pósti eða á netinu á árinu 2015. Spurningarnar vörðudu meðal annars vinnutíma og umfang vaktavinnu auk bakgrunns- spurninga. Alls svöruðu 1599 einstaklingar spurningalistanum og voru heimtur tæp 60%. Konur voru síður í fullri vinnu og mun síður í reglubundinni yfirvinnu en karlar. Elstu og yngstu starfsmennirnir voru einnig síður í fullri vinnu og yfirvinnu en starfsmenn á öðrum aldri. Full vinna og yfirvinna var einnig algengari hjá giftum og fráskildum en einhleypum. Þá var yfirvinna algengari í einkageiranum en hjá hinu opinbera. Karlar voru frekar í vaktavinnu að hluta til, en konur frekar í vaktavinnu að fullu. Vaktavinna var algengari hjá yngri starfsmönnum en þeim eldri, hjá einhleypum og hjá grunnskólamenntuðum frekar en framhalds- eða háskólamenntuðum. Vaktavinna var einnig algengari á Reykjavíkursvæðinu en landsbyggðinni. Loks voru starfsmenn sem unnu hjá öðrum frekar í vaktavinnu en þeir sem unnu sjálfstætt. Rannsóknir benda til að óhóflegt vinnuálag tengist meðal annars löngum vinnudegi og vaktavinnu. Þessir starfspættir dreifast með ólíkum hætti meðal einstakra hópa á íslenskum vinnumarkaði. Aðgerðir til að bæta aðbúnað vaktavinnufólks eða stytta vinnutíma hafa því ólíka þýðingu eftir því hvaða starfsmannahópur á í hlut.

Rúnar Vilhjálmsson

## **Er þörf á að endurskoða löggjöf sem mótar samskipti aðila vinnumarkaðarins?**

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 (vinnulöggjöfin), var lögtekin árið 1938. Helsta markmið vinnulöggjafarinnar er að tryggja vinnufrið í landinu. Vinnulöggjöfin skapar ramma fyrir samskipta- og leikreglur á íslenskum vinnumarkaði. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvort vinnulöggjöfin, hafi náð meginmarkmiðum sínum eða hvort þurfi að gera á henni breytingar. Gerð er ítarleg greining á núverandi vinnulöggjöf. Skoðaðar eru sérstaklega þær breytingar sem hafa verið gerðar á vinnulöggjöfinni frá árinu 1938 til dagsins í dag. Enn fremur er gerð greining á fyrirkomulagi kjarasamninga og greindar helstu ástæður verkfalla á almennum og opinberum vinnumarkaði. Kannað er, með hliðsjón af þessari greiningu hvort vinnulöggjöfin gegni hlutverki sínu nægilega vel og hvort nauðsynlegt sé að breyta henni og þá hvernig. Fækka samningseiningum á vinnustöðum og minnka líkur á „höfrungahlaupi“. Skerpa þarf á vinnulagi við gerð viðræðuáætlana. Kröfugerðir og samningsáherslur þurfa að vera skýrari. Veita þarf ríkissáttasemjara heimild til að fresta vinnustöðvun. Samræma þarf lagareglur um verkföll og verkbönn á milli vinnumarkaða. Heimila þarf að fresta boðaðri vinnustöðvun á hinum opinbera vinnumarkaði eftir að hún er hafin. Skerpa þarf reglur varðandi uppsagnir starfsmanna á meðan á vinnudeilu stendur. Kjarasamningar verði afturvirkir. Taka upp sérlög um sáttastörf í vinnudeilum þar sem m.a. verður opnað fyrir leið gerðardóma í langvinnum vinnudeilum.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

## **Health behaviours and academic engagement among adolescents starting high school**

Physical activity (PA) is known to decline in late adolescence, especially as academic commitment increases. The aim of this study was to investigate association of PA with academic engagement and describe the characteristics of health and health behaviours of three groups of different activity level among adolescents. A cross sectional study of 16-year-old adolescents (n=290; 52% girls). The participants were classified in three groups based on their participation in PA; sport-group, intermediate physical activity and sedentary-group. Cardiorespiratory fitness (CRF) was assessed by graded bicycle test and body composition by height and weight for BMI, waist circumference (WC), and 7 skinfolds for body fat percentage (%BF). PA, academic engagement and health behaviours were self-reported. Boys were more active than girls; the division into activity groups being 52/14/34% for the boys and 33/22/46% for the girls respectively for sport/intermediate/sedentary-groups ( $p=0.001$ ). Among girls the intermediate-group spent most time on homework, while girls in the sport-group had the highest average grades and a correlation was found between academic achievement and CRF in girls ( $r=0.262$ ,  $p=0.001$ ). None of these findings applied for the boys. %BF was lowest in the sport-group of both sexes and health behaviours were also more optimal in the sport-group. PA does not seem to interfere with academic engagement, but strengthens positivity towards school and health behaviours.

Pórdís Gísladóttir

Ingibjörg Kjartansdóttir

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Anna Sigríður Ólafsdóttir

## **Job strain, gender and wellbeing at work: A case study of public sector line managers**

The trends of the last few decades in the public sector have posed higher demands on organisational service and management, with regard to efficiency and quality. The aim of the study is to further the understanding of public sector line managers' work-related wellbeing and health in relation to job strain, gender and workplace social support.

An on-line survey was sent to all senior and middle line managers (N=357) in three administrative departments of Iceland's largest municipality. The response rate was 64.7%. Multivariate logistic regression was used to analyse the data.

A minority of respondents experience high job strain. However, for these managers, the risk of experiencing emotional exhaustion is about five-fold, compared to those not experiencing high job strain. Social support is an important buffering against job strain and enhances wellbeing. Female managers are more likely than their male counterparts to report myositis, back or shoulder pain, sleeping difficulty and excessive worrying.

Inga Jóna Jónsdóttir

## **The Buenos Aires punk scene: towards an intersectional utopianism**

This PhD research project, already underway, aims to study the Buenos Aires punk scene at the end of the twentieth century. This cultural phenomenon has not yet been investigated in any depth or detail, hence its importance. The research is conducted from an interdisciplinary approach, through the realm of Cultural Studies. Its theoretical framework draws on post-sub-cultural studies, socio-criticism, intersectionality and utopianism. The main goal is to examine the critical significance, social functions and ethical values of the punk cultural manifestations. Therefore, the Buenos Aires punk scene socio-discursive dynamics are explored from an innovative perspective, through the method of textual and discursive analysis, by using written material, documentaries, music records, fanzines, pamphlets, personal narratives and related documents.

First indications appoint to a clear paradigm shift that becomes evident by the end of the military junta period in 1984. From then on, the punk scene progressively ramifies its discursive legacy into new ideological and political strands. Consequently, I propose to evidence that the Buenos Aires punk culture is a dynamic example of an intersectional utopian impulse, emerging from the anti-oppressive rawness facing the shadow of dictatorship to the materialization of critical discourses shaping alternative social realities nowadays.

Hasan Karakilinc

## Höfundalisti

| Höfundur / Author                        | Staða höfundar / Author's profession | Fræðigrein / Field                                 | Vinnustaður / Institution                     | Netfang / E-mail           |
|--|--------------------------------------|--|---|----------------------------|
| Aðalheiður <i>Alice</i> Eyvör Pálsdóttir | MA/MS nemi / MA, Msc. student        | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | aeb15@hi.is                |
| Andrea Hjálmsdóttir                      | Doktorsnemi / PhD student            | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskólinn á Akureyri / University of Akureyri | andrea@unak.is             |
| Andrew (Andy) Paul Hill                  | Lektor / Assistant Professor         | Lögreglufræði / Policing                           | Háskólinn á Akureyri / University of Akureyri | andyhill@unak.is           |
| Anna Björg Þorvaldsdóttir                | Annað / Other                        |  |   |                            |
| Anna Dóra Sæþórsdóttir                   | Prófessor / Professor                | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | annadora@hi.is             |
| Anna Guðrún Ragnarsdóttir                | Doktorsnemi / PhD student            | Hagfræði / Economics                               | Háskóli Íslands / University of Iceland       | agr4@hi.is                 |
| Anna Heiða Baldursdóttir                 | Doktorsnemi / PhD student            | Annað / Other                                      | Háskóli Íslands / University of Iceland       | ahb9@hi.is                 |
| Anna Lilja Karelsdóttir                  |                                      |  |   |                            |
| Anna Lísá Rúnarsdóttir                   | Annað / Other                        | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | alrunarsdottir@gmail.com   |
| Anna Sigríður Ólafsdóttir                | Prófessor / Professor                |  | Háskóli Íslands / University of Iceland       | annaso@hi.is               |
| Anna Sigrún Ingimarsdóttir               | Doktorsnemi / PhD student            | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | asi3@hi.is                 |
| Anna Wojtyńska                           | Nýdoktor / Post doc                  | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | annawo@hi.is               |
| Ari Klængur Jónsson                      | Doktorsnemi / PhD student            | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Annað / Other                                 | arijonsson@sociology.su.se |

|                            |                                   |  |   |                                       |
|----------------------------|-----------------------------------|--|---|---------------------------------------|
| Arnar Eggert Thoroddsen    | Ph.D. / Phd                       | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | aet@hi.is                             |
| Arndís Bergsdóttir         | Nýdoktor / Post doc               | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | arb24@hi.is                           |
| Arrún Halla Arnórsdóttir   | Aðjúnkt / Adjunct Lecturer        | Annað / Other                                      | Háskólinn á Akureyri / University of Akureyri | arnrunh@unak.is                       |
| Auður Hermannsdóttir       | Aðjúnkt / Adjunct Lecturer        | Viðskiptafræði / Business Administration           | Háskóli Íslands / University of Iceland       | audurhermannsdottir@hi.is             |
| Ágúst Arnórsson            | Verkefnisstjóri / Project manager | Hagfræði / Economics                               | Háskóli Íslands / University of Iceland       | agustar@hi.is                         |
| Ágústa Þorbergsdóttir      | Verkefnisstjóri / Project manager | Hagfræði / Economics                               | Annað / Other                                 | agusta.thorbergsdottir@arnastofnun.is |
| Árni Guðmundsson           | Aðjúnkt / Adjunct Lecturer        | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | arni@hi.is                            |
| Ársæll Valfells            | Lektor / Assistant Professor      | Viðskiptafræði / Business Administration           | Háskóli Íslands / University of Iceland       | av@hi.is                              |
| Árún K. Sigurðardóttir     | Prófessor / Professor             |  | Háskólinn á Akureyri / University of Akureyri | arun@unak.is                          |
| Ásdís Aðalbjörg Arnalds    | Doktorsnemi / PhD student         | Félagsráðgjöf / Social Work                        | Háskóli Íslands / University of Iceland       | aaa1@hi.is                            |
| Ásdís Emilsdóttir Petersen | Aðjúnkt / Adjunct Lecturer        | Viðskiptafræði / Business Administration           | Háskóli Íslands / University of Iceland       | aep@hi.is                             |
| Ásdís Ósk Jóelsdóttir      | Lektor / Assistant Professor      | Annað / Other                                      | Háskóli Íslands / University of Iceland       | aoj@hi.is                             |
| Ásdís Rósa Magnúsdóttir    | Prófessor / Professor             | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | asdisrm@hi.is                         |
| Ásgerður Ragnarsdóttir     | Aðjúnkt / Adjunct Lecturer        | Lögfræði / Law                                     | Háskóli Íslands / University of Iceland       | ar1979@hi.is                          |



|                           |                               |  |   |                      |
|---------------------------|-------------------------------|--|---|----------------------|
| Ásta Dís Óladóttir        | Lektor / Assistant Professor  | Viðskiptafræði / Business Administration           | Háskóli Íslands / University of Iceland       | astadis@hi.is        |
| Ásta Jóhannsdóttir        | Lektor / Assistant Professor  | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | astaj@hi.is          |
| Ásta Snorradóttir         | Lektor / Assistant Professor  | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | astasnorra@hi.is     |
| Benjamin David Hennig     | Prófessor / Professor         | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | ben@hi.is            |
| Berglind Rós Magnúsdóttir | Dósent / Associate Professor  | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskóli Íslands / University of Iceland       | brm@hi.is            |
| Berglind Sigmarsdóttir    | Doktorsnemi / PhD student     | Viðskiptafræði / Business Administration           | Háskóli Íslands / University of Iceland       | berglin@hi.is        |
| Bergljót Borg             | Aðjúnkt / Adjunct Lecturer    | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskólinn á Akureyri / University of Akureyri | bergljotb@unak.is    |
| Birgir Guðmundsson        | Dósent / Associate Professor  | Stjórn málafræði / Political Science               | Háskólinn á Akureyri / University of Akureyri | birgig@unak.is       |
| Birgir Þór Runólfsson     | Dósent / Associate Professor  | Hagfræði / Economics                               | Háskóli Íslands / University of Iceland       | bthru@hi.is          |
| Birna Dröfn Jónasdóttir   | MA/MS nemi / MA, Msc. student | Viðskiptafræði / Business Administration           | Háskóli Íslands / University of Iceland       |                      |
| Brynhildur G. Flóvenz     | Dósent / Associate Professor  | Lögfræði / Law                                     | Háskóli Íslands / University of Iceland       | bryngf@hi.is         |
| Brynhildur Þórarinsdóttir | Dósent / Associate Professor  | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskólinn á Akureyri / University of Akureyri | brynh@unak.is        |
| Brynja Jónbjarnardóttir   | Vísindamaður / Researcher     | Hagfræði / Economics                               | Háskóli Íslands / University of Iceland       | brynjajonb@gmail.com |

|                            |                                   |  |   |                    |
|----------------------------|-----------------------------------|--|---|--------------------|
| Brynjar Þór Þorsteinsson   | Lektor / Assistant Professor      | Félags- og mannvísindi / Social and Human Sciences | Háskólinn á Bifröst / Bifröst University      | brynjar@bifrost.is |
